# Loðnubrestur 2019

Staða, áhrif og afleiðingar í Vestmannaeyjum



Greining unnin fyrir Vestmannaeyjabæ

Höfundur: Hrafn Sævaldsson

**29. janúar 2020**

**Efnisyfirlit**


1 Formáli ..... 6
2 Helstu niðurstöður ..... 7
3 Inngangur ..... 9
4 Um verkefnið ..... 10
4.1 Markmið ..... 10
4.2 Tilgangur ..... 11
4.3 Hagnýtt gildi ..... 11
4.4 Höfundur skýrslunnar ..... 11
5 Viðbrögð haghafa í Eyjum við loðnubresti 2019 ..... 12
5.1 Íbúafundur um loðnuveiðar ..... 13
5.1.1 Fundur með þingmönnum ..... 14
5.2 Verkefnin framundan ..... 14
6 Loðnuveiðar við Ísland ..... 15
6.1 Efnahagsleg áhrif loðnunnar ..... 21
6.2 Rannsóknir og stofnmat ..... 23
6.3 Ferli loðnuveiða ..... 26
6.4 Vetrarvertíðin 2019: mælingar, ráðgjöf og samstarf ..... 27
6.5 Samstarf útgerðar og Hafrannsóknarstofnunar ..... 28
6.6 Handhafar loðnukvótans á Íslandi og vinnslur ..... 29
6.7 Loðnuveiðar annarra þjóða ..... 31
6.8 Horfur í loðnuveiðum ..... 35
6.9 Áhrifaþættir loðnuvertíðar ..... 36
6.10 Ráðstöfun loðnu og loðnuafurðir ..... 36
7 Uppsjávariðnaður í Vestmannaeyjum ..... 37
7.1 Fyrirtæki í uppsjávarveiðum í Eyjum ..... 39
7.1.1 Ísfélag Vestmannaeyja hf. ..... 40
7.1.2 Vinnslustöðin hf. ..... 42
7.1.3 Huginn ehf. ..... 43
7.2 Afkastageta fyrirtækja í Eyjum ..... 44
8 Loðnuvertíðirnar 2017 og 2018 ..... 45
8.1 Loðnuvertíðin 2017 ..... 45
8.2 Loðnuvertíðin 2018 ..... 48
8.3 Loðnuvertíðir 2017 og 2018 - samandregið ..... 52
9 Fiskafli í Vestmannaeyjum 2019 ..... 69
9.1 Afli fyrstu 8 mánaða ársins 2019 í Vestmannaeyjum ..... 69

9.2 Uppsjávarafli 2019. Vestmannaeyjar og Þórshöfn ..... 71
10 Vestmannaeyjar og mikilvægi sjávarútvegs ..... 75
11 Vænt loðnuvertíð 2019 – megin áhrifaþættir ..... 79
11.1 Áhrif af gengi erlendra gjaldmiðla ..... 79
11.2 Áhrif afurðaverðs í erlendri mynt ..... 84
12 Spurningakönnun og viðtöl ..... 87
12.1 Spurningar ..... 88
12.2 Svarendur ..... 88
13 Áhrif loðnubrestsins 2019 - haghafar ..... 90
13.1 Starfsmenn uppsjávarfyrirtækja ..... 90
13.2 Uppsjávarfyrirtækin ..... 94
13.3 Vestmannaeyjabær & Vestmannaeyjahöfn ..... 99
13.3.1 Vestmannaeyjabær ..... 99
13.3.2 Vestmannaeyjahöfn - Hafnarsjóður ..... 107
13.4 Iðnfyrirtæki: málmsmíði og vélsmiðjur ..... 110
13.5 Þjónustufyrirtæki tengd sjávarútvegi ..... 113
13.6 Almenn verslun og þjónusta ..... 117
13.7 Kaupendur og söluaðilar sjávarafurða ..... 119
13.8 Íslenska ríkið ..... 125
13.9 Stéttarfélög og lífeyrissjóðir ..... 126
13.10 Samfélagið í Vestmannaeyjum ..... 127
13.10.1 Þórshöfn ..... 127
13.11 Atvinnumarkaður ..... 128
13.12 Mat annarra aðila – skattaspor ..... 132
13.12.1 Binni í Vinnslustöðinni. 2017 og 2019 ..... 132
13.12.2 Fjarðarbyggð 2019 ..... 133
14 Vertíðin 2020 ..... 134
14.1 Ráðgjöf Hafrannsóknarstofnunar & horfur ..... 134
14.2 Horfur á mörkuðum. Heimsókn japanskra fiskkaupenda til Íslands ..... 137
15 Niðurstöður ..... 141
16 Lokaorð ..... 145
17 Viðaukar ..... 146
17.1 Loðnuafli 1962 – 2016og -verðmæti á mismunandi tímabilum ..... 146
17.2 Ráðstöfun loðnuafla íslenskra skipa 2011 - 2018 ..... 151
17.3 Afli íslenskra fiskiskipa 1896 - 2016 ..... 152

# 1 Formáli

Í lok mars árið 2019 var ljóst að loðnuveiðar á vetrarvertíð yrðu ekki leyfðar á Íslandsmiðum. Loðnubrestur var staðreynd þann veturinn og að öllum líkindum það árið. Forsvarsmenn Vestmannaeyjabæjar gera sér grein fyrir mikilvægi loðnuveiða og -vinnslu fyrir samfélag eins og Vestmannaeyjar. Óskuð því þeir eftir að unnin yrði greining á samfélags- og efnahagslegum áhrifum loðnubrests. Í framhaldinu var leitað til höfundar að vinna greininguna.

Til þess að greina málið og upplýsa það með skýrum hætti þótti höfundi, í samráði við Vestmannaeyjabæ, að mikilvægt væri að fá upp á yfirborðið ýmsar sögulegar upplýsingar til að setja hluti í samhengi og auka skilning á því ferli sem loðnan skapar. Einnig var mikilvægt að fá víðtækt mat á áhrifunum hjá haghöfum málsins, þeim sem tengjast Vestmannaeyjum. Það er fátt nýtt undir sólinni og því mikilvægt að skoða hlutina í sögulegu ljósi. Mikilvægt er að læra af því sem hefur gerst, svo hægt sé að vera betur undirbúin fyrir framtíðina.

Gunnar Dal heimspekingur og skáld komst svo að orði og telur höfundur þau vel eiga við varðandi þessa greiningu:

> *„Það er aldrei hægt að skilja hið einstaka án þess að þekkja þá heild sem það er brot af. Nútímamaðurinn þekkir ekki sjálfan sig, nema hann þekki þá heildarmynd sem hann er brot af, og þessi heildarmynd fæst með því að kanna fortíðina. Þannig verða menn hæfari til að skilja nútímann. Og þeir sem þekkja fortíðina og skilja nútímann eru öðrum hæfari til að skapa framtíðina.“*

# 2 Helstu niðurstöður

- Vænt laun starfsmanna uppsjávarfyrirtækjanna eru metin **905 milljónir króna(mkr.)** Hjá fyrirtækjunum starfa **230 starfsmenn** við veiðar og vinnslu á loðnu. Tímabilið reiknast sem rúm **35 ársverk.** Auk þeirra starfa **20 manns** við störf sem hefur verið úthýst úr fiskvinnslunni og við stoðþjónustu. Samtals **250 starfsmenn**

- Iðnfyrirtækin í Eyjum töldu sig hafa orðið af **250 – 300 mkr.** tekjum vegna loðnuvertíðarinnar 2019. Loðnubresturinn hafði áhrif á **40 – 50 starfsmenn**. **8,5 ársverk** töpuðust.

- Þjónustufyrirtækin töldu sig hafa orðið fyrir **450 mkr.** tekjutapi vegna loðnuvertíðarinnar 2019. **40 starfsmenn** þessara fyrirtækja koma að loðnuvertíð í **12 ársverkum**.

- Fyrirtæki í almennri verslun og þjónustu töldu sig hafa orðið fyrir **15 - 20 mkr.** tekjutapi vegna loðnuvertíðarinnar 2019. Áhrifin hefðu bitnað á **15 starfsmönnum** í **3 ársverkum**.

- Áætlað er að uppsjávarfyrirtækin þrjú hafi orðið af rúmlega **7,6 milljarða króna (ma.kr.)** tekjuskerðingu vegna loðnubrests árið 2019. Þá er einungis horft til veiða- og vinnslu móðurfélags.

- Áætlað er að Vestmannaeyjabær og Vestmannaeyjahöfn hafi samanlagt orðið af **161 mkr.** tekjuskerðingu vegna loðnubrests árið 2019.

- Áætlað er að lífeyrissjóðir hafi orðið af **135 mkr.** tekjum og stéttarfélög hafi orðið af rúmlega **22 mkr.** tekjum vegna loðnubrests árið 2019.

- Áætlað er að væntar söluþóknanir sölufyrirtækja í eigu fyrirtækja í Eyjum hefðu numið **145 mkr.** vegna loðnuvertíðar 2019.

## Samandregið – áhrif loðnubrests árið 2019

- **Loðnubresturinn hafði bein áhrif á samtals 350 starfsmenn í Vestmanaeyjum**
- **Loðnubresturinn er ígildi 60 ársverka í Vestmannaeyjum eða nærri 3% ársverka**
- **Tapaðar launatekjur í Vestmannaeyjum eru a.m.k. 1 milljarður**
- **Uppsjávarfyrirtækin urðu af 7,6 ma.kr. tekjum**
- **Önnur fyrirtæki í Eyjum urðu af rúmlega 900 mkr.**
- **Vestmannaeyjabær varð af rúmlega 160 mkr. í töpuðu útsvari**
- **Stéttarfélög og lífeyrissjóðir urðu af 160 mkr. inngreiðslum**

# 3 Inngangur

Það er mikilvægt að hafa í huga að sá loðnubrestur sem kom fram í mars 2019 þýðir ekki hrun, efnahagshrun, né hrun loðnustofnsins. Loðnubresturinn þýddi að það var ekki hægt að ráðleggja veiðar á árinu 2019 að mati Hafrannsóknarstofnunar. Umræða um mikilvægi loðnu sem veiðistofns og sem fæða fyrir aðra mikilvæga fiskistofna s.s. þorsk og ýsu varð umfangsmeiri í kjölfarinu. Vöxtur og viðgangur loðnustofnsins hefur því ekki einungis áhrif á nokkur fyrirtæki og nokkur sveitarfélög heldur landsmenn alla. Vöxtur og viðgangur loðnustofnsins er Íslandi gríðarlega mikilvægur, ekki einungis í efnahagslegu tilliti, heldur einnig þegar litið er til samfélagslegra áhrifa.

Vestmannaeyjar er sjávarútvegssveitarfélag sem á gríðarlega mikið undir loðnunni, sem og fleiri uppsjávarstofnum. Rétt tæpur þriðjungur loðnukvótans er vistaður á Eyjaskipum og hafa tekjur af loðnunni verið miklar fyrir sveitarfélagið, fyrirtækin, starfsfólk og íbúa alla. Hlutfall atvinnutekna frá sjávarútvegi hefur að jafnaði verið það hæsta á landi öllu. Ferðaþjónusta í Eyjum á veturna hefur átt mjög erfitt uppdráttar sökum samgangna og aðrar atvinnugreinar eru gríðarlega háðar tekjum úr sjávarútvegi. Það skiptir því miklu máli fyrir samfélag og atvinnulíf í Eyjum hvernig gengur í sjávarútveginum.

Í þessari greiningu er varpað ljósi á fjölmarga þætti sem tengjast loðnu. Sögulegt samhengi skiptir miklu máli þegar málin eru skoðuð á heildrænan hátt. Einnig eru hlutir settir í samhengi við nútímann og horft fram á við. Efnistök eru fjölbreytt og ná yfir flesta þætti sem skipta máli við mat á áhrifum og til að auka skilning lesanda á gangverki sem íslenskir loðnuhaghafar standa frammi fyrir.

Umfang skýrslunnar er mun umfangsmeira en áætlað var í upphafi. Mjög margt áhugavert kom upp á yfirborðið við vinnuna sem höfundi fannst mikilvægt að gerð væri góð skil. Það er von höfundar að efni þessarar skýrslu eigi eftir að vera gagnleg í umræðu um loðnu í nánustu framtíð og eigi jafnframt eftir að efla vitund fólks á mikilvægi þessa smáfisks sem er svo mikilvægur fyrir vistkerfið í kringum Ísland og efnahag landsins.

Höfundur vill þakka öllum þeim sem tóku þátt í spurningakönnuninni fyrir þeirra framlag sem og þeim aðilum uppsjávarfyrirtækjanna sem veittu mikilvægar og góðar upplýsingar. Allir þessir aðilar áttu mikinn þátt í því að varpa skýru ljósi á málið.

# 4 Um verkefnið

## 4.1 Markmið

Markmiðin með verkefninu eru fjölmörg:

1. **Afla gagna fyrir Vestmannaeyjabæ og aðra haghafa í Eyjum um loðnuveiðar fyrr og nú – setja hluti í samhengi við samfélagið í Vestmannaeyjum.**
2. **Skilgreina haghafa loðnuveiða og -vinnslu í Vestmannaeyjum.**
3. **Draga saman helstu upplýsingar og gögn varðandi loðnubrestinn 2019 á heildstæðan hátt.**
4. **Meta samfélagsleg áhrif í Vestmannaeyjum af loðnubresti árið 2019. Skilgreining samfélagslegra þátta.**
5. **Lýsa viðbrögðum atvinnulífsins í Eyjum við loðnubresti**
6. **Búa til rekstarlíkan til að meta möguleg áhrif út frá ólíkum forsendum loðnuveiða og -vinnslu**
7. **Tryggja kjörnum fulltrúum og embættismönnum Vestmannaeyjabæjar góð gögn og upplýsingar til að taka þátt í umræðum um orsakir, áhrif, ferli og þátttakendur loðnuveiða og -vinnslu.**
8. **Afla gagna til að lágmarka neikvæð áhrif ef til alvarlegs brest kemur í sjávarútvegvegi í Eyjum í framtíðinni**

## 4.2 Tilgangur

Tilgangur greiningarinnar er að tryggja kjörnum fulltrúum og embættismönnum Vestmannaeyjabæjar góð gögn og upplýsingar til að taka þátt í umræðum um áhrif loðnuveiða og -vinnslu. Tæpur þriðjungur loðnukvótans er vistaður á skip sem skráð eru í Vestmannaeyjabæ. Hlutfallið er það hæsta á landinu, þegar litið er til einstakra sveitarfélaga. Loðna skiptir því gríðarlega miklu máli, bæði efnahags- og samfélagslega fyrir haghafa í Eyjum. Með þessari greiningu vill Vestmannaeyjabær sýna frumvæði í að birta heildstæða mynd af loðnuveiðum og -vinnslu til að gefa haghöfum í Eyjum sem bestar upplýsingar og efla málefnalega umræðu. Aðrir haghafar á Íslandi munu án efa njóta góðs af þessu framtaki Vestmannaeyjabæjar.

## 4.3 Hagnýtt gildi

Hagnýtt gildi verkefnisins felst fyrst og fremst í því að Vestmannaeyjabær getur verið betur undirbúinn til að taka á málefnum tengdum loðnuveiðum og -vinnslu. Stefnt er á að nýta skýrsluna til að benda á mikilvægi loðnu fyrir samfélagið í Eyjum og um leið efla frekari rannsóknir á loðnu til að efla veiðar og vinnslu og reyna að lágmarka neikvæð áhrif ef til annars áfalls kemur í loðnuveiðum.


## 4.4 Höfundur skýrslunnar

Höfundur þessarar skýrslu er Hrafn Sævaldsson. Hann er menntaður skipsstjórnarmaður og stundaði veiðar á loðnu á árunum 1994 – 2002. Hrafn er Bs.c. viðskiptafræðingur frá Háskólanum í Reykjavík og hefur MBA próf frá Háskóla Íslands. Frá árinu 2006 hefur Hrafn að mestu sinnt rannsóknum og ráðgjöf tengt atvinnulífi í Vestmannaeyjum og á Suðurlandi. Sjávarútvegstengdar greiningar og rekstrarverkefni tengd sjávarútvegi hafa verið fyrirferðamest í starfi Hrafns frá árinu 2006.

# 5 Viðbrögð haghafa í Eyjum við loðnubresti 2019

Samfélagið í Vestmannaeyjum er gríðarlega háð veiðum og vinnslu á loðnu. Hagkerfi Vestmannaeyja á mikið undir þessum litla fiski sem hefur haft mikil áhrif. Ársafkoma margra í Eyjum er beintengd loðnunni.

Í upphafi árs 2019 fundu starfsmenn Þekkingarseturs Vestmannaeyja vel þann áhuga sem var í samfélaginu í Eyjum fyrir komandi loðnuvertíð. Til þess að mæta þeim áhuga var ákveðið að bjóða upp á sérstakt erindi um loðnu þann 22. janúar 2019. Þorsteinn Sigurðsson, sviðsstjóri uppsjávarlífríkis hjá Hafrannsóknarstofnun hélt erindið sem bar yfirskriftina „Hvað er að frétta af loðnunni?“. Erindið er aðgengilegt á heimasíðu Þekkingarsetursins[1]. Erindið var gríðarlega vel sótt, en um 60 manns mættu, fyrst og fremst aðilar tengdir sjávarútvegi í Eyjum og uppsjávarsjómenn. Endurspeglaði þessi þátttaka þann mikla áhuga sem var á málefninu. Þorsteinn fór yfir stöðuna og hvað væri framundan. Hann svaraði einnig spurningum gesta erindisins.




**Mynd. Þorsteinn Sigurðsson, Hafrannsóknarstofnun**



**Mynd. Fundargestir á loðnufundi. 22. janúar 2019**

[1] http://www.setur.is/hvad-er-ad-fretta-af-lodnunni/

Í byrjun mars 2019 voru aðilar í Vestmannaeyjum farnir að velta fyrir sér áhrifum og afleiðingum ef til loðnubrests kæmi á vetrarvertíðinni 2019. Útlitið var ekki gott, niðurstöður úr leiðöngrum höfðu ekki gefið tilefni til bjartsýni um veiðar á loðnu á vetrarvertíðinni 2019. Menn vonuðu það besta en voru viðbúnir því versta. Útgerðir loðnuskipa á Íslandi voru með virkan vettvang þar sem málefni loðnunnar voru rædd.

Í byrjun mars voru aðilar frá loðnuútgerðunum, Vestmannaeyjabæ og Þekkingarsetrinu farnir að ræða möguleg viðbrögð við loðnubresti. Hafin var undirbúningur að sérstökum fundi um málið til að ræða möguleg viðbrögð.

## 5.1 Íbúafundur um loðnuveiðar

Eftir að ljóst var að loðnubrestur væri staðreynd var ákveðið að halda opinn íbúafund um málefnið. Fundurinn var haldinn af Þekkingarsetri Vestmannaeyja, Vestmannaeyjabæ, SASS, og Útvegsbændafélagi Vestmannaeyja. Fundurinn bar yfirskriftina „Loðnubrestur – áhrif, afleiðingar og aðgerðir“ og fór hann fram þann 26. mars 2019. Framsögumenn á fundinum voru: Hrafn Sævaldsson, nýsköpunar- og þróunarstjóri Þekkingarseturs Vestmannaeyja; Íris Róbertsdóttir, bæjarstjóri í Vestmannaeyjum og Sindri Viðarsson, formaður Útvegsbændafélags Vestmannaeyja.

Á fundinum kom m.a. fram í máli Írisar að áætlað er að sjávarútvegsfyrirtækin í Eyjum yrðu af um 6 milljarða tekjum vegna loðnubrestsins árið 2019. Vestmannaeyjabær yrði fyrir 140 mkr. beinu tekjutapi. 100 mkr. vegna tapaðra útsvarstekna og 40 mkr. vegna Vestmannaeyjahafnar. Áætlað var að tapið myndi nema 4,2% af útsvarstekjum 2018 og 8,3% af tekjum hafnarinnar árið 2018. Talið var að loðnubresturinn myndi hafa bein áhrif á um 200 starfsmenn í landvinnslu og 85 sjómenn. 280 heimili myndu finna beint fyrir afleiðingum loðnubrestsins eða 16% allra heimila í Vestmannaeyjum, sem eru 1756 talsins. Áætlað var að tekjutap heimila í Eyjum yrði 620 mkr. Þar af væri laun sjómanna 520 mkr. og laun landverkafólks 100 mkr.

Íris Róbertsdóttir, bæjarstjóri í Vestmannaeyjum tilkynnti á fundinum að bærinn myndi láta vinna greiningu á stöðunni og láta jafnframt meta samfélagsáhrif sem loðnubresturinn árið 2019 myndi hafa á samfélagið í Eyjum í heild sinni.

### 5.1.1 Fundur með þingmönnum

Þingmenn Suðurlands voru sérstaklega hvattir til að mæta á íbúafundinn. Fjórir þingmenn komu til Eyja til að taka þátt í fundinum þeir: Ásmundur Friðriksson, Karl Gauti Hjaltason, Páll Magnússon og Vilhjálmur Árnason. Fyrir íbúafundinn funduðu þessir þingmenn með forsvarsmönnum uppsjávarfyrirtækjanna, bæjarstjóranum í Vestmannaeyjum og skýrsluhöfundi um loðnubrestinn og hvernig væri hægt að bregðast við ástandinu. Allir voru sammála um að auka þyrfti rannsóknir til að afla frekari upplýsinga um þennan mikilvæga fiskistofn. Heilsársvöktun á loðnu væri mjög mikilvæg. Á fundinum kom skýrt fram að staða þekkingar á loðnustofninum þarf að vera betri og nauðsynlegt er að setja aukna fjármuni til rannsókna. Loðnurannsóknir eru mjög dýrar en að sama skapi gefur loðnan vel af sér fjárhagslega og er gríðarlega mikilvæg fæðutegund annarra mikilvægra fiskistofna. Það þarf stór og öflug skip ásamt sérhæfðu starfsfólki til að ná árangri í rannsóknum. Fjárfesting í þekkingu á loðnunni er góð og nauðsynleg fjárfesting. Hafa verður í huga að ef rannsóknir eru ekki nægilegar þá eykst óvissan sem aftur getur kallað á varfærið mat eða jafnvel rangar ákvarðanir. Því skiptir það þjóðina alla gríðarlegu máli að auknir fjármunir verði settir í loðnurannsóknir og vöktun.

## 5.2 Verkefnin framundan


Þegar ljóst var orðið að ekkert yrði að loðnuveiðum árið 2019 fóru útgerðir og fiskvinnslur að skipuleggja starfið út frá breyttum forsendum. Hjól atvinnulífsins snérust áfram í Eyjum, en annar taktur var í samfélaginu. Í stað loðnuveiða héldu einhver uppsjávarskipanna á kolmunnaveiðar. Veiðar sem annars hefðu verið farið fram síðar á árinu. Því var einungis um tilfærslu innan árs að ræða, ekki nýjar tekjur. Þetta var veruleikinn fyrir: útgerðir, vinnslur, sjómenn og landverkafólk.

Fyrir nokkrum árum, yfir háveturinn, voru veiðar á gulldeplu stundaðar nærri Vestmannaeyjum. Uppsjávarskipin í Eyjum tóku þátt í þeim veiðum. Útgerðum uppsjávarskipa þótti ekki fýsilegt að hefja þær veiðar veturinn 2019, sem mótvægi við loðnubrestinn. Árið 2009 náðu þær veiðar hámarki þegar 46 þús. tonn voru veidd.

Fyrirtæki sem höfðu úr bolfiskveiðiheimildum að ráða gátu að einhverju leyti breytt mynstri í veiðum og vinnslu til að vega að einhverju leyti upp vinnutap starfsmanna.

# 6 Loðnuveiðar við Ísland

Loðnuveiðar hófust við Ísland árið 1962. Fyrstu 3 árin var afli einungis nokkur þúsund tonn en árið 1965 fóru veiðar að skipta tugum þúsunda tonna og fóru svo í kjölfarið stigvaxandi. Síldveiðar voru í hámarki árin 1965 og 1966[2]. Næstu tvö ár á eftir minnkaði aflinn stórkostlega og endaði með hruni árið 1969. Upp frá síldarhruninu hófust stórfelldar loðnuveiðar enda mörg skip verkefnalítil. Þetta kemur greinilega fram á myndinni hér að neðan.




**Mynd. Heimild: Hagstofa Íslands**

Árið 1976 hófust loðnuveiðar á öðrum árstímum en á veturna. Fyrsta sumarvertíðin og fyrsta haustvertíðin fóru fram þetta ár. Árið 1976 markaði því ákveðið upphaf sem tryggði uppsjávarskipum aukin verkefni. En á fyrri hluta áttunda áratugarins fólust aðalverkefni uppsjávarskipa fyrst og fremst í veiðum á loðnu á vetrarvertíð. Fiskveiðiárið 1996/1997 var loðnuaflinn mestur við Ísland eða 1571 þús. tonn[3] , þ.e. á vetrar-, sumar- og haustvertíðum. Sama fiskveiðiár var 75% alls landaðs afla í Vestmannaeyjum, loðna[4]. Árið 1997 er stærsta einstaka árið, en þá var aflinn 1319 þús. tonn. Árin þar á eftir, fram til

[2]https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Atvinnuvegir/Atvinnuvegir__sjavarutvegur__aflatolur__fiskveidisvaedi/SJA09005.px/table/tableViewLayout1/?rxid=d286ee04-0f94-4c76-8eae-4ee03cefd9b8

[3] https://rafhladan.is/bitstream/handle/10802/10500/fjolrit-067.pdf?sequence=12

[4] http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageId=4909232

ársins 2002, voru gríðarlega hagfelld í loðnuveiðum og var ársaflinn rétt undir milljón tonnum á ári. Árið 2003 fór að draga mikið úr loðnuveiðum. Stærsta vetrarvertíðnin var árið 2002, en þá veiddust 955 þús. tonn og stærsta sumarvertíðin var árið 1985, þegar 920 þús. tonn veiddust.


Frá upphafi veiða og fram til ársins 2019 hafa verið stundaðar samfelldar loðnuveiðar ár hvert, þegar litið er til almanaksársins. Fiskveiðiárið 1982/1983 var algjört veiðibann á loðnu. Árið 1982 varð alvarlegur loðnubrestur þó svo veiðar hafi ekki stöðvast, en þá voru veidd 13 þús. tonn á vetrarvertíð af 15 þús. tonna veiðiheimildum[5]. Sterkar vísbendingar[6] höfðu komið fram árin á undan um að loðnustofninn ætti verulega undir högg að sækja. Veiði var umfram ráðgjöf sem hjálpaði ekki til við að tryggja nægilega hrygningu. Viðmiðunarmörkin voru þau að það þyrfti að skilja eftir 400 þús. tonn af hrygningarloðnu til að tryggja vöxt og viðgang loðnustofnsins. Veiðar voru stöðvaðar í kjölfar vetrarvertíðar árið 1982 og hófust veiðar ekki á nýjan leik fyrr en í nóvember árið 1983.

Árið 2009 varð síðan annar alvarlegur loðnubrestur, en þá veiddust einungis 15 þús. tonn. Sá kvóti var gefinn út á forsendum rannsóknarhagsmuna af sjávarútvegsráðherra, þrátt fyrir að Hafrannsóknarstofnun hefði ekki mælt með veiðum. Sjávarútvegsráðherra fylgdi þar ekki ráðgjöf fiskifræðinga sem töldu að ekki væri skynsamlegt að veiða úr stofninum. Upp úr aldamótum fór afli að minnka mjög mikið og er meðalafli síðustu ára einungis brot af þeirri veiði sem var á tíunda áratug síðustu aldar.

Um langt skeið hefur loðnan (Mallotus villosus) verið uppstaða uppsjávarafla Íslendinga. Á næstu mynd sést greinilega, í sögulegu ljósi, hversu stóran þátt loðnan hefur spilað í magni. Sérstaklega var magnið mikið á árunum í kringum aldamótin og árunum þar á undan. Myndin sýnir veiði á uppsjávarstofnum við Ísland á árabilinu 1993-2017


[5]https://www.hafogvatn.is/is/midlun/utgafa/hafrannsoknir/skyrsla-um-starfsemi-hafrannsoknastofnunarinnar-1982

[6]https://www.hafogvatn.is/is/midlun/utgafa/hafrannsoknir/skyrsla-um-astand-nytjastofna-a-islandsmidum-og-aflahorfur-1981




**Mynd. Veiði á uppsjávarstofnum við Ísland á árabilinu 1993-2017. Heimild: Hafrannsóknarstofnun**


Uppstaða loðnuaflans er oftast veiddur á vetrarvertíð sem stendur vanalegast yfir frá janúar - mars. Frá aldamótum hefur uppistaða ársaflans verið veiddur á vetrarvertíð eins og sést á myndinni hér að neðan sem sýnir loðnuafla eftir fiskveiðitímabilum við Ísland á áratímabilinu 1980-2018. Mikill loðnuafli barst á land 1996-1997 og svo aftur á árunum 2000 -2002.




**Mynd. Loðnuafli eftir fiskveiðitímabilum við Ísland 1980 – 2018. Heimild: Hafrannsóknarstofnun**

Loðnan er ekki langlífur fiskur. Veiðistofninn er byggður upp á tveimur árgöngum, annars vegar þriggja ára loðnu og hins vegar fjögurra ára. Þriggja ára loðnan er að langstærstu leiti (85% - 90%) sá fiskur sem veiddur er og heldur veiðistofninum uppi, þ.e. sá fiskur sem hrygnir. Eftir hrygningu við lok vetrarvertíðar drepst mest af loðnunni. Stofninn er því mjög viðkvæmur fyrir hverskyns breytingum, ekki síst umhverfisbreytingum eins og komið hefur fram á s.l. 20 árum. Loðnan heldur sig að mestu í köldum sjó. Þegar hún heldur til hrygningar gengur loðnan í hlýrri sjó. Loðnan heldur sig að mestu í sjó sem er á 1 og 3°C.

Göngumynstur loðnunnar hefur breyst nokkuð á síðustu árum. Af myndunum þremur hér að neðan, þá sýnir myndin lengst til vinstri göngumynstur loðnunnar fyrir aldamót, miðjumyndin frá aldamótum og myndin lengst til hægri sýnir göngumynstur frá árinu 2016. Göngumynstur loðnunnar hefur breyst nokkuð á undangengnum árum, hún heldur sig norðar og í kaldari sjó.




**Mynd. Göngumynstur loðnu. Heimild. Hafrannsóknarstofnun**

Þorsteinn Sigurðsson f.v. sviðsstjóri uppsjávarlífríkis Hafrannsóknarstofnunar sem lét af störfum hjá Hafrannsóknarstofnun í lok nóvember 2019 (hér eftir nefndur Þorsteinn Sigurðsson hjá Hafró) var í viðtali á sjónvarpsstöðinni Hringbraut[7] í mars 2019 þar sem hann talaði um loðnubrestinn. Í viðtalinu talaði hann um breytingar á hitastigi sjávar við Ísland. Hann sagði að hitastigið hafi hækkað og sé það ein stærsta breytan í breyttri hegðun loðnustofnsins og hafi haft mest áhrif á stofnstærð hans. En stofninn hefur farið

[7] https://hringbraut.frettabladid.is/heilsa/stofninn-minni-en-vid-hofum-adur-sed

minnkandi frá fyrstu árunum eftir aldamót. Hann telur að loftlagsbreytingar og náttúrlegar hitasveiflur hafi bæði áhrif. Mjög margir þættir spila inn í vöxt og viðgang loðnustofnsins að hans mati. Jafnframt hefur hann sagt að það sé kaldur sjór sunnan við landið sem hafi safnast upp og hann muni flytja sig eitthvað, óvíst hvert. Það geti haft áhrif á að sjór muni kólna við Ísland.

Að jafnaði gerir Hafrannsóknarstofnun 3 mælingar á hverjum loðnuárgangi. Fyrst haustmælingu á ókynþroska eins árs loðnu. Árið eftir er síðan gerð haustmæling á 2ja ára loðnu og að lokum vetrarmæling í janúar og febrúar á 3ja ára kynþroska loðnu.

Þorsteinn Sigurðsson hjá Hafró segir að erfitt sé að spá fyrir um loðnuveiðar langt fram í tímann. Rannsóknir á hverjum árgangi hefjast ekki fyrr en fiskurinn er orðinn um 18 mánaða gamall eða 15-16 mánuðum áður en fiskurinn kemur til hrygningar. Þegar fiskur er orðinn 18 mánaða gamall berast fyrstu vísbendingar um stærð loðnuárgangsins.

Mælingar á yngri loðnu, þ.e. loðnu á fyrsta ári, hafa ekki farið fram frá árinu 2003 þegar síðast var farið í svokallaðan seiðaleiðangur. Seiðaleiðangurinn var aflagður í sparnaðarskyni en sá leiðangur var farinn árlega á árabilinu 1976 – 2003 til að meta magn seiða nytjastofna Íslands[8].

Hafrannsóknarstofnunin sinnir stofnmati og veitir stjórnvöldum ráðgjöf varðandi aflareglu og afla. Stofnun fylgist með vexti og viðgangi loðnunnar: kynþroska, vexti, ungviði og nýliðun. Loðna er í lykilhlutverki í sjávarvistkerfinu í kringum Ísland. Hún flytur orku til íslandsmiða og er mikilvæg sem fæða fyrir fugla, spendýr og fiska. Loðnan er mikilvægasta fæðutegund þorskstofnsins við Ísland, sem og grálúðu, ufsa og fleiri fisktegunda.


Uppsjávarveiðar hafa í gegnum tíðina verið gríðarlega sveiflukenndar. Það er fátt nýtt undir sólinni. Aflabrestir hafa hafa orðið í fjölmörgum stofnum. Loðnan er þar engin undantekning. Þegar rýnt er í heimsafla[9] á loðnu í sögulegu ljósi og hann borin saman við veiði íslendinga[10] koma fram miklar sveiflur. Hátindi náði heimsaflinn árið 1977 þegar

[8] https://www.althingi.is/altext/pdf/149/s/2073.pdf

[9] http://www.fao.org/fishery/species/2126/en


[10]http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Sogulegar/Sogulegar__sogul_sjavarutvegur/SOG16001.px/?rxid=b90f5f09-301d-41e2-b44c-4933ecbae46d

aflinn var 4 milljónir tonna. Heildartímabilinu er skipt á tvö tímabil til að auðvelda aflestur, annarsvegar tímabilið 1950 – 1989 og svo 1990 - 2016.




**Mynd. Heimild: FAO og Hagstofa Íslands**

Eins og greinilega kemur fram þá minnkar aflinn á Íslandi upp úr árinu 2002 og hefur upp frá því haldist frekar lágur.




**Mynd. Heimild: FAO og Hagstofa Íslands**

Hlutdeild íslenskra skipa í heimsaflanum er einnig gríðarlega sveiflukennd. Allt frá 96% niður í 1%.




**Mynd. Heimild: FAO og Hagstofa Íslands**


Í viðauka aftast í skýrslunni eru ítarlegri tölugögn um loðnu: veiðar, verð og ráðstöfun, auk sögulegra gagna um annan sjávarafla.

## 6.1 Efnahagsleg áhrif loðnunnar

Loðnan hefur verið íslensku þjóðinni gríðarlega mikilvæg í efnahagslegu tilliti. Allt frá árinu 2012 hafi útflutningsverðmæti loðnu verið það næstmesta á eftir þorskinum, að undanskildu árinu 2014 þegar makrílafurðir sköpuðu annað mesta útflutningsverðmætið á eftir þorskafurðum. Að meðaltali hafi útflutningsverðmæti loðnu á tímabilinu 2012-2018 verið 23,2 milljarðar króna á ári sem gerir um 9,4% af heildarútflutningsverðmæti sjávarafurða á tímabilinu[11].


Vöxtur og viðgangur loðnustofnsins hefur því gríðarlega mikil áhrif á útflutningstekjur íslensku þjóðarinnar. Sem dæmi, eins og fram kemur á myndunum á næstu blaðsíðu, þá var útflutningsverðmæti loðnuafurða 33,8 ma.kr. árið 2013 eða nærri 3,22% alls útflutnings. Athugið að verðmætin eru á verðlagi hvers árs.

[11] https://umraedan.landsbankinn.is/Uploads/Documents/Hagsja/2019-02-21-lodnuveidar-2018.pdf





**Mynd. Heimild: Hagstofa Íslands**

Árið 2013 var hlutfall loðnuafurða 1,72% af vergri þjóðarframleiðslu. Árin á eftir sveiflaðist vægið nokkuð.




**Mynd. Heimild: Hagstofa Íslands**

Vægi sjávarútvegs í útflutningi á vörum og þjónustu lækkaði jafnt og þétt á árunum eftir 2013 en hækkaði á ný árið 2018 þegar vægi sjávarútvegsins stóð í 18,1%.




**Mynd. Heimild: Hagstofa Íslands**

Efnahagsleg áhrif loðnunnar eru mun víðtækari en sýnt er framá hér á undan. Þessu til viðbótar koma afleiður loðnunnar s.s. störf í sjávarútvegi og afleidd verðmætasköpun s.s. í iðnaði og ýmsum þjónustugreinum. Ef til vill það mikilvægasta er að loðna er gríðarlega mikilvæg flestum stærstu og verðmætustu fiskistofnum Íslands s.s. þorski, ýsu, ufsa o.fl. tegunda. Afleidd efnahagsleg áhrif þeirra eru gríðarleg ef afturkippur kemur í þessa stofna sökum skorts á fæðu s.s. loðnu.

## 6.2 Rannsóknir og stofnmat

Frá árinu 1983 - 2015 var í gildi aflaregla fyrir loðnu sem gerði ráð fyrir að skilja eftir 400 þúsund tonn af loðnu til hrygningar. Á árinu 2009[12] fór aflareglan í skoðun hjá Alþjóðahafrannsóknaráðinu (ICES). Var hún ekki talin standast varúðarsjónarmið þar sem ekki var tekið tillit til óvissu í mælingum á stofninum. Einnig voru náttúruleg afföll (afrán) í framreikningum talin of lág. Hófst þá vinna við að skoða mögulegar nýjar leiðir varðandi

[12] https://www.hafogvatn.is/is/moya/news/hoskuldur-bjornsson-flytur-erindi-a-malstofu-1

nýtingu loðnustofnsins sem stæðust varúðarsjónarmið. Í þeirri vinnu var m.a. tekið mið af þeim athugasemdum sem komu fram í rýnivinnu ICES árið 2009. Í janúar 2015 fór ICES yfir tillögu að nýrri aflareglu og mat hana í samræmi við varúðarsjónarmið. Íslendingar, Grænlendingar og Norðmenn tóku nýju aflaregluna í notkun árið 2015.

Alþjóða hafrannsóknarráðið (ICES) hefur staðfest reiknireglu sem notuð er til að ákvarða magn loðnukvótans við Ísland. Ráðið telur að ákvörðunin standist sjálfbærnimarkmið og varúðarsjónarmið.

Ráðgjöf um aflamark byggist á því að 95% líkur séu á að hrygningarstofninn í mars verði yfir 150 þús. tonnum. Tekur aflareglan tillit til óvissumats útreikninganna, vaxtar og náttúrulegrar dánartölu loðnu, auk afrán þorsks, ýsu og ufsa á loðnu. Afrán hvala[13] er ekki tekið með í líkönum sem Hafrannsóknarstofnun beitir á stofnstærð. Mælingin sem gerð var veturinn 2019 kom mönnum ekki endilega mjög á óvart. Lítið hafði mælst af ungloðnu sem bera hefði átt veiðistofninn uppi. Framleiðsla á seiðum hafði ekki verið nægileg.

Í nýrri aflareglu frá 2015 er tekið tillit til afráns þorsks, ýsu og ufsa á loðnu frá því að stofnmælingu á loðnu lýkur og fram að hrygningu. Beitt er svokölluðu afránslíkani sem nýtir gögn um áætlaða stofnstærð og dreifingu framangreindra botnfiska, fæðu þeirra og meltingarhraða. Á tímabilinu 15. janúar til 15. mars 2018 gaf þetta líkan um 220 þús. tonna afrán þessara tegunda á loðnu þar af var þorskur með 150 þús. tonn, sem leiddi til að ráðlagt aflamark var lægra en sem nam áætlaðu afráni.[14]

Höskuldur Björnsson, verkfræðingur hjá Hafrannsóknarstofnun, á sviði Uppsjávarlífríkis, hélt áhugavert erindi sem ber heitið *Aflaregla fyrir loðnu.* Erindið var haldið þann 7. júlí 2019 og er aðgengilegt á internetinu[15]. Þar geta áhugasamir aðilar um aflaregluna fengið ýtarlegri upplýsingar um málefnið.


Mikil óvissa ríkir jafnan með loðnuveiðar. Eins og sést á myndinni á næstu blaðsíðu þá er jafnan mikið bil frá upphafs- og lokatillögu Hafrannsóknarstofnunar. Á síðastaliðnum

[13] http://www.hringbraut.is/frettir/stofninn-minni-en-vid-hofum-adur-sed

[14] https://www.althingi.is/altext/pdf/149/s/2073.pdf - bls. 20

[15] https://www.youtube.com/watch?v=n6MoDrcOmcY&list=PLbcZk5IuOwjk6eYw0_zo6dAyhI9xZ4Khw&index=12&t=264s

9 fiskveiðiárum hefur upphafstillagan einungis einu sinni gegnið eftir. Það var vertíðina 2019.




**Mynd. Heimild: Hafrannsóknarstofnun**

Þorsteinn Sigurðsson hjá Hafró hélt mjög áhugavert erindi[16] í Þekkingarsetri Vestmannaeyja þann 22.janúar 2019, eins og fyrr hefur verið getið. Á einni glærunni fjallar hann um helstu gloppur í þekkingu á loðnu. Um mjög veigamikla þætti er að ræða sem lýsa alvarleika málsins og þeirrar óvissu sem ónóg þekking skapar:

- Hvað gerist fyrstu 18 mánuði í lífsferlinum?
- Hvert er umfang og dreifing hrygningar?
- Umfang afráns?
- Fæða loðnu?
- Útbreiðsla óljós utan september og janúar.
- Áhrif umhverfibreytinga undanfarin ár á afdrif loðnu?
- Litlar grunnrannsóknir – tíminn mest farið í leit og stofnmat.

Nánari upplýsingar um stofnmat og líffræði loðnunnar er hægt að nálgast á heimasíðu Hafrannsóknarstofnunar[17]

[16] http://www.setur.is/hvad-er-ad-fretta-af-lodnunni/

[17] https://www.hafogvatn.is/is/rannsoknir/lodna/stofnmat-og-liffraedi-lodnu

## 6.3 Ferli loðnuveiða

Segja má að loðnuvertíðum sé skipt upp í 3 hluta eða 3 vertíðir. Engar tvær vertíðir eru nákvæmlega eins. Til að draga upp mynd af ferli loðnuveiða yfir almanaksárið þá mætti lýsa veiðitímabilunum með eftirfarandi hætti:

**Vetrarvertíð** stendur að jafnaði yfir frá áramótum fram til seinni hluta mars eða loka mars. Í upphafi árs byrjar vetrarvertíð þar sem veitt er úti fyrir Norðurlandi og Norðausturlandi. Þá er fiskurinn mjög feitur og hentar þá sérstaklega vel til bræðslu þar sem lýsisinnihald fisksins er mjög hátt. Einnig er veitt til heilfrystingar. Ýmist er veitt með djúpnót eða með flottrolli. Mörg undangengin ár hefur veiðin að mestu verið með flottrolli í upphafi vertíðar. Þegar loðnan fer hefðbundið göngumynstur að vetri er stundum talað um að hún sé í austangöngu, þegar hún kemur að norðan og gengur austur og suður með landinu. Í kringum 15. – 20. febrúar hefur loðnan verið að koma upp á grunnið nálægt Hornafirði og er þá yfirleitt byrjað að veiða með grunnnót upp úr því. Hrognataka byrjar oft í kringum 1. mars og stendur yfir í 10 – 14 daga. Oft hefur loðnan verið nærri Vestmannaeyjum þegar hún er komin fast að hrygningu. Ef það er verið að veiða úr einni loðnugöngu allan tímann getur hrognavertíðin verið stutt og er þá stundum einungis hægt að veiða í eina viku til hrognatöku. Vetrarvertíð endar oft í kringum 15. – 20. mars, án þess að það sé algilt. Stundum hefur teygst úr vertíðunum. Síðustu veiðiferðir margra eru á hrognatímabilinu. Ef veiðiheimildir eru til staðar, þá endar vertíðin með veiði á karlloðnu (hæng) þar sem kvenloðnan (hrygnan) hefur hrygnt og í kjölfarið drepst hún. Vertíðin endar oft í Faxaflóa. Stundum hafa svokallaðar vestangöngur komið sem geta lengt vertíðirnar og fært fiski á veiðislóð sem er á öðrum stað á hrygningarskeiðinu, yfirleitt fyrr á hrygningarskeiðinu.

**Sumarvertíð** hefur oft hafist seinni hluta júní og staðið yfir til loka júlí. **Haustvertíð** hefur síðan oft hafist í lok nóvember og staðið fram að áramótum. Fituinnihald loðnu getur verið allt að 20% haustið fyrir hrygningu. Síðast var veitt á sumarvertíð árið 2005 og svo smáræði á haustvertíð 2006[18]. Haustveiðar hafa verið mjög litlar frá því loðnustofninn hrundi árið 1990. Oft eru þessar tvær seinni vertíðir teknar saman þegar rætt er um veiði

- [18] https://www.hafogvatn.is/static/research/files/fjolrit-129.pdf

og veiðiheimildir. Á sumar og haustvertíðum er aðallega veitt með djúpnót en einnig með flottrolli.

Á sumar- og haustvertíðum hefur verið styðst að landa í höfnum á Norðurlandi. Fiskimjölsverksmiðjum og fyrirtækjum sem frysta uppávarafurðir hefur fækkað gríðarlega á undangengnum árum. Sem dæmi um það, þá var á árinu 2019 ekki starfandi nein fiskimjölsverksmiðja frá Akranesi til Þórshafnar á Langanesi. Nánast öll framleiðsla á fiskimjöli og lýsi á Íslandi fer fram á Þórshöfn og austur um til Vestmannaeyja. Það má því segja að uppsjávarfyrirtækin í Eyjum séu með starfsemi á framleiðslujöðrum fiskimjöls og lýsis á Íslandi.

## 6.4 Vetrarvertíðin 2019: mælingar, ráðgjöf og samstarf

Eftir mælingar[19] á ungloðnu haustið 2018 benti margt til þess að stofninn væri ekki nægilega stór svo hægt væri að hefja veiðar á vetrarvertíð 2019. Um miðjan október 2018 gaf Hafrannsóknarstofnun út ráðgjöf um loðnu. Stofnunin lagði til, í samræmi við aflareglu strandríkja, að engar loðnuveiðar yrðu leyfðar fiskveiðiárið 2018/2019.

Samkvæmt framreikningum myndu markmið aflareglu ekki nást. Jafnvel þótt engar veiðar yrðu stundaðar á vertíðinni 2018/2019. Vísitala ungfisks (e. Juvenile index) var mjög lág, líkt og verið hefur undanfarin ár. Mæling á magni eins árs loðnu haustið 2018 gaf ekki miklar vonir en vísitalan mældist 10,9 milljarðar og var með þeim lægstu sem sést höfðu undanfarin ár. Ekki var óalgengt á tíunda áratug síðustu aldar að hún væri um eða yfir 100 milljarðar.[20]

Loðnustofninn var metinn skv. bergmálsmælingum haustið 2018, 238 þús. tonn. Ráðgjöfina átti svo að endurmeta, byggt á mælingum á stærð veiðistofnsins í byrjun árs 2019.

Í nokkur ár hafa íslensk sjávarútvegsfyrirtæki sem eiga loðnukvóta þróað með sér samstarf um loðnuleit. Skip loðnuútgerðanna hafa tekið þátt í loðnuleit ásamt skipum Hafrannsóknarstofnunnar. Hafa fiskileitartæki veiðiskipanna verið stillt (kvörðuð) þannig

[19] https://www.ruv.is/frett/tvofalt-virdi-lodnu-mikilvaeg-faeda-thorsksins

[20] https://www.althingi.is/altext/pdf/149/s/2073.pdf

að gögn sem þau afla eru nýtanleg eins og gögn sem koma frá fiskileitartækjum hafrannsóknarskipanna.

Farnir voru 6 loðnuleiðangrar í kringum loðnuvertíðanna 2019 með veiðiskipum útgerðanna og á skipum Hafrannsóknarstofnunar, bæði við leit og mælingar. Einn leiðangur var farinn um haustið, þ.e. í desember 2018. Fimm loðnuleiðangrar voru svo farnir um veturinn, í janúar og febrúar 2019. Niðurstöður allra leiðangranna bentu til þess að ekki væri nægilegt magn til að hefja veiðar á vertíðinni 2019. Í mars 2019 kom svo niðurstaðan. Hafrannsóknarstofnun mat stofn kynþroska loðnu við Ísland vera 214 – 240 þús. tonn. Því var ljóst að engar loðnuveiðar yrðu stundaðar árið 2019 og leit var hætt. Skip stofnunarinnar voru send í önnur verkefni. Hafrannsóknarstofnun hafði beitt skipum sínum við loðnuleit í 40 úthaldsdaga og úthaldsdagar skipa loðnuútgerða voru 75 dagar, þegar leitardagar allra skipa höfðu verið lagðir saman. Einnig leituðu norsk fiskiskip um tíma af loðnu í samstarfi við Íslendinga. Samtals hafði því verið leitað af loðnu í um 120 daga. Aldrei í sögu loðnumælinga eða loðnuveiða hefur viðlíka leit eða vöktun á loðnu átt sér stað.

Í viðtali[21] við Þorstein Sigurðsson hjá Hafró þann 25. febrúar 2019, þegar ljóst var að enginn kvóti yrði gefin út fyrir vertíðina 2019 sagði Þorsteinn „staðan er alls ekki góð og í grunnin vitum við ekki hvað veldur," einnig sagði hann „.....ekki sé við því að búast að loðnustofninn rétti úr sér í náinni framtíð því mælingar á ungloðnu, sem ætti að verða veiðistofninn eftir ár, komu ekki vel út." Að lokum sagði hann: „Það eru ekki góðar horfur en þess ber að geta að spágildi þeirra gagna er ekkert sérstaklega gott," sagði Þorsteinn.

## 6.5 Samstarf útgerðar og Hafrannsóknarstofnunar

Samstarf uppsjávarútgerða og Hafrannsóknarstofnunar hefur þróast og eflst í gegnum árin. Starfandi hefur verið sérstakur samráðshópur þessara aðila. Þátttaka útgerða í loðnuleit og -rannsóknum hefur verið umtalsverð, sérstaklega hin síðari ár.

Sem dæmi er hægt að nefna loðnuvertíðina 2017. Hafrannsóknastofnun hætti þá loðnuleit í febrúar því mælingar sýndu rýran stofn. Þá ákváðu sjávarútvegsfyrirtækin að

[21] https://www.ruv.is/frett/enginn-lodnukvoti-og-horfur-slaemar

styðja stofnunina til að leita betur og um miðjan febrúar fannst loðna norðan við land. Kvóti var gefin út og vertíðin var mjög góð og skilaði Íslendingum 186 þús. tonnum.

Í kringum vertíðina 2019 fóru loðnuútgerðirnar í 6 leiðangra. Eftir að formlegri leit var hætt í lok febrúar, þá kostaði útgerðin vöktun á eigin vegum. Vonir stóðu til um að loðna gæti fundist eins og árið 2017. Helst var horft til vestangöngu, en Hafrannsóknarstofnun var hins vegar ekki bjartsýn að meira magn myndi finnast hvorki í vestangöngu né annarsstaðar miðað við þá miklu leit sem hafði farið fram.

Heildarkostnaður vegna 5 skipa útgerðanna sem tóku þátt í leit og vöktun fyrir þá 75 daga sem leitað var á veiðiskipum var 130 mkr. og greiddi útgerðin þann kostnað. Kostnaðurinn skiptist á útgerðirnar eftir hlutdeild þeirra í loðnukvótanum. Útgerðir í Vestmannaeyjum greiddu samtals 42 mkr. Ísfélag Vestmannaeyja greiddi 26 mkr., Vinnslustöðin rúmar 14 mkr. og Huginn tæpar 2 mkr. Íslenskar útgerðir tóku einnig þátt í kostnaði við leit Norðmanna á Íslandsmiðum árið 2019.

Hafrannsóknarstofnun setur mikla fjármuni og vinnu í loðnurannsóknir. Rannsóknardagar á skipum voru 40 í kringum loðnuvertíðina 2019. Því til viðbótar er fólk í landi sem tekur þátt í rannsóknunum auk þess sem 3 – 4 starfsmenn Hafrannsóknarstofnunar eru um borð í hverju fiskiskipi sem tekur þátt í loðnuleiðöngrum. Að sögn forstjóra Hafrannsóknastofnunar[22] þá var hafi kostnaður stofnunarinnar árið 2019 verið á milli 400 og 500 milljónir en inni í þeirri tölu eru einnig rannsóknir og leit að loðnu að hausti ásamt rannsóknum á loðnulirfum.

## 6.6 Handhafar loðnukvótans á Íslandi og vinnslur

Frá upphafi loðnuveiða fram til ársins 1981 voru veiðar á loðnu frjálsar. Kvóti var síðan settur á loðnuveiðar árið 1981. Þá fengu 52 skip úthlutað veiðiheimildum. Þá voru flest skipin á suðvestur horni Íslands, þ.e. á Suðurnesjum og á höfuðborgarsvæðinu. Árið 2019 voru veiðiheimildirnar fyrst og fremst á höndum aðila á Suðurlandi og Austfjörðum, eða aðila þeim tengdum. 12 útgerðir fá úthlutað kvóta og skipta með sér íslenska loðnukvótanum[23]. Í töflunni á næstu blaðsíðu eru 11 fyrirtæki en kvóti Runólfs Hallfreðssonar ehf (RH). er settur saman við Síldarvinnsluna (SVN), þar sem SVN á

[22] https://www.ruv.is/frett/radherra-segir-utgerdina-lika-bera-abyrgd-a-lodnuleit


[23] http://www.fiskistofa.is/veidar/aflaheimildir/aflahlutdeildalisti/ . Sótt: 18.04.2019

meirihluta hlutafjár í RH. Veiðiheimildunum er úthlutað á 21 skip árið 2018. 19 íslensk fiskiskip lönduðu afla það ár. Margar af þessum útgerðum eiga í innbyrðis samstarfi og eru bundin eignatengslum.

Á Íslandi eru 10 fiskimjölsverksmiðjur sem geta tekið á móti loðnuafla. Einnig eru starfandi 11 – 12 vinnslur sem geta tekið á móti loðnuafla til vinnslu á einhverjum stigu, þar af 2 vinnsluskip sem geta fryst afla um borð.

| Fyrirtæki | Bræðsla | Vinnsla |
|---|---|---|
| Síldarvinnslan - Neskaupstaður | X | X |
| Síldarvinnslan - Seyðisfjörður | X | |
| HB Grandi - Vopnafjörður | X | X |
| HB Grandi - Akranes | X | X |
| Ísfélag Vestmannaeyja - Þórshöfn | X | X |
| Ísfélag Vestmannaeyja - Vestmannaeyjar | X | X |
| Vinnslustöðin - Vestmannaeyjar | X | X |
| Skinney - Þinganes - Hornafirði | X | X |
| Eskja - Eskifjörður | X | X |
| Loðnuvinnslan - Fáskrúðsfjörður | X | X |
| Saltver - Keflavík | | X |
| Hákon - Gjögur ehf. - Grenivík | | X |
| Huginn - Huginn ehf. - Vestmannaeyjar | | X |

**Tafla. Fiskimjölsverksmiðjur og frystihús í uppsjávariðnaði á Íslandi. Heimild. Skýrsluhöfundur**




**Mynd. Heimild: Fiskistofa**

Ísfélag Vestmannaeyja hefur mestar veiðiheilmildir í loðnu af öllum fyrirtækjum á Íslandi eða 20% aflahlutdeild. Samkvæmt lögum um stjórn fiskveiða má heildaraflahlutdeild fiskiskipa í eigu einstakra eða tengdra aðila ekki fara yfir 20% í loðnu.

Hlutdeild fyrirtækja í Vestmannaeyjum í heildarkvótanum er 32,32%

## 6.7 Loðnuveiðar annarra þjóða

Í Atlantshafi eru 4 aðskildir loðnustofnar[24]: 1) Nýfundnaland og Kanada, 2) Vestur Grænland 3) Barentshaf 4) Ísland-Grænland-Jan Mayen. Auk þess er loðnustofn í norðanverðu Kyrrahafi þ.e. Okhotskhafi og Beringshafi[25].

Loðnuveiðar eru stundaðar í tveimur austustu fylkjum Kanada, þ.e. Nýfundnalandi og Labrador. Á árunum 2016 – 2018 var samanlagður afli í Kanada 19 – 27,4 þús. tonn[26]. Kvótinn á árinu 2019 var 22,8 þús. Veiðitímabilið stendur yfir frá miðjum júní og fram í miðjan júlí ár hvert. Árið 2018 var veiðin 19 þús. tonn og það ár voru flutt út frá Kanada 13,1 þús. tonn af loðnu að verðmæti 24,9 m$ .

Stærsti hluti heimsafla í loðnu á s.l. árum hefur verið veiddur við strendur Íslands. Í Barentshafi skipta Norðmenn og Rússar með sér loðnukvótanum. Árið 2018 voru heimilaðar veiðar á rúmlega 205 þús. tonnum af loðnu í Barentshafi, en veiðin endaði í tæpum 195 þús. tonnum. Engar veiðar voru leyfðar árið 2019. Svartsýni ríkti með veiðar á árinu 2020 í Barentshafi[27] og í upphafi árs 2020 voru veiðar bannaðar það ár.

Veiðiheimildum í Barentshafi er skipt þannig að Norðmenn hafa veitt 60% loðnukvótans og Rússar 40%. Árið 1987[28] verður hrun í loðnuveiði í Barentshafi og þá verður fyrsti loðnubresturinn. Frá og með árinu 1987 (33 ár) hefur engin veiði verið á 12 árum. Við þetta bætast 4 ár þar sem aflinn er nánast enginn. Af þessu sést að frá árinu 1987 má segja að hafi verið einhver veiði í helming skipta. Meðalaflinn á þessu tímabili er 198 þús. tonn.


[24] https://sjavarutvegsradstefnan.is/wp-content/uploads/2018/11/4.-BirkirBardarson.pdf

[25] https://www.mbl.is/greinasafn/grein/238925/

[26] https://www.dfo-mpo.gc.ca/fisheries-peches/ifmp-gmp/capelin-capelan/2019/zone-area_1-11-eng.html#app5

[27] https://www.hi.no/hi/radgivning/kvoterad/2020/lodde-i-barentshavet

[28] http://www.ices.dk/sites/pub/Publication%20Reports/Advice/2018/2018/cap.27.1-2.pdf




**Mynd. Heimild: ICES**

Alvarlegt hrun kom í loðnustofninum við Ísland árið 1990. Stofninn jafnaði sig og var stór og sterkur rétt fram yfir aldamót. Ástandið í Barentshafi byrjaði fyrr og hefur staðið yfir með miklum og langvarandi gloppum upp frá því. Sammerkt eiga stofnarnir að veiði hefur verið mjög takmörkuð um c.a. 15 ára skeið.

Þrjár þjóðir skipta með sér loðnukvóta sem veiddur er við Ísland. Árið 2018 var skrifað undir samning milli Íslands, Grænlands og Noregs um skiptingu loðnukvótans. Samningurinn gildir til þriggja ára. Í hlut Íslands komu 80%, Grænlands 15% og Noregs 5%. Eldri samningur var í gildi frá árinu 2003 og voru þá hlutföllin eftirfarandi: Ísland 81%, Grænland 11% og Noregur 8%. Fyrst og fremst var breytt göngumynstur loðnunnar sem hafði áhrif á breytta skiptingu.

Eftir að þessar þrjár þjóðir hafa skipt með sér heildarloðnukvótanum fara fram ýmis skipti fram á loðnuveiðiheimildum skv. samningum. Íslendingar hafa látið Noreg fá loðnukvóta í skiptum fyrir bolfiskveiðiheimildir í Barentshafi, svokallaður Smugusamningur. Íslendingar hafa einnig eftirlátið Færeyingum veiðiheimildir. Þegar búið er að ráðstafa veiðiheimildum til Noregs og Færeyinga stendur eftir magn sem veitt er af íslenskum útgerðum. Af því heildarmagni er dregið frá 5,3% af kvótanum sem ráðstafað er til atvinnu- og byggðaþróunar. Eftirstöðvunum, 94,7% hlut íslenska kvótans er skipt skv. hlutdeild einstakra útgerða. 5,3% kvótans sem ríkið tók frá er síðan boðið upp á svokölluðum skiptimarkaði með aflaheimildir þar sem útgerðir geta boðið í 5,3% veiðiheimildirnar í skiptum fyrir veiðiheimildir í þorski. Þannig geta einstakar útgerðir bætt nokkuð við veiðiheimildir sínar í loðnu. Endanleg ráðstöfun íslenskra

veiðiheimildanna er því ólíklega í samræmi við hlutdeild einstakra aðila, þ.e. upphafsúthlutunar.


Norðmenn hafa nokkuð sérstaka stöðu í loðnuveiðum við Ísland þar sem þeir hafa fá 5% hlutdeild beint, einnig fá þeir hluta af grænlenska kvótanum og svo hafa þeir samning við Ísland um veiðiheimildir. Íslenski samningurinn er bundinn föstu hlutfalli aflamagns bolfiskveiðiheimilda úr Barentshafi. Því hefur og getur staða Norðmanna verið nokkuð sterk, sérstaklega þegar aflamark er lítið. Veiðiheimildir Norðmanna eru ekki bundnar hlutfalli loðnukvótans heldur tilteknu magni. Norðmenn geta því í ákveðnum tilvikum veitt stóran hluta þess heildaraflamarks sem gefið er út til loðnuveiða við Ísland. Þetta hefur valdið mikilli gremju meðal Íslendinga þegar litlu er úr að moða og kvóti lítill.

Undanfarin ár hefur Grænland eftirlátið stórum hluta loðnukvótans til Evrópusambandsins í samningum þeirra á milli. Evrópusambandið hefur svo eftirlátið loðnukvótann til Noregs á s.l. árum.


Ýmsar sérreglur, ákvæði og takmarkanir eru í samningum milli aðila s.s. varðandi veiðisvæði, veiðitímabil, ráðstöfun afla, fjölda skipa og vinnsluskipa, svo fátt eitt sé nefnt.

Samstaða virðist vera milli þeirra þjóða sem fá úthlutað upphafskvótanum þ.e. Íslands, Grænlands og Noregs um að stunda ábyrga nýtingu loðnustofnsins eins og Alþjóða hafrannsóknarráðið hefur staðfest.

Hér að neðan er 9 ára[29] yfirlit yfir það hvernig Íslendingar hafa deilt loðnukvótanum með erlendum þjóðum sem veiða úr loðnustofninum.




**Mynd. Heimild: Hafrannsóknarstofnun**




**Mynd. Heimild: Hafrannsóknarstofnun**

[29] https://www.hafogvatn.is/static/extras/images/LodnaHaust20181100274.pdf

## 6.8 Horfur í loðnuveiðum

Ársskýrsla Hafrannsóknarstofnunar fyrir árin 2016 – 2018 kom út í september 2019[30]. Í skýrslunni er m.a. fjallað um loðnu með afgerandi hætti á tveimur stöðum:

> *„.....Á hinn bóginn færðist útbreiðsla loðnu enn norðar og stofn hennar hefur minnkað mikið. Þetta þýðir að á komandi árum muni loðnuveiðar minnka eða jafnvel leggjast af. Það er enn meira áhyggjuefni þar sem loðnan er mikilvægasta fæða þorsksins og fleiri fiskstofna. Því er sem aldrei fyrr afar mikilvægt að vakta ástand hafsins og nytjastofna þess. Ef vel ætti að vera þyrfti að stórauka þessar rannsóknir til að reyna að sjá fyrir þær breytingar sem án efa munu eiga sér stað á komandi árum. Á grunni þekkingar er auðveldara að bregðast við breytingunum og aðlaga samfélagið að þeim."*

> *„.....Ástand loðnustofnsins er slæmt og hefur svo verið megnið af þessari öld, samanborið við áratugina þar á undan. Það endurspeglast í minnkandi veiðum úr stofninum. Umhverfisbreytingar undanfarinna áratuga hafa leitt til breytinga á útbreiðslu stofnsins. Jafnframt hefur veiðistofn loðnu undanfarin ár verið langt undir því sem var á níunda og tíunda áratug síðustu aldar. Breytingar á útbreiðslu hafa kallað á aukna vöktun og aukna þörf á rannsóknum. Í fjárlögum ársins 2018 var ákveðin tímabundin fimm ára aukning í fjárveitingum til stofnunarinnar til að sinna sérstaklega vöktun og rannsóknum á loðnu. Í kjölfar þess voru 3 nýir starfsmenn ráðnir haustið 2018 og rannsóknaverkefni sem leitt gætu til aukins skilnings á tengslum umhverfisþátta og ástandi loðnustofnsins sett upp. Meðal þeirra verkefna má nefna fæðuvistfræði hnúfubaks, tengsl loðnu og umhverfisbreytinga, líkanagerð af göngum loðnunnar, breytingar í fæðu loðnu og verkefni um erfðafræði loðnu þar sem nýjum aðferðum verður beitt við að meta útbreiðslu loðnu á mismunandi hafsvæðum. Þessi verkefni eru skammt á veg komin og verður þeim sinnt á næstu árum eins og fjármagn leyfir með það markmið að skýra betur áhrif umhverfisbreytinga á loðnu."*

Ljóst er að útlit loðnuveiða á komandi árum er ekki mjög bjart m.v. þær breytingar sem átt hafa sér stað í hafinu. Áhrifin geta verið mjög víðtæk og haft áhrif á fleiri stofna en loðnu s.s. þorsk. Hafrannsóknarstofnun leggur til að stórauka þurfi rannsóknir.

Erfitt er að spá fyrir um þróun og varanleika loftslagsbreytinga. Í fyrrgreindu viðtali á sjónvarpsstöðinni Hringbraut í mars 2019 talaði Þorsteinn Sigurðsson hjá Hafró um að ástæða loðnubrestsins væri sambland af loftlagsbreytingum með hlýnandi sjó og náttúrulegum sveiflum: „Í náttúrunni hefur þetta verið í svona bylgjum. Við tölum um t.d. hlýviðrisskeið frá 1920 fram að síldarhrunsárunum upp úr 1960. Síðan kólnar snögglega. Við erum búin að vera þar á tímabili sem við köllum miðlungsstig í þessu stóra samhengi.

[30] https://www.hafogvatn.is/static/files/arsskyrsla_-2016-2018.pdf

En núna frá því fyrir aldamót höfum við verið að sjá hlýnun en það er allt eins líklegt að það fari að kólna aftur, bara út frá þessum náttúrulegu sveiflum, þó að þessi hnattræna hlýnun komi auðvitað inn á móti. En það er ekki hægt að loka augunum fyrir því að þessar náttúrulegu sveiflur eru stærri, í skemmri tíma allavega."

## 6.9 Áhrifaþættir loðnuvertíðar

Fjölmargir þættir hafa áhrif á loðnuvertíðar. Engar tvær vertíðir eru eins. Hér eru taldir upp nokkrir mikilvægir þættir sem hafa áhrif á loðnuvertíð, án þess að um tæmandi lista sé að ræða, né að hann sé í mikilvægisröð: Vöxtur og viðgangur seiða og ungloðnu, árangur í rannsóknum og leit, útgefnar aflaheimildir, skipting aflamarks milli einstakra þjóða, fiskveiðisamningar, landaður afli erlendra skipa á Íslandi, veður á veiðitímabili, göngumynstur loðnu, staða erlendra markaða, veiðar á loðnu á öðrum hafsvæðum, afurðaverð í erlendri mynt, gengi gjaldmiðla, birgðir afurða, atvinnumarkaður á Íslandi og verkföll, staða stofna afránsdýra loðnu, svo fátt eitt sé nefnt. Það er því að margt sem hefur áhrif á gang loðnuvertíðar og um samspil fjölmargra þátta er að ráða.

## 6.10 Ráðstöfun loðnu og loðnuafurðir


Þegar loðnu er landað má segja að hún geti farið í 4 vinnsluferla:

- **Bræðsla:** Þá er fiskurinn bræddur og úr verður fiskimjöl og lýsi
- **Hrognataka:** Þá er loðnan skorin í sundur í sérsmíðuðum tækjum. Við skurðinn falla frá loðnuhrogn sem fara til frystingar. Afgangurinn af loðnunni sem stendur eftir er kallað er hrat. Hratið fer til bræðslu.
- **Frysting:** Þá er heill fiskur frystur á mismunandi markaði. Alltaf er eitthvað af loðnu sem flokkast frá, er ekki fryst og er þá send til bræðslu. Frosin loðna er af mismunandi eiginleikum og gæðum, mis vel flokkuð og fer á misjafna markaði eftir því.
- **Sjófrysting:** Þá er loðna heilfryst og fráflokkun sett í bræðslu í landi. Einnig eru hrogn unnin og fryst á sjó, hrat er svo sett í bræðslu.

# 7 Uppsjávariðnaður í Vestmannaeyjum

Uppsjávariðnaður hefur löngum skipað stóran sess í sjávarútvegi í Eyjum. Þau 3 fyrirtæki sem nú eru starfandi í veiðum á uppsjávarfiski eiga sér langa rekstarsögu. Þessi fyrirtæki hafa byggst upp með sameiningum, kaupum á öðrum uppsjávarfyrirtækjum og kaupum á veiðiheimildum. Velta þessara þriggja fyrirtækja var á árinu 2018 um 27 ma.kr. Miðað við 6 ma.kr. veltu af loðnuvertíðinni 2018 þá lætur nærri að rúmlega 22% af veltu þessara fyrirtækja komi frá veiðum og vinnslu á loðnu. Langmest af veltu fyrirtækjanna í loðnuafurðum verður til í Vestmannaeyjum.


Fyriræki í Vestmannaeyjum hafa miklar veiðiheimildir í uppsjávarfiski. Höfundur reyndi að áætla mögulegt umfang veiðiheimildanna. Hlutdeild í flestum stofnum er þekkt. Áhöld eru um hlutdeild í makrílkvóta. Höfundur gaf sér síðasta þekkta aflamark í fisktegund og síðastu þekktu hlutdeild. Niðurstaða þess kemur fram á súluritunum hér að neðan. Tölurnar eru unnar upp úr gögnum Fiskistofu. Að gefnum þessum forsendum sem teknar voru saman haustið 2019, þá gæti aflamark fyrirtækja í Eyjum í öllum uppsjávarstofnunum við Ísland verið nærri 165 þús. tonn. Aflamark er breytilegt milli ára.




**Mynd. Heimild: Höfundur skýrslunnar – unnið upp úr gögnum Fiskistofu**


Hlutdeild uppsjávarfyrirtækja í Vestmannaeyjum er mjög misjöfn í uppsjávarfiski. Fyrirtækin í Eyjum búa yfir mjög hárri hlutdeild í flestu tegundum utan kolmunna. Hlutfall loðnukvóta er það hæsta eða 32,32%. Aflamark sveiflast svo í takti við heildaraflamark sem er mismunandi milli ára. Ef horft væri til þorskígilda (ÞÍG) þá er hlutfallið hærra en 24,58% í Vestmannaeyjum þar sem miklar veiðiheimildir eru í makríl, síld og loðnu. Þessar

tegundir hafa nokkuð hærri ÞÍG stuðla en kolmunni, sem fyrirtæki í Eyjum hafa mjög litlar veiðiheimildir í eða nærri 13,1%




**Mynd. Heimild: Höfundur skýrslunnar – unnið upp úr gögnum Fiskistofu**

Til einföldunar og útskýringar þá má áætla, út frá fyrrgreindum forsendum að Huginn ehf. sé með helmingi minni veiðiheimildir en Vinnslustöðin. Vinnslustöðin er svo aftur með helmingi minni veiðiheimildir en Ísfélagið. Staðan er nokkuð öðruvísi á árinu 2019 þegar ekkert aflamark er í loðnu. Ísfélagið er með hámarkshlutdeild, 20% og því er mest lækkun þar. Huginn ehf. er að 48% í eigu Vinnslustöðvarinnar.




**Mynd. Heimild: Höfundur skýrslunnar – unnið upp úr gögnum Fiskistofu**

## 7.1 Fyrirtæki í uppsjávarveiðum í Eyjum

Þrjú fyrirtæki í Vestmannaeyjum byggja afkomu sína að stærstum hluta á uppsjávarveiðum þ.e. veiðar og vinnsla á uppsjávarfiski. Tvö fyrirtæki, Vinnslustöðin og Ísfélagið stunda veiðar og vinnslu á bolfiski og uppsjávarfiski en það þriðja, Huginn ehf. stundar einungis veiðar á uppsjávarfiski og hefur s.l. ár unnið aflann um borð þó svo sú vinnsla hafi farið minnkandi á s.l. árum. Þessi þrjú fyrirtæki hafa ráðstöfunarrétt á öllum loðnukvótanum í Vestmannaeyjum. Fyrirtækin hafa ráðstöfunarrétt á 32,32% loðnukvóta Íslendinga. Sjávarútvegurinn í Eyjum, þ.e. veiðar og vinnsla, velti á árinu 2018 um 37 ma.kr. Uppsjávarfyrirtækin þrjú veltu á árinu 2018 27 ma.kr. eða 73% af allri veltu sjávarútvegsfyrirtækjanna í Eyjum. Sjávarútvegur hefur verið burðarstólpi atvinnulífsins í Eyjum frá upphafi byggðar og því skiptir vöxtur og viðgangur sjávarútvegsfyrirtækja mjög miklu máli, sérstaklega þessara þriggja þar sem vægi þeirra er svo hátt.

Heildarfjöldi ársverka uppsjávarfyrirtækjanna þriggja var á árinu 2018 um 580 – 600 ársverk, þar af 70 í vinnslu á Þórshöfn. Ársverkin í Eyjum voru því 510 - 530. Fjöldi starfsmanna sem vinnur við veiðar og vinnslu á uppsjávarfiski í Vestmannaeyjum er um 230. Um 70 sjómenn stunda fiskveiðarnar (30%) og 160 manns vinna í landvinnslunni (70%). Til viðbótar landvinnslustarfsfólkið koma aðilar sem vinna við úthýsta þjónustu tengda löndun og keyrslu á vélum til fiskvinnslu, sá hópur gæti verið um 20 manns. Í heildina koma því 180 manns að fiskvinnslunni. Árið 2019 voru einungis 4-5 sjómenn á uppsjávarskipum fyrirtækjanna þriggja sem höfðu ekki lögheimili í Vestmannaeyjum, eða um 5% uppsjávarsjómanna. Í heildina má segja að um 250 manns komi að veiðum og vinnslu á uppsjávarfiski í Vestmannaeyjum Það má því með sanni segja að vöxtur og viðgangur uppsjávarfiskistofna hafi mikil áhrif á atvinnulíf í Eyjum.

Til að átta sig á innviðum og uppbyggingu einstakra fyrirtækja er gott að skoða þau nánar hér á eftir:

### 7.1.1 Ísfélag Vestmannaeyja hf.

Ísfélag Vestmannaeyja hf. (Ísfélagið) hefur s.l. ár gert út 3 sérhæfð uppsjávarskip: Sigurð VE 15, Heimaey VE 1 og Álsey VE 2. Um miðjan mars 2019, í ljósi loðnubrests árið 2019 og minnkandi verkefna sem framundan voru, tók útgerðin ákvörðun um selja Álsey VE 2. Skipið var selt til Rússlands í maí 2019. Áhöfn skipsins var sagt upp störfum. Heimaey og Sigurður eru nýjustu uppsjávarskip fyrirtækjanna í Eyjum. Nýsmíðaálag er ekki í gildi á skipunum.







Ísfélagið hefur tvær starfsstöðvar á landi, í Vestmannaeyjum og á Þórshöfn á Langanesi. Framleiðslueiningarnar eru mjög áþekkar að öllu leyti nema að frystigetan í Vestmanneyjum er ívið meiri. Í báðum stöðunum er sambyggt uppsjávar- og bolfiskfrystihús, fiskimjölsverksmiðja og frystigeymsla. Til viðbótar við uppsjávarskipin gerir félagið út 3 skip á bolfiskveiðar: togarann Otto N. Þorláksson VE 5, togskipið Dala-Rafn VE 508 og



smábátinn Litlanes ÞH 3, sem stundar línuveiðar og er gerður út frá Þórshöfn árið um kring.



Hlutdeild félagsins í íslenska loðnukvótanum er 20% sem er hámarksaflahlutdeild einstakra fyrirtækja skv. 13. grein laga um stjórn fiskveiða[31]

Fyrirtækið á einnig eignarhlut í öðrum fyrirtækjum sem hafa beinan hag af loðnuveiðum og – vinnslu. Áhrif loðnubrests koma því enn sterkar fram á fyrirtækið en bein áhrif segja til um á fyrirtækið sjálft.

Ísfélagið á þriðjungs eignarhlut í grænlensku útgerðinni Pelagic Greenland A/S á móti Royal Greenland í Grænlandi. Pelagic Greenland A/S gerir út 2 uppsjávarfrystiskip, Tasiilaq og Tuneq. Bæði skipin voru áður í eigu Ísfélagsins og hétu þá Guðmundur VE og Þorsteinn ÞH. Bæði skipin hafa verið nýtt til loðnuveiða af grænlenska félaginu. Skipin eru nú bæði á söluskrá. Ísfélagið hefur því beina hagsmuni af loðnuveiðum Grænlendinga í gegnum veiðar þessara skipa. Grænlensku skipin hafa landað loðnuafla í Vestmannaeyjum auk þess að kaupa ýmsar vöru og þjónustu af fyrirtækjum í Eyjum.





Fyrirtækið á 50% eignarhlut í fisksölufyrirtækinu Iceland Pelagic á móti Skinney-Þinganes á Hornafirði, þar sem félagið hefur lögheimili. Fyrirtækið selur frystar uppsjávarafurðir Ísfélagsins. Ísfélagið selur sjálft eigin afurðir frá fiskimjölsverksmiðjum félagsins þ.e. fiskimjöl og lýsi.

Á árinu 2018 störfuðu um 250 manns hjá Ísfélagi Vestmannaeyja. Á sjó eru 85 manns og í landi 165 manns[32] . Af þessum 250 starfsmönnum starfa 70 manns á Þórshöfn.

Velta félagsins á árinu 2018 var 12.718 mkr.

[31] https://www.althingi.is/lagas/nuna/2006116.html

[32] https://www.setur.is/wp-content/uploads/2018/11/Sjavarutvegserindi_Stefan.pdf

### 7.1.2 Vinnslustöðin hf.

Vinnslustöðin hf. (VSV) gerir að jafnaði út 2 sérhæfð uppsjávarskip til loðnuveiða: Ísleif VE 63 og Kap VE 4. Félagið á einnig uppsjávarskipið Sighvat Bjarnason VE 81, sem nýttur er á álagstímum og einnig sem varaskip fyrir önnur skip félagsins. Félagið er með alla sína starfsemi í Vestmannaeyjum og rekur þar sambyggt uppsjávar- og bolfiskfrystihús, fiskimjölsverksmiðju og frystigeymslu. Hlutdeild félagsins í íslenska loðnukvótanum er 10,93%



Til viðbótar við uppsjávarskipin gerir félagið út 4 skip á bolfiskveiðar: togarann Breka VE 61, togskipið Brynjólf VE 3, togskipið Drangavík VE 80 og netabátinn Kap II VE 7.

Dótturfélag VSV er fisksölufyrirtækið VSV Seafood Iceland sem selur frystar uppsjávarafurðir félagsins. VSV selur sjálft eigin framleiðslu af fiskimjöli og lýsi. Félagið hefur einnig selt fiskimjöl og lýsi fyrir aðra framleiðendur





Vinnslustöðin á einnig dótturfélagið Hafnareyri sem rekur ýmsa stoðþjónustu við VSV s.s. ísverksmiðju, frystigeymslu, viðgerðar- og viðhaldsþjónustu, netaverkstæði, löndunarþjónusta o.fl. Félagið hefur miklar tekjur af uppsjávarveiðum.

Sterk óbein áhrif loðnubrestsins koma frá fjölmörgum dóttur- og hlutdeildarfélögunum.

Á árinu 2018 voru 313[33] ársverk hjá fyrirtækinu

Velta Vinnslustöðvarinnar á árinu 2018 var 11.491 mkr.

[33] https://vsv.is/about-vsv/news/a%C3%B0alfundur-vsv-2019/

### 7.1.3 Huginn ehf.

Huginn hf. gerir út uppsjávarskipið Huginn VE 55. Skipið getur bæði komið með kældan afla í land sem og fryst afla um borð Um borð í skipinu er bæði hægt að vinna heilan fisk og loðnuhrogn. Hlutdeild félagsins í íslenska loðnukvótanum er 1,40%. Sökum takmarkaðs loðnukvóta þá hefur útgerðin á s.l. árum fyrst og fremst einbeitt sér að vinnslu loðnuhrogna um borð í skipinu til að hámarka verðmæti veiðiheimilda.

Vinnslustöðin hf. á 48% eignarhlut í Huginn hf. og hafa fyrirtækin átt margskonar samtarf í veiðum, vinnslu, sölumálum og stoðþjónustu á síðustu árum.

Huginn ehf. hefur einnig átt í samstarfi við Eskju hf. á Eskifirði varðandi veiðar og vinnslu á uppsjávarfiski. Huginn ehf. á einnig eignarhlut í Eskju. Með tengingunni við Eskju koma fram óbein áhrif á Huginn ehf. þar sem Eskja hefur verið umfangsmikið í veiðum og vinnslu á loðnu

Hjá Huginn ehf. starfa 15 - 25 manns eftir því hvaða veiðiskapur er stundaður og hvort að vinnsla fari fram um borð. Fleiri starfsmenn þarf um borð þegar aflinn er unninn um borð. Allir sjómenn útgerðarinnar eru með lögheimili í Vestmannaeyjum.

Velta Hugins á árinu 2018 var 2.815 mkr.



## 7.2 Afkastageta fyrirtækja í Eyjum

Afkastageta fyrirtækjanna þriggja í Eyjum er mjög mikil í veiðum og vinnslu á uppsjávarfiski. Fyrirtækin hafa komið sér upp góðum og öflugum búnaði til vinnslu á loðnu og öðrum uppsjávarafurðum. Mikil sjálfvirkni er í uppsjávariðnaðinum. Mikið magn er að fara í gegnum þessi framleiðslutæki á mjög stuttum tíma. Nútíma uppsjávariðnaður krefst mikilla fjárfestinga í tækjum og búnaði. Sem dæmi þá kosta tvö nýjustu uppsjávarskipin sem nú eru í smíðum fyrir Íslendinga um 4,5 milljarða[34] hvort skip. Mikið af búnaði í uppsjávariðnaði er einungis nýttur í loðnuvinnslu. Afkastageta tækja og búnaðar fyrirtækja í Eyjum er eftirfarandi:

- 6 uppsjávarveiðiskip
- Burðargeta skipa: 12.400 $m^3$
- 3 fiskimjölsverksmiðjur sem geta brætt um 900 tonn hver á sólarhring. Samtals 2700 tonn, þar af 1800 tonn í Eyjum
- 3 frystihús og eitt frystiskip geta fryst um 1200 tonn á sólarhring, þar af 900 tonn í Eyjum
- Afkastageta við hrognatöku er um 650 tonn, þar af um 500 tonn í Eyjum
- Hráefnisgeymslurými á afla til vinnslu í fiskimjölsverksmiðjum er 21.800 tonn, þar af 16.800 tonn í Eyjum
- Við hrognatöku má gera ráð fyrir að framleiðslutæki uppsjávarfyrirtækjanna í Eyjum séu að framleiða, fryst loðnuhrogn, mjöl og lýsi fyrir um 600 mkr. á sólarhring, þar af 450 mkr. í Eyjum, eða rúmlega 100 þús. pr. íbúa m.v. vænt afurðaverðmæti árið 2019
- Meðan á frystingu á heilli loðnu stendur má gera ráð fyrir að framleiðslutæki uppsjávarfyrirtækjanna í Eyjum séu að framleiða, frosna loðnu, mjöl og lýsi fyrir um 300 mkr. á sólarhring, þar af 235 mkr. í Eyjum m.v. vænt afurðaverðmæti árið 2019

[34] https://www.mbl.is/200milur/frettir/2019/12/27/stor_skip_og_fullkominn_bunadur/

# 8 Loðnuvertíðirnar 2017 og 2018

Loðnuvertíðirnar 2017 og 2018 voru á margan hátt mjög áþekkar þegar horft er til afla og aflaverðmætis. Þegar loðnubrestur var ljós árið 2019 litu haghafar í sjávarútvegi á Íslandi til þessara tveggja vertíða við mat á áhrifum loðnubrests árið 2019. Sökum þess er þessum vertíðum gerð góð skil hér í þessum kafla. Það getur verið villandi að horfa á eina vertíð til að spá fyrir um framtíðina og því geta tvær vertíðir gefið skýrari mynd. Engar tvær loðnuvertíðir eru eins og hafa sín sérkenni.

## 8.1 Loðnuvertíðin 2017

Mikil óvissa ríkti framan af vertíð þar sem mælingar á loðnustofninum haustið 2016 bentu til að stofninn væri svo lítill að ekkert væri hægt að veiða úr honum. 25. janúar 2017 var gefinn út 57 þús. tonna kvóti[35] byggt á mælingu sem gaf 446 þús. tonn. Hafrannsóknarstofnun, í samvinnu við íslenskar útgerðir, fór síðan í byrjun febrúar til frekari leitar. Leitin skilaði miklum árangri og var sannkölluð ferð til fjár. Hafrannsóknastofnun mældi 815 þúsund tonn af kynþroska loðnu[36] og lagði því til þann 14. febrúar 2017 að heildaraflamark yrði 299 þúsund tonn, sem var endanlegur kvóti. 196 þús. tonn komu í hlut Íslenskra skipa eða rúm 65%. Til úthlutunar á grundvelli aflahlutdeildar til íslenskra skipa var tæp 186 þús. tonn. 5,3% aflahlutdeildar hélt ríkið eftir eða rúmum 10 þús. tonnum. Hlutur íslendinga við upphafsúthlutun (57 þús. tonn) var 12 þús. tonn en endaði í 196 þús. tonnum sem er 16 földun aflaheimilda. Sjómannaverkfall[37] sem hafði staðið yfir í rúma 2 mánuði lauk þann 19. febrúar. Það var því skemmri tími en ella til að ná loðnukvótanum. Einmuna veðurblíða var nánast alla vertíðina og spilaði gott veður stóran þátt hversu vel vertíðin gekk fyrir sig. Aðrir þættir sem höfðu mikil áhrif voru mikill þéttleiki loðnutorfa sem hjálpaði til við veiðar, loðnan var stór og góð[38] og öflugur skipastóll. 97% af heildaraflanum var veitt í nót en einungis 3% með flottrolli. Á Íslandi var landað 256 þús. tonnum af loðnu að verðmæti 9,5 ma.kr.

[35] https://www.fiskifrettir.is/frettir/lodnukvotinn-aukinn-i-299-thusund-tonn/135565/

[36] https://www.ruv.is/frett/naer-200-thusund-tonna-lodnukvoti

[37] https://kjarninn.is/skyring/2017-02-24-einurd-og-samstada-sjomanna-skiladi-kjarasamningi/

[38] https://www.ruv.is/frett/stutt-og-oflug-lodnuvertid-senn-a-enda

Framleidd voru á Íslandi 19.900 tonn af loðnuhrognum. Í Vestmannaeyjum var landað 6.800 tonnum af hrognum eða 34% af heildinni.

Samkvæmt gögnum Fiskistofu þá var loðnuafli íslenskra skipa 196 þús. tonn árið 2017 sem landað var í 11 höfnum á Íslandi. Afli eyjaskipa var tæplega 63 þús. tonn eða 31,9% af heildinni. Í Vestmannaeyjum lönduðu íslensku skipin tæpum 59 þús. (29,8%) og var sá afli allur af Eyjaskipum. Eyjaskip lönduðu svo 4 þús. tonnum á Þórshöfn (2,1%). Önnur aflahæsta höfnin á eftir Vestmannaeyjum, þegar horft er til afla af íslenskum skipum var Neskaupstaður með 34 þús. tonn (17,2%).

Afli erlendra loðnuskipa er gríðarlega mikilvægur fyrir íslenskar loðnuverksmiðjur. Ekki síst þeim sem eru fjarri fiskimiðunum og þeim sem tengjast litlum veiðiheimildum í loðnu. Á vertíðinni 2017 höfðu íslenskir útgerðarmenn úr 196 þús. tonnum að moða eða 65% af heildinni. Erlendar útgerðir höfðu því ráðstöfunarrétt á 103 þús. tonnum eða um 35% af heildarkvótanum. Norðmenn veiddu[39] 60 þús. tonn þar af var 25 þús. landað á Íslandi, Grænlendingar lönduðu 27 þús. tonnum þar af var 26 þús. landað á Íslandi, og Færeyingar lönduðu 15 þús. tonnum þar af var 8 þús. landað á Íslandi. 59 þús. tonnum[40] af loðnu og loðnuhrognum var landað af erlendum skipum í íslenskum höfnum að verðmæti rúmlega 2,8 ma.kr. 57% af afla erlendra veiðiskipa var því landað í íslenskum höfnum. Stórum hluta af erlenda aflanum var landað meðan á sjómannaverkfalli stóð. Talið er að um 90%[41] af heildarafla Norðmanna hafi farið til manneldisvinnslu, sem væntanlega skýrist af verkfalli íslenskra sjómanna. Norskar útgerðir höfðu góðan aðgang að íslenskum verksmiðjum og eftirspurnin eftir loðnunni var góð.

2 grænlensk loðnuskip lönduðu 4 þús. tonnum í Eyjum auk slatta af einu norsku skip. Á Þórshöfn lönduðu hins vegar 6 norsk loðnuskip rúmum 4 þús. tonnum. Ísfélag Vestmannaeyja tók á móti öllum erlendum afla bæði í Vestmannaeyjum og á Þórshöfn. Nærri 8% af afla erlendra skipa var landað í Vestmannaeyjum og á Þórshöfn, sem er áhugavert fyrir þá staðreynd að fyrirtækin í Eyjum ráða yfir tæpum þriðjungi íslenskra

[39] http://www.fiskistofa.is/veidar/aflaupplysingar/aflierlendraskipa/

[40] https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Atvinnuvegir/Atvinnuvegir__sjavarutvegur__innf/SJA04001.px/table/tableViewLayout1/?rxid=a578f674-64c6-49ff-9c51-61da344cf7a7


[41] https://kvotinn.is/nordmenn-fiskudu-lodnu-fyrir-25-milljarda-vid-land/

veiðiheimilda og stórum hluta þeirra framleiðslutækja sem hægt er nýta til að vinna þennan erlenda afla. Þarna geta því legið sóknarfæri fyrir fyrirtæki í Eyjum.


Samtals var því landað 71.200 tonnum í Vestmannaeyjum og á Þórshöfn af íslenskum og erlendum skipum. 63 þús. tonnum í Eyjum (88%) og 8 þús. á Þórshöfn. (12%). Mismunurinn á milli hafnanna er því 53.500 tonn eða 750% munur. Í Vestmannaeyjum fer langstærsti hluti loðnunnar til hrognavinnslu og var þar landað tæpum 7.300 tonn af hrognum, 10% af því var sjófryst. Á Þórshöfn voru engin loðnuhrogn unnin.

Eyjaskipin voru með 88% alls afla í þessum tveimur höfnum. 93% afla í Eyjum kom af íslenskum skipum en 51% á Þórshöfn. Erlend skip höfðu því hlutfallslega meiri þýðingu á Þórshöfn en í Eyjum þrátt fyrir að aflinn væri álíka í báðum höfnum eða um 4 þús. tonn.


Af afla Eyjaskipana þá lönduð skip Ísfélagsins tæpum 39 þús. tonn (62%), VSV skipin lönduð rúmum 20 þús. (32%) og Huginn tæpum 4 þús. (6%)





**Mynd. Heimild: Hagstofa Íslands**




**Mynd. Heimild: Hagstofa Íslands**




**Mynd. Heimild: Hagstofa Íslands**




**Mynd. Heimild: Hagstofa Íslands**

## 8.2 Loðnuvertíðin 2018

Í upphafi fiskveiðiársins 2017/2018 lagði Hafrannsóknarstofnun til að ekki yrði gefið út aflamark í loðnu, svokölluð upphafsúthlutun. Talið var að 361 þús. tonn hefðu hrygnt vertíðina 2017.

Hafrannsóknarstofnun gaf út ráðgjöf þann 20. október 2017, vegna vetrarvertíðar 2018. Lagt var til að hámarksafli yrði 208 þús. tonn. Hrygningarstofninn var metinn 945 þús. tonn. Helmingslíkur voru taldar á að hrygningarstofninn yrði 481 þús. tonn. Vísitala ungfisks var búinn að vera lág síðan árið 2015

Þann 15. janúar 2018 var hrygningarstofninn metinn 849 þús. tonn. Undir lok mánaðarins var stofninn metinn 749 þús. tonn eftir seinni yfirferð. Vertíðina 2018

veiddust 287 þús. tonn sem er undir meðalveiði frá því loðnuveiðar hófust. 64% aflans var veitt í nót og 36% var veitt með flotvörpu[42]. Íslendingar veiddu 186 þús. tonn (65%) og erlend skip veiddu 101 þús. tonn (35%). Til úthlutunar á grundvelli aflahlutdeildar til íslenskra skipa voru tæp 176 þús. tonn. 5,3% aflahlutdeildar hélt ríkið eftir eða rúmum 10 þús. tonnum. Margt var líkt með þessari vertíð og vertíðinni 2017. Munurinn er hins vegar sá að miklu meira var veitt með flottrolli árið 2018.

Heildarveiði íslenskra skipa árið 2018 var 186.333 tonn, eða 10.500 tonnum minna en árið 2017. Eyjaskipin veiddu 56 þús. tonn eða 30% kvótans, sem er rétt undir hlutdeild þeirra. Í Vestmannaeyjum var landað rúmlega 44 þús. tonnum. Allur aflinn kom frá Íslenskum skipum. Á Neskaupstað var einungis landað meiri afla af íslenskum skipum eða tæpum 46 þús. tonnum. Tekið var á móti loðnuafla á 10 stöðum á landinu.


Á Þórshöfn var í heildina landað tæpum 30 þús. tonnum og kom nærri helmingur aflans af erlendum skipum. Vinnsluhlutfall fyrirtækja í Eyjum af erlenda aflanum hafði hækkað úr 8% árið 2017 í 14% árið 2018. Af þeim afla sem Eyjaskip lönduðu í þessum 2 höfnum fóru 74% til Eyja og 26% til Þórshafnar.

Rúmum 4 þús. tonnum af loðnuhrognum var landað í Vestmannaeyjum, en einungis 60 tonnum á Þórshöfn. Eins og vertíðina á undan var miklum meirihluta þess loðnuafla sem landað var í Eyjum ráðstafað til hrognavinnslu. 9% afla sem landað var í Eyjum var hrogn.


Norðmenn veiddu 74 þús. tonn þar af var 64 þús. landað á Íslandi, Grænlendingar veiddu 11 þús. tonn þar af var 4 þús. landað á Íslandi, og Færeyingar veiddu 14 þús. tonn þar af 4 þús. landað á Íslandi. Norðmenn lönduðu 85% sinna veiðiheimilda í íslenskum höfnum. Ráðstöfun Norðmanna hafði snúist við frá árinu áður þegar afli Norðmanna endaði að mestu í matvælavinnslu. Um 90% af heildarafla Norðmanna árið 2018 var unnin í fiskimjöl og lýsi en einungis 10% til matvælavinnslu. Innflutt loðna til vinnslu skv. gögnum Hagstofunnar er rúm 71 þús. tonn af loðnu að verðmæti tæplega 2,7 ma.kr. 74% af erlendum veiðiheimildum var því landað á Íslandi og því var um 90% af heildarloðnukvótanum landað á Íslandi.

[42] https://www.hafogvatn.is/static/extras/images/LodnaHaust20181100274.pdf


Í ljósi gildandi skiptingu loðnukvótans, þá er áhugavert að sjá að Íslendingar veiddu 65% af 80% upphafsúthlutun, Norðmenn 26% af 5% upphafsúthlutun, Grænlendingar 4% af 15% upphafsúthlutun og Færeyingar 5% af engri upphafsúthlutun. Íslendingar hafa eftirlátið Færeyingum 5% hlutdeild og Norðmönnum 10% hlutdeild. Grænlendingar hafa svo eftirlátið Norðmönnum 11% af 15% hlutdeild sinni.





**Mynd. Heimild: Hagstofa Íslands**




**Mynd. Heimild: Hagstofa Íslands**





**Mynd. Heimild: Hagstofa Íslands**




**Mynd. Heimild: Hagstofa Íslands**


## 8.3 Loðnuvertíðir 2017 og 2018 - samandregið

Samandregið voru þessar 2 loðnuvertíðir um margt líkar. Loðnuafli í Eyjum hafði hins vegar minnkað um 30% á milli áranna 2017 og 2018, þrátt fyrir að aflamark til íslenskra skipa hefði einungis minnkað um 5%. Magn loðnuhrogna minnkaði jafnframt um 30%. Á móti jókst aflinn á Þórshöfn um rúmlega lækkunina í Eyjum. Fyrst og fremst er þar að þakka mun meiri afla af erlendum skipum. Hrognaframleiðsla var mjög mikil á árinu 2017 og hafði það áhrif á framleiðslu á hrognafurðum og sölu á hrognamörkuðum árið 2018.





**Mynd. Heimild: Fiskistofa**

Á þessum tveimur árum veiddu Eyjaskipin sjö samtals 118.792 tonn af loðnu eða 31% alls aflans. Heimaey VE 1 var aflahæsta Eyjaskipið þegar þessar 2 vertíðir voru teknar saman með tæpan fjórðung afla Eyjaskipanna.





**Mynd. Heimild: Fiskistofa**


Loðnuvertíðin 2017 var heldur betri en vertíðin árið 2018 í verðmætum talið. Jafnframt lönduðu Norðmenn hærra hlutfalli á Íslandi árið 2018. Íslendingar höfðu styttri tíma til loðnuveiða og – vinnslu á árinu 2017 en árið 2018




**Mynd. Heimild: Fiskistofa**





**Mynd. Heimild: Fiskistofa**





**Mynd. Heimild: Hagstofa Íslands**

Loðnuvertíðin 2017 var útgefin kvóti heldur meiri en árið 2018. Afurðaframleiðsla var einnig meiri.





**Mynd. Heimild: Hagstofa Íslands**

Þegar horft er til alls sjávarafla af Íslandsmiðum sést að verðmæti og magn allra vinnsluflokka er hærri árið 2018 en 2017. Vægi loðnu af heildinni var umtalsvert hærra árið 2017 en 2018 þrátt fyrir að verðmætin væru mjög áþekk. Minna vægi 2018 skýrist af auknum heildarverðmætum.





**Mynd. Heimild: Hagstofa Íslands**





**Mynd. Heimild: Hagstofa Íslands**


Mikilvægt er að horfa til tímagildis þegar útflutningstölur eru skoðaðar.





**Mynd. Heimild: Hagstofa Íslands**





**Mynd. Heimild: Hagstofa Íslands**





**Mynd. Heimild: Hagstofa Íslands**





**Mynd. Heimild: Hagstofa Íslands**





**Mynd. Heimild: Hagstofa Íslands**





**Mynd. Heimild: Hagstofa Íslands**




**Mynd. Heimild: Hagstofa Íslands**





**Mynd. Heimild: Hagstofa Íslands**




**Mynd. Heimild: Hagstofa Íslands**


Þegar rýnt er í tölur[43] um útfluttar afurðir áranna 2017 og 2018, kemur berlega í ljós mikilvægi loðnunnar fyrir íslenskan sjávarútveg. Vægi loðnunnar var umtalsvert hærra árið 2017 en árið 2018. Á sama tíma og heildarútflutningsverðmæti sjávarafurða jukust um 22% á milli áranna 2017 og 2018, þá lækkaði verðmæti loðnuafurða lítillega.





**Mynd. Heimild: Hagstofa Íslands**

[43]https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Atvinnuvegir/Atvinnuvegir__sjavarutvegur__utf/SJA04903.px/table/tableViewLayout1/?rxid=77637c83-81be-4e50-a833-16410e42626f

Þegar horft er aftur til ársins 2005[44] sést að gríðarlegar sveiflur hafa verið í loðnuveiðum. Afli og aflaverðmæti íslenskra loðnuskipa ber þess skýrt merki. Tölurnar frá 2005 sýna aflaverðmæti skipa, en ekki útflutningsverðmæti afurða. ATH að verðmæti er á verðlagi hvers árs. Verðmætin eru ekki núvirt og því varhugaverð til samanburðar. Meðalverð er einnig til upplýsinga en líta verður á það með varúð þar sem verðmætin eru í íslenskum krónum og ráðstöfun aflans er misjöfn.




**Mynd. Heimild: Hagstofa Íslands**





**Mynd. Heimild: Hagstofa Íslands**


[44]https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Atvinnuvegir/Atvinnuvegir__sjavarutvegur__aflatolur__afli_verdmaeti/SJA02201.px/table/tableViewLayout1/?rxid=6ac2d67f-3f65-42f7-a8c1-a9ccdfe30990

Vertíðina 2017 bárust á land um 7.300 tonn af loðnuhrognum í Eyjum. Framleiðsla utan Vestmannaeyja hefur því verið 10 þús. tonn. Í Eyjum voru því framleidd þetta ár rúmlega 42% allra loðnuhrogna á Íslandi.


Árið eftir voru framleidd rúm 4 þús. tonn af loðnuhrognum í Eyjum. Framleiðsla utan Eyja var álíka mikil. 49% loðnuhrogna sem framleidd voru þetta ár komu frá Vestmannaeyjum. Verðið hafði lækkað um 21% og á sama tíma minnkaði heildar framleiðslan um rúman helming.





**Mynd. Heimild: Hagstofa Íslands**





**Mynd. Heimild: Hagstofa Íslands**




**Mynd. Heimild: Hagstofa Íslands**





**Mynd. Heimild: Hagstofa Íslands**





**Mynd. Heimild: Hagstofa Íslands**


Þessu samfara er áhugavert að skoða magn og verðmæti loðnuafurða.





**Mynd. Heimild: Hagstofa Íslands**





**Mynd. Heimild: Hagstofa Íslands**





**Mynd. Heimild: Hagstofa Íslands**





**Mynd. Heimild: Hagstofa Íslands**





**Mynd. Heimild: Hagstofa Íslands**




**Mynd. Heimild: Hagstofa Ísland**




**Mynd. Heimild: Hagstofa Ísland**





**Mynd. Heimild: Hagstofa Ísland**





**Mynd. Heimild: Hagstofa Ísland**




**Mynd. Heimild: Hagstofa Ísland**





**Mynd. Heimild: Hagstofa Ísland**




**Mynd. Heimild: Hagstofa Ísland**




**Mynd. Heimild: Hagstofa Ísland**





**Mynd. Heimild: Hagstofa Ísland**

# 9 Fiskafli í Vestmannaeyjum 2019


Við mat á áhrifum loðnubrestsins er mikilvægt að horfa í landaðan afla, ekki einungis á uppsjávarfiski heldur einnig botnfiski.

## 9.1 Afli fyrstu 8 mánaða ársins 2019 í Vestmannaeyjum

Mestu munar um minni loðnuafla þegar litið er til breytinga á aflamagni. Loðnuaflinn 2018 var rúmlega 44 þús. tonn. Í heildina minnkaði heildaraflinn um 49 þús. tonn á milli áranna 2018 og 2019. Til viðbótar við loðnuna þá var stærsti áhrifavaldurinn kolmunni.





**Mynd. Heimild: Fiskistofa**





**Mynd. Heimild: Fiskistofa**

Aflamagn bolfisks jókst um 13% á milli ára á sama tíma og magn uppsjávarfisks minnkaði um 52%. Í heildina minnkaði landaður afli í Vestmannaeyjum um 39%.




**Mynd. Heimild: Fiskistofa**

Loðna og kolmunni eru þær tegundir sem skila sér til framleiðslu í fiskimjölsverksmiðjunum, því er augljóst að áhrifin af minni loðnu- og kolmunnafla hafa mest áhrif þar.





**Mynd. Heimild: Fiskistofa**

## 9.2 Uppsjávarafli 2019. Vestmannaeyjar og Þórshöfn


Í ljósi þess að Ísfélag Vestmannaeyja er með stafsemi á tveimur stöðum þá er nauðsynlegt til að átta sig á stöðunni að skoða landaðan uppsjávarafla í þessum tveimur höfnum saman á milli tveggja ára. Huginn VE 55 var í breytingum í Póllandi stóran hluta ársins 2018, en útgerðin leigði á móti skip Eskju til að veiða veiðiheimildir sínar það ár.

Ef við byrjum á að skoða makríllandanir þá var afli á milli áranna nánast sá sami á báðum stöðunum. Ísfélagið landar ríflegum meirihluta veiðiheimilda sinna á Þórshöfn. Það sama á við um Huginn sem landar meirihlutanum utan Eyja, þá fyrst og fremst á Eskifirði. Skip Vinnslustöðvarinnar landa öllum sínum afla í Vestmannaeyjum, sama hver uppsjávarstofninn er og eru þau að landa um og yfir helmingi landaðs afla í síld og makríl í Vestmannaeyjum.





**Mynd. Heimild: Fiskistofa**

Síldaraflinn jókst nokkuð á milli ára á báðum stöðunum. Ekki er gerður greinarmunur á síldarstofnum. Ísfélagið landar meirihluta síldarafla síns á Þórshöfn. Huginn landar mikið utan Vestmannaeyja, bæði innanlands og einnig erlendis.





**Mynd. Heimild: Fiskistofa**

Í kolmunnanum var veruleg minnkun í Vestmannaeyjum eða um rúm 12 þús. tonn. Huginn landar meirihluta kolmunnans utan Eyja, bæði erlendis og innanlands og skip Ísfélagsins landa kolmunnanum í Eyjum. Mjög litlum afla er landað á Þórshöfn og var breytingin þar óveruleg.





**Mynd. Heimild: Fiskistofa**

Þegar þessir þrír fiskistofnar eru skoðaðir saman þá sést að aflinn var 290% hærri í Eyjum m.v. Þórshöfn árið 2018 (tæplega þrefaldur). Árið 2019 var aflinn hins vegar 250% meiri. Lítilsáttar aukning var á Þórshöfn en veruleg minnkun var í Eyjum sem skýrist fyrst og fremst af minni kolmunnafla.





**Mynd. Heimild: Fiskistofa**

Þegar áhrif loðnuafla er sett í þetta samhengi sést greinilega hversu áhrif loðnunnar eru mikil. Tæpum 74 þús. tonnum af loðnu var landað á árinu 2018.





**Mynd. Heimild: Fiskistofa**

Breyting á magni er meira í Vestmannaeyjum enda var unnið rúmlega tvöfalt meira magn þar en á Þórshöfn á árinu 2018. Hlutfallsleg áhrif eru hins vegar meiri í Þórshöfn enda er vægi loðnu nokkuð hærra þar en í Vestmannaeyjum




**Mynd. Heimild: Fiskistofa**




**Mynd. Heimild: Fiskistofa**


# 10 Vestmannaeyjar og mikilvægi sjávarútvegs

Sjávarútvegur hefur verið undirstaða atvinnulífs í Vestmannaeyjum frá upphafi byggðar í Eyjum. Ef vel hefur gengið í sjávarútvegi hefur jafnframt verið almenn velmegun í samfélaginu í Eyjum. Þegar illa árar í sjávarútvegi koma áhrifin mjög hratt í fram í Eyjum sökum efnahagslegs mikilvægis sjávarútvegs, margfalt umfram aðrar atvinnugreinar og því koma bein og óbein áhrif mjög hratt fram, bæði á sjávarútveginn sjálfan sem og afleiður hans.


Þegar litið er til hvaðan launatekjur fólks í Vestmannaeyjum koma, kemur fram að störf í sjávarútvegi árið 2017[45] voru að skapa 38% allra tekna í Eyjum. 21,6% koma frá fiskveiðum (3.216 mkr.) og 16,4% komu frá störfum í fiskvinnslu (2.470 mkr.). Starfsmenn í sjávarútvegi skapa því nærri fjórðu hverju krónu í útsvarstekjum Vestmannaeyjabæjar. Myndirnar tvær á næstu blaðsíðu sýna annars vegar atvinnutekjur í Vestmannaeyjum (efri myndin) á árinu 2017 og hins vegar vægi þeirra innan Vestmannaeyja (neðri myndin).

Tekjur sjávarútvegsfyrirtækja í Eyjum voru á árinu 2018 nærri 37 ma.kr., skv. ársreikningum fyrirtækjanna. Ísfélag Vestmannaeyja og Vinnslustöðin eru með 2/3 tekna. Inni í þeirri tölu eru veiðar og vinnsla á sjávarafurðum. Loðnan er því að skapa rúmlega 16% af heildartekjum fyrirtækjanna í Eyjum. Loðnubrestur þýðir því rúmlega 16% tekjuskerðingu á heildartekjum sjávarútvegsins í Eyjum. Hlutfallið hjá uppsjávarfyrirtækjunum er nærri 22%, eins og fyrr hefur verið getið.

[45] https://www.byggdastofnun.is/static/files/Skyrslur/Atvinnutekjur/atvinnutekjur-2008-2017_.pdf





**Mynd. Heimild: Byggðastofnun**





**Mynd. Heimild: Byggðastofnun**

Heildartekjur úr öllum atvinnugreinum árið 2017 voru rétt rúmlega 15 ma.kr. 5,7 ma.kr. komu úr sjávarútvegi. Hér að neðan sést þróun launatekna úr sjávarútvegi eftir sveitarfélögum yfir 10 ára tímabil. Á línuritinu eru þau 5 sveitarfélög sem hafa hæstar tekjur úr sjávarútvegi. Vestmannaeyjar (rauða línan) er með næstmestar tekjur allra sveitarfélaga á landinu af sjávarútvegi. Reykjavík (bláa línan) hefur mestar launatekjur allra sveitarfélaga á landinu af sjávarútvegi.




**Mynd. Heimild: Byggðastofnun**


Vægi launatekna úr sjávarútvegi minnkar hratt í Eyjum. Það kemur skýrt fram á næstu mynd þegar hlutfall atvinnutekna af veiðum og vinnslu í sjávarútvegi er skoðað. Vestmanneyjar (rauða línan) hafa fallið úr efsta sætinu yfir þau sveitarfélög og svæði sem reiða sig mest á sjávarútveg, það sést á þessu 10 ára tímabili yfir 3 hæstu. Snæfellsnes (bláa línan) hefur litlu hærra hlutfall en Vestmannaeyjar, sem vermt hefur toppinn fram til ársins 2017




**Mynd. Heimild: Byggðastofnun**

Þessi mynd lýsir á margan hátt þeirri einhæfni sem ríkir í atvinnulífinu í Eyjum og hversu háðir Eyjamenn eru sjávarútvegi og eru þar af leiðandi viðkvæmari fyrir sveiflum sem löngum hefur fylgt sjávarútveginum

Þegar Vestmannaeyjar eru bornar saman við landið allt, í grafinu hér að neðan, þá kemur skýrt fram að sjávarútvegur skiptir gríðarlegu máli í Vestmannaeyjum. Vægi launatekna úr sjávarútvegi í Vestmannaeyjum (efri línan) er margföld á við vægið á landinu öllu (neðri línan). Árið 2017 var hlutfallið 38% í Eyjum en einungis 6% á landinu öllu




**Mynd. Heimild: Byggðastofnun**

# 11 Vænt loðnuvertíð 2019 – megin áhrifaþættir

Loðnan er brellin og kemur stöðugt á óvart. Það er sjaldan hægt að tala um eitthvað línulegt eða reglulegt í þessu samhengi. Það má segja að verð loðnuafurða hafi á flestan hátt verið afbrigðilegt á árinu 2019 sökum mikils skorts á hráefni og mikillar óvissu um framhald veiða við Ísland og í Barentshafi. Tveir mjög stórir áhrifaþættir hafa megináhrif á vænt tap af loðnuvertíð 2019. Þetta er gengi erlendra gjaldmiðla og almenn breyting á fiskverði í erlendri mynt. Horft verður á loðnuvertíðirnar 2017 og 2018 í samhengi en loðnuvertíðin 2018 notuð sem forsenda til útreiknings í köflunum hér á eftir.

## 11.1 Áhrif af gengi erlendra gjaldmiðla


Við mat á áhrifum loðnubrests er nauðsynlegt að horfa til gengis erlendra gjaldmiðla, enda eru nær allar loðnuafurðir fluttar erlendis og seldar í erlendri mynt. Uppsjávarfyrirtækin í Eyjum veittu upplýsingar um viðskiptamyntir loðnuafurða. Helsta viðskiptamynt loðnuafurða er Bandaríkjadalur (USD). Viðskipti með nær allar afurðir utan fiskimjöls fara fram með USD. Loðnuafurðir seldar til Japans, þá aðallega heilfryst loðna, er tengd japanska jeninu (JPY), en greiðslurnar fara fram í USD. Fiskimjöl er að mestu selt í norskum krónum (NOK) og lýsi er selt í USD.

Gögnin hér á eftir koma frá miðgengi Seðlabanka Íslands[46] og ná gögnin yfir þrjú ár, 2017 - 2019. Loðnuvertíðirnar 2017 og 2018 hafa verið notaðar sem forsendur fyrir spá um loðnuvertíð 2019.

Uppsjávarfyrirtækin í Eyjum færa bókhald sitt í erlendri mynt, sem og ársreikning. Ísfélag Vestmannaeyja og Huginn nota USD, en Vinnslustöðin notar Evrur (EUR). Fyrirtækin eru með langstærstan hluta tekna sinna í erlendri mynt en á móti er stór hluti kostnaðar í íslenskum krónum (ISK) s.s. laun. Laun sjómanna eru beintengd gengi erlendra gjaldmiðla og fiskverði erlendis í gegnum hlutaskiptakerfi sjómanna. Því er mikilvægt að horfa í samspil gjaldmiðla þegar rýnt er í tölur tengdar þessum fyrirtækjum. Tölur og gögn sem unnið er með í þessari greiningu byggja á mismunandi gjaldmiðlum og því er mikilvægt að horfa á þróun einstakra gjaldmiðla.


[46] https://www.sedlabanki.is/?PageId=3ea6d66d-e51e-4c7b-bb0d-bedc5377e014

Hæst fór miðgengi USD 3. september 2019, en þá stóð gengi USD/ISK í 127,69. Lægst var gengið 6. júní 2017 en þá stóð það í 97,79. Mismunurinn er 30,6%





**Mynd. Heimild: Seðlabanki Íslands**

Hæst fór miðgengi NOK 12. júlí 2019, en þá stóð gengi NOK/ISK í 14,766. Lægst var gengið 6. júní 2017 en þá stóð það í 11,574. Mismunurinn er 27,6%





**Mynd. Heimild: Seðlabanki Íslands**

Hæst fór miðgengi EUR 29. nóvember 2018, en þá stóð gengi EUR/ISK í 142,3. Lægst var gengið 6. júní 2017 en þá stóð það í 110. Mismunurinn er 29,4%





**Mynd. Heimild: Seðlabanki Íslands**

Hæst fór miðgengi JPY 3. september 2019, en þá stóð gengi JPY/ISK í 1,2036. Lægst var gengið 2. júní 2017 en þá stóð það í 0,8804. Mismunurinn er 36,7%





**Mynd. Heimild: Seðlabanki Íslands**

Þegar horft er til meðalgengis (meðaltal allra dagsgilda yfir árið) sést hversu skörp hækkun er í USD og JPY á milli áranna 2018 og 2019. Að öllu öðru jöfnu hefði þessi hækkun haft umtalsverð áhrif á afkomu loðnuvertíðar á árinu 2019. Hækkun á NOK varð mun minni en USD og JPY. Vert er að ítreka að hér er einungis verið að lýsa gjaldmiðlum en ekki breytingu á fiskverði í erlendri mynt, sem hefur svo enn önnur áhrif á heildarmyndina.





**Mynd. Heimild: Seðlabanki Íslands**





**Mynd. Heimild: Seðlabanki Íslands**

Áhugavert er að skoða sérstaklega þróun gjaldmiðla frá lokum loðnuvertíðar árið 2018. Bæði USD og JPY hafa hækkað umtalsvert síðan þá. Megin gengishækkunn var komin fram í lok árs 2018 og hefði því án efa átt að vera komin inn í mat á áhrifum loðnubrests árið 2019.




**Mynd. Heimild: Seðlabanki Íslands**




**Mynd. Heimild: Seðlabanki Íslands**

Við mat á áhrifum vegna breytingu á gengi gjaldmiðla var notast við þær forsendur að USD myndi vigta 75% og NOK 25% í heildarbreytingunni. Vægi þessara mynta lýsir

vörusölu uppsjávarfyrirtækjanna í Eyjum. Einnig var tekið inn í myndina vægi JPY á afurðasölu. Þegar horft er til þeirrar breytingar sem hefur orðið á milli meðaltala áranna 2018 og 2019 auk þeirrar breytingar sem orðið hefur á gengi gjaldmiðla frá loðnuvertíð 2017 þá er vegin meðaltalshækkun 14%. Sú forsenda er notuð til að meta vænt verðmæti loðnuvertíðar 2019. Mikil styrking USD leiðir hækkunina. JPY hefur einnig styrkst mjög mikið gagnvart ISK.

## 11.2 Áhrif afurðaverðs í erlendri mynt

Mjög erfitt er að meta eitthvað eðlilegt afurðaverð á loðnu í erlendri mynt frá vertíðinni 2018. Þegar ljóst var að loðnubrestur var orðin staðreynd árið 2019 skapaðist mikil eftirspurn eftir óseldum birgðum. Með þessari auknu eftirspurn hækkaði verðið mjög. Því er mjög varhugavert að skoða söluverðmæti loðnuafurða eftir loðnubrestinn og heimfæra þær tölur á mögulega loðnuvertíð 2019.

Í lok október 2018 birtist viðtal[47] við Teit Gylfason sölustjóra hjá fisksölufyrirtækinu Iceland Seafood. Þar talar hann um að loðnubrestur muni fyrst og fremst bitna á mörkuðum fyrir heilfrysta loðnu. Hann talar jafnframt um að ársbirgðir séu til að loðnuhrognum. Engin veiði var í Barentshafi árið 2019, sem hafði enn sterkari áhrif á aukna eftirspurn eftir loðnuafurðum.

Í Hagsjá Landsbankans[48] sem gefin var út þann 20. nóvember 2019 er rætt um mikla hækkun sjávarafurða. Í greiningunni kemur m.a. fram að verð sjávarafurða hefur hækkað töluvert á árinu 2019 mælt í erlendri mynt og hefur hækkunin verið töluvert umfram hækkun almenns verðlags erlendis. Hækkunin á þriðja ársfjórðungi nam 9,3% milli ára og er það mesta hækkun á 12 mánaða grundvelli síðan á öðrum fjórðungi 2015, þegar verðið hækkaði um 13,3%.

Einnig kemur fram að á fyrstu þremur fjórðungum ársins 2019 var verð íslenskra sjávarafurða í erlendri mynt 8,2% hærra en á sama tímabili árið 2018. Útflutningsverðmæti sjávarafurða nam 192 ma.kr. á fyrstu þremur fjórðungum ársins 2019 borið saman við 171,6 ma.kr. á sama tímabil 2018 og nemur aukningin 11,9%. Aukið


[47] https://www.ruv.is/frett/lodnukaupmenn-stola-a-lodnu-i-januar

[48] https://umraedan.landsbankinn.is/umraedan/efnahagsmal/frett/2019/11/20/Hagsja-Verd-islenskra-sjavarafurda-i-sogulegu-hamarki/?newsImage=5850a07b-403d-11e5-af9c-0050568800ef

útflutningsverðmæti er skýrt að töluverðu leyti af veikingu krónunnar milli ára en gengisvísitala krónunnar á fyrstu þremur fjórðungum ársins var 11,7% hærri en á sama tímabili í fyrra. Mælt á föstu gengi krónunnar nam aukning útflutningsverðmætis um 0,2% milli ára. Útflutningsverðmæti loðnu drósts saman um 10,2 ma.kr. á föstu gengi krónunnar en litið framhjá áhrifum loðnuútflutnings jókst útflutningsverðmæti sjávarafurða um 6%.

Í greiningunni er einnig fjallað um mikla hækkun á verði loðnuafurða: *„Sé útflutningur sjávarafurða [skipt] niður á tegundir settur á fast gengi og fast magn í tonnum talið má fá grófa mynd af verðhækkun einstakra tegunda í erlendri mynt milli ára. Sé litið til þeirra 20 tegunda sem skiluðu mestu útflutningsverðmæti á þessu ári sést að langmesta verðhækkun í erlendri mynt mælist í loðnu. Hækkunin nemur 114% milli ára. Þetta er líklega töluvert ofmat og þarf því að taka þessari niðurstöðu með verulegum fyrirvara. Ástæðan er sú að líklegt er að hærra hlutfall hrogna sé í útflutningi þessa árs en í fyrra en hrogn gefa mun hærra verð en mjöl. Hlutfall hrogna í útflutningi loðnu hefur fylgst að við magn veiða í gegnum tíðina. Þeim mun meiri veiðar, þeim mun hlutfallslega lægra hlutfall af aflanum hefur verið nýttur í hrognatöku.“*

Einnig kemur fram í greiningunni myndin hér að neðan sem lýsir verðbreytingu afurða í erlendri mynt milli fyrstu 9 mánaða áranna 2018 og 2019 (gróft reiknað). Þær 20 tegundir sem gefa mest útflutningsverðmætið.




**Mynd. Heimild: Hagfræðideild Landsbanka Íslands og Hagstofa Íslands**

Framboð og eftirspurn hefur mjög mikil áhrif á almenna verðmyndun. Eins og myndin hér á undan gefur skýrt til kynna þá hækkaði verð á loðnuafurðum margfalt á við aðrar sjávarafurðir. Hækkunin er mjög afbrigðileg. Fjölmargar ástæður geta legið að baki hækkuninni en augljóst er að loðnubresturinn með þeim voruskorti sem hann skapaði hefur haft mest áhrif.

Framleiðsla á loðnuhrognum var mjög mikil árið 2017 eins og fyrr hefur verið getið. Sú mikla framleiðsla hafði áhrif á loðnuhrognaframleiðslu á árinu 2018. Þeir aðilar sem áttu birgðir af loðnuhrognum m.a. frá árinu 2017 gátu selt þær birgðir á uppsprengdu verði á árinu 2019 þegar ljóst var að loðnubrestur var staðreynd. Það er því ljóst að þeir aðilar sem verst gekk að selja afurðir vertíðanna 2017 og 2018 græddu verulega á að eiga birgðir þar sem verð afurða hækkaði gríðarlega á árinu 2019. Slæmt útlit varðandi loðnuvertíð árið 2020 bæði á Íslandi og í Barentshafi hafði enn frekari áhrif á hækkun loðnuafurða.

Ljóst er að næsta loðnuvertíð getur gefið gríðarlega hátt verð þar sem mikill skortur er á mörkuðum með loðnuafurðir, þá sérstaklega frosnar afurðir. Kaupendur á fiskimjöli og lýsi hafa önnur úrræði til að verða sér úti um hráefni, enda fiskimjöl og fiskilýsi heimsmarkaðsafurð. Veiðar á Ansjósu í Perú eru ein stærsta einstaka breytan við verðmyndun á fiskimjöli og lýsi í heiminum. Veiðar á ansjósum í Perú og í Kyrrahafi hafa sveiflast mjög mikið sökum El Niño veðurfyrirbrigðisins. Framboð og eftirsprn eftir laxi hefur einnig haft áhrif á verð á fiskimjöl og lýsi frá Íslandi, enda er fiskimjöl og lýsi stór hluti af hráefni í fóður fyrir lax.

Í þessari greiningu er reynt að meta mögulega loðnuvertíð árið 2019. Veiðar á loðnu hafa verið mjög sveiflukenndar og ráðstöfun afla ólík. Þrátt fyrir að haghafar í loðnu byggi ákvarðanir sínar á vísindalegum göngum þá hefur loðnustofninn margoft komið mönnum mjög á óvart, bæði stórar vertíðir og aflabrestur. Þetta vita kaupendur afurða og hafa því stýrt innkaupum í samræmi við það. Hingað til hafa loðnuveiðar og -vinnsla verið gangverk sem ekki hefur skapað alvarlegan skort á markaði með varanlegum áhrifum. Ef loðnubrestur verður að nýju árinu 2020 er hætta á að markaðir geti tapast með mjög alvarlegum afleiðingum.

# 12 Spurningakönnun og viðtöl

Strax í upphafi vinnunnar var tekin ákvörðun um að gera könnun á meðal lögaðila í Vestmannaeyjum til að meta áhrif loðnubrestsins 2019. Listi yfir þátttakendur er hér á eftir. 32 lögaðilar fengu spurningar og svöruðu spurningum höfundar um áhrif loðnubrests á starfsemi þeirra. Eitt lítið fyrirtæki svaraði ekki. Aðilarnir voru valdir af höfundi, aðilar sem hann taldi að myndu gefa sem gleggsta og skýrustu myndina. Stærð fyrirtækja spilaði stóran þátt í vali og sterk möguleg tengsl við loðnu. Spurningunum var svarað í september og október 2019. Svarendum var boðið að svara beint með tölvupósti eða svara í viðtali til að tryggja svörun og engan misskilning varðandi spurningar.

Í febrúar árið 2017 vann höfundur skýrslu um Atvinnumál og samfélag í Vestmannaeyjum. Ein af niðurstöðum þess var sú að í Vestmannaeyjum væru 2015 stöðugildi starfandi í Eyjum hjá 266 lögaðilum (fyrirtæki, stofnanir og einstaklingar í atvinnurekstri). Þeir 32 lögaðilar sem tóku þátt í könnuninni nú standa að baki 48% stöðugildanna í Eyjum eða 965. Könnunin nær því yfir aðila sem útvega helming stöðugilda í Vestmannaeyjum ef litið er til nýjustu gagna. Höfundur telur marktækni og áreiðanleika gagnanna góðan og að svörin í könnuninni nú eigi að vera lýsandi fyrir umfang og afleiðingar loðnubrestsins. Mikilvægt er að horfa til þess að könnunin og um leið matið nær til helmings stöðugilda í Eyjum. Einhver óþekktur fjöldi hefur einnig hagsmuni af loðnu og eru áhrif þeirra því vantalin í niðurstöðunni.

Svarendum var heitið trúnaði varðandi svör. Ekki er hægt að rekja svör til einstakra aðila. Tilgangur spurninganna var ekki að varpa ljósi á einstök fyrirtæki heldur meta áhrif á atvinnulífið í heild. Mjög mörg fyrirtæki gáfu mikilvægar og góðar upplýsingar í trausti trúnaðar. 97% aðila svöruðu.

Fyrirtækin sem svöruðu eru í eftirfarandi starfsemi: útgerð, fiskvinnslu, vélaviðgerðum, vörubílaakstri, bílaviðgerðum, flutningum, veitingasölu, sölu á loðnuafurðum, málmsmíði, raflagnaþjónustu, löndun, geymslu á frystivörum, orkusölu, veiðarfæraþjónustu, gistingu, pípulagnaþjónustu, verslanir á fyrirtækjamarkaði og einstaklingsmarkaði, olíu- og olíuvöru sala, byggingaráðgjöf og byggingarverktakar, hafnarstarfsemi, efna- og þjónustumælingar, blönduð þjónustustarfsemi við sjávarútveg og rekstur sveitarfélags.

Ekki var hægt að setja heildstæð gögn úr ársreikningum þar sem rekstargögn starfsstöðva (lögaðilar utan Vestmannaeyja en eru með starfsstöð í Vestmannaeyjum) er ekki sundurliðaður sérstaklega í ársreikningum þessara fyrirtækja.

Til viðbótar við neðangreindar spurningar aflaði höfundur sér ýtarlegri gagna hjá útgerðum loðnuskipa og fiskvinnslufyrirtækjum sem vinna loðnu, auk opinberra gagna á internetinu.

## 12.1 Spurningar

Settar voru fram 12 spurningar:

1. Getur þú lýst beinum og óbeinum áhrifum loðnubrests á fyrirtæki þitt?
2. Missti fyrirtækið einhver viðskipti í framhaldinu af loðnubrestinum?
3. Komu önnur verkefni eða tekjur í staðin?
4. Hefur starfsfólki verið sagt upp eða gerðar einhverjar breytingar á starfsmannahaldi sem beint má rekja til loðnubrestsins?
5. Hversu margir starfsmenn eru að vinna vinnu tengda loðnuveiðum og loðnuvinnslu. Annars vegar starfsmenn og hins vegar stöðugildi (ársverk)?
6. Myndir þú bregðast öðruvísi við en þú gerðir í ár ef annað álíka áfall kæmi upp í uppsjávarveiðum s.s. loðnubrestur árið 2020, hvernig?
7. Urðu einhverjar verulegar eða varanlegar breytingar á fyrirtækinu?
8. Var hætt við einhver framtíðaráform eða fjárfestingar?
9. Eru áhrif loðnubrests komin fram?
10. Hversu mikið áætlar þú tekjutapið vegna loðnubrestsins?
11. Hversu hátt hlutfall af heildartekjum fyrirtækisins koma vegna loðnuvertíðar?
12. Hversu mikil framlegð tapaðist eða hversu hátt hlutfall tapaðist?

## 12.2 Svarendur

Eftirtaldir aðilar tóku þátt í könnuninni

1. Bíla- og vélaverkstæðið Nethamar ehf.
2. Braggabílar ehf.
3. Eimskip Ísland ehf. - starfsstöð í Eyjum

**4.** Einsi Kaldi Veisluþjónusta ehf

**5.** Eyjablikk ehf.

**6.** Faxi ehf. (Geisli, raftækjavinnustofa)

**7.** Hafnareyri ehf.

**8.** Hampiðjan hf. - starfsstöð í Eyjum

**9.** Hótel Vestmannaeyjar ehf.

**10.** HS Veitur hf.

**11.** Huginn ehf.

**12.** Ísfell ehf. - starfsstöð í Eyjum

**13.** Ísfélag Vestmannaeyja hf.

**14.** Miðstöðin Vestmannaeyjum ehf.

**15.** N1 - starfsstöð í Eyjum

**16.** Olíuverzlun Íslands hf. (Olís) - starfsstöð í Eyjum

**17.** Póley ehf.

**18.** Rannsóknarþjónustan Vestmannaeyjum ehf.

**19.** Samskip hf. - starfsstöð í Eyjum

**20.** SBS Asia ltd ehf. (Gistihúsið Hamar)

**21.** Skeljungur hf. - starfsstöð í Eyjum

**22.** Skipalyftan ehf.

**23.** Skóstar ehf. (Axel Ó)

**24.** Steini og Olli - byggingaverktakar ehf.

**25.** Teiknistofa Páls Zóphóníassonar ehf.

**26.** Vestmannaeyjabær

**27.** Vestmannaeyjahöfn

**28.** Veyja ehf. (Kaffi Varmó)

**29.** Vélaverkstæðið Þór ehf.

**30.** Vinnslustöðin hf. (& VSV Iceland ehf.)

**31.** Vinnutæki ehf. (Löndunargengið)

# 13 Áhrif loðnubrestsins 2019 - haghafar

Til að draga upp mynd af áhrifum loðnubrestsins 2019 var stuðst við ýmis gögn, m.a. svör úr spurningakönnuninni og samtöl við fjölmarga haghafa. Einnig var stuðst við gögn frá fyrirtækjum, opinber gögn og gögn úr ársreikningum fyrirtækjanna. Flokkarnir eru fjölmargir enda eru áhrifin mjög ólík á einstaka flokka.

Útreikningar og niðurstöður er byggðir á gögnum frá uppsjávarfyrirtækjunum, viðmið við vertíðarnar 2017 og 2018, þar sem vertíðin 2018 var notuð sem forsenda s.s. afli og ráðstöfun. Einnig var tekið tillit til hækkunar á fiskverði og breytinga á gengi erlendra gjaldmiðla.

Til þess að meta möguleg áhrif loðnubrests var við gerð þessarar skýrslu gert líkan til að spá fyrir um möguleg áhrif loðnuvertíða út frá mismunandi forsendum. Líkanið púslar einnig saman brotum í eina heildarmynd og getur leitt út tilgátur um áhrif.

Í útreikningum hefur verið gert ráð fyrir hækkun launa í landvinnslu um 5,5% á milli vertíðarinnar 2018 og væntrar vertíðar 2019. Einnig var gert ráð fyrir 14% hækkun á afurðaverði í erlendri mynt sökum styrkingar á gengi helstu viðskiptamynta með loðnuafurðir. Gert er ráð fyrir 12% hækkun á afurðaverði í erlendri mynt. Samanlagt er því gert ráð fyrir 26% aukningu tekna af loðnuafurðum. Afurðir hafa hækkað mismikið. Því er farið í flata hækkun á öllum afurðum metið út frá vægi afurða o.fl. þáttum.

Matið byggir á tekjum og kostnaði af loðnuveiðum og – vinnslu. Hluti starfsmanna gat sinnt öðrum störfum og fyrirtæki höfðu einnig aðrar tekjur. Áhrif þeirra þátta eru ekki dregin frá heildinni.

## 13.1 Starfsmenn uppsjávarfyrirtækja

230 starfsmenn vinna beint við veiðar og vinnslu á loðnu í Vestmannaeyjum hjá uppsjávarfyrirtækjunum þremur. 70 sjómenn og 160 í landi. Þessu til viðbótar starfar fjöldi fólks utan vinnslu og veiða innan fyrirtækjanna s.s. við ýmsa stoðþjónustu, sölu- og markaðsmál, yfirstjórn o.fl. Í raun má segja að rekstur þessara fyrirtækja snúist að mestu leyti um loðnu meðan á loðnuvertíð stendur. Hryggjarstykkið í rekstri þessara fyrirtækja eru uppsjávarveiðar og því hefur starfsemin mikið snúist í kringum það. Stærsti hluti þessa starfsfólks er fastráðið, en auk þess kemur nokkur hópur fólks sem er lausráðið yfir vertíðina. Loðnuvertíð er lausráðnu starfsfólki gríðarlega mikilvæg. Margt af þessu fólki

er í hlutastörfum annarsstaðar og getur komist í uppgrip með vinnu á vöktum í loðnuvinnslu.

Loðnubresturinn hafði mjög ólík áhrif á starfsmenn fyrirtækjanna. Nærri 120 manns starfa á sjó, í fiskimjölsverksmiðjum og við löndun. Það kom í raun og veru ekkert annað í staðinn fyrir loðnuvertíð hjá þessum hópi. Skipin eru sérbúin til að veiða uppsjávarfisk og fóru því ekki á aðrar veiðar og fiskimjölsverksmiðjurnar fengu ekki annað hráefni. Flest ef ekki allt af þessu starfsfólki er fastráðið. Sjómenn fá þá lágamarkslaun svokallaða kauptryggingu, eða tímakaup ef menn kjósa að vinna um borð í skipunum við bryggju. Starfsmenn í bræðslunum fóru að einhverju leyti í ýmis störf og viðhald inni í fyrirtækjunum. Erfitt getur reynst að grípa til slíkra verkefna á ný ef loðnubrestur verður tvö ár í röð.

Landvinnslufólkið sem starfar við frystingu gat hins vegar bætt sér að einhverju leyti upp tekjumissinn með störf við vinnslu á bolfiski. Langstærsti hluti launa fiskvinnslufólks í bolfiskvinnslu kemur frá dagvinnu og því eru laun þessa fólks ekki sambærileg miðað við loðnuvertíð þrátt fyrir að fólk hefði vinnu.

Hjá öllum þessum aðilum hafði loðnubresturinn gífurleg áhrif. Við loðnuveiðar og -vinnslu er mikið unnið á stuttum tíma. Fólk í landi vinnur á vöktum sem ganga allan sólarhringinn. Einnig er fjöldi fólks á bakvakt eða „stand by“ eins og einn aðili orðaði það. Vaktavinna gefur vel þar sem mikil yfirvinna er unnin. Yfirvinnan er landverkafólkinu gríðarlega mikilvæg þar sem þau laun gefa hlutfallslega mikið. Á loðnuvertíð er mikil yfirvinna og mikið álag á starfsfólki. Stór hluti árstekna sjómannanna er að koma frá loðnuveiðum. Mikið magn er veitt á stuttum tíma. Nokkuð langt tímabil getur verið á milli uppsjávarvertíða. Dæmi er um að sjómenn hafi verið tekjulausir í 5 mánuði frá lok nóvember 2018 – loka apríl 2019. Rétt er að taka fram að 4 – 5 sjómenn á Eyjaskipunum eru með lögheimili utan Vestmannaeyja. Á móti kemur að nokkrir uppsjávarsjómenn eru með lögheimili í Vestmannaeyjum en starfa hjá útgerðum utan Vestmannaeyja. Í þessari skýrslu er því litið svo á að allar tekjur sjómanna af Eyjaskipunum komi til Eyja.

Engar beinar uppsagnir urðu hjá fyrirtækjunum þremur sem beint má rekja til loðnubrestsins, utan þess að Ísfélagið seldi uppsjávarskipið Álsey VE 2 til Rússlands. 9 – 12 heilsársstörf töpuðust þar. Opinberar tölur um atvinnuleysi í Eyjum styðja það að ekki hafi verið um miklar uppsagnir að ræða í kjölfar loðnubrestsins hjá öðrum í Eyjum.

Þegar rætt er um laun starfsmanna tengda loðnuveiðum- og – vinnslu er sjaldnast talað um launakostnað fyrirtækja sem fellur til við undirbúning loðnuvertíðar. Í þessari skýrslu er einungis litið til kostnaðar við vinnu meðan á loðnuvertíð stendur. Undirbúningurinn stendur yfir í nokkra mánuði fyrir eiginlega vertíð. Það sama á við um vinnu eftir vertíð. Mun minni undirbúning þarf því fyrir næstu loðnuvertíð. Erfitt er að gera sér nákvæma grein fyrir umfangi þessarar vinnu og/eða launum af henni. Þó er ljóst að um verulega háar fjárhæðir er að ræða. Þetta kom skýrt fram í samtölum og svörum við hagahafa. Áhrif loðnubrestsins eru því ekki komin öll fram á launum starfsfólks. Einnig er vert að geta kostnaðar og áhrifa á fólk sem starfar ekki beint við vinnsluna sjálfa. 22% af tekjum fyrirtækjanna er að koma frá loðnu og því augljóst að stór hluti af vinnu þess starfsfólks fer í vinnu tengda loðnu. Þessi kostnaður er ekki sérstaklega metinn í þessari skýrslu. Ef það er enginn loðnuvertíð þá minnkar vinnan umtalsvert.

Uppsjávarveiðar á s.l. árum hafa nánast eingöngu farið fram með flottrollum, ef loðnuveiðar eru undanskildar. Þegar veitt er með flottroll er vanalegast hægt að fækka í áhöfn, oft um 3 – 4 sjómenn. Þrátt fyrir það er fastur kjarni jafnan í áhafnarfjölda skipana. Á loðnuvertíð eru algegnt að allir áhafnarmeðlimir séu um borð en á flottrollsveiðum hvíla einhverjir á milli túra svo hægt sé að fækka í áhöfn. Hagur útgerðarinnar er að hafa fáa í áhöfn en á móti kemur að hagur útgerðarinnar er líka að veiða sem mest í nót þar sem nótaveiðar eru að öllu öðru jöfnu mjög stórvirkar þar sem hægt er að ná í mikinn afla oft með litlum olíukostnaði. Gæði hráefnis eru jafnan meiri þegar veitt er með nót, sem ætti að skila sér í hærra verði til útgerða og sjómanna.

Atvinnulíf í Eyjum er mjög einsleitt og snýst það að stóru leyti um sjávarútveg. Það má segja að sjávarútvegurinn sé hjartað í samfélaginu. Hjartað dælir fjármagni inn í samfélagið og heldur því gangandi.

Ferðaþjónustuaðilar í Eyjum hafa ekki notið þeirrar gríðarlegu uppsveiflu á ferðaþjónustu sem verið hefur á Íslandi á s.l. árum. Einungis lítið brot ferðamanna sem koma til Íslands hafa viðkomu í Vestmannaeyjum. Þar hafa samgöngur spilað stórt hlutverk. Vægi ferðaþjónustunnar er hlutfallslega mjög lítið, þrátt fyrir mikilvægi hennar fyrir samfélagið í Eyjum. Ferðaþjónusta utan sumartíma er í mýflugumynd, fáir gestir og þjónustuframboðið er minna með tilheyrandi færra starfsfólki. Af þessu leiðir að ferðaþjónustan er ekki það mótvægisafl sem hún er víða annarsstaðar. Í einhæfu

atvinnulífi eins og í Eyjum er því í fá önnur störf að fara þegar brestur verður í einni atvinnugrein, sérstaklega í máttarstólpa atvinnulífsins.

Í júní 2019 kom fram könnun[49] á meðal fyrirtækja sem starfa á landsbyggðinni. Ein af niðurstöðum hennar, þegar stjórnendur fyrirtækjanna voru spurðir um viðbrögð við samdrætti og hugsanlegum aðgerðum, er sú að fyrirtæki á landsbyggðinni grípa síður til uppsagna og niðurskurðar þegar illa árar, ólíkt fyrirtækjum á höfuðborgarsvæðinu[50]. Jafnfram er rætt um að hagnaðarkrafan sé jafnan minni á landsbyggðinni og samfélagsleg ábyrgð sterkari. Viðbrögð haghafa loðnuveiða og -vinnslu í Eyjum styðja við niðurstöðu könnunarinnar.

Samandregið þá má segja að loðnubresturinn hafi haft lítil áhrif hvað varðar fjölda starfsmanna. Starfsmenn tóku hins vegar á sig mikla tekjulækkun. Flestir gera sér grein fyrir þeirri áhættu sem uppsjávarveiðar eru. Aflamagn og verð geta breyst snögglega. Áhætta og ávinningur hangir oft saman. Flestir stóðu af sér áfallið 2019 en dræmt útlit fyrir loðnuvertíð 2020 hefur komið af stað umræðu um breytingar.

**Áætlað er að starfsmenn uppsjávarfyrirtækjanna þriggja í Eyjum sem starfa með beinum hætti við uppsjávarveiðar og -vinnslu hafi orðið af 905 mkr. launatekjum vegna væntrar loðnuvertíðar árið 2019. Eru þá ótaldar tekjur af undirbúningi og eftirfylgni loðnuvertíðar, yfirstjórn, stoðkerfi o.fl. Matið er því nokkuð varfærið. 230 manns standa á bak við þessar 905 mkr. eða tæplega 4,0 mkr. að meðaltali. Laun á sjó eru metin rúmlega 640 mkr. (71%) og laun í vinnslum 265 mkr. (29%). Ef meðal loðnuvertíð stendur yfir í 8 vikur þá má búast við því að rúmlega 35 ársverk hafi tapast.**

Byggðastofnun hefur s.l. ár gefið út tölur um atvinnutekjur í sveitarfélögum. Árið 2018[51] voru atvinnutekjur í Vestmannaeyjum metnar á samtals 15.728 mkr. Launatekjur af fiskveiðum voru 3.422 mkr. (21,8%) og af fiskvinnslu 2.410 mkr.(15,3). Samtals voru því launatekjur í sjávarútvegi 5.832 mkr. eða 37,1% af öllum launatekjum í Vestmannaeyjum. Ef launatekjur af loðnuveiðum árið 2019 eru lækkaðar um 26%, (hækkun á afurðaverði milli loðnuvertíðanna 2018 og 2019) sést að launatekjur vegna loðnu í fiskveiðum og

[49] http://ssv.is/wp-content/uploads/2019/06/Fyrirtaekjakonnun_2018_allir-landshlutar-lokautgafa.pdf

[50] https://www.ruv.is/frett/gripa-sidur-til-uppsagna-a-landsbyggdinni

[51] https://www.byggdastofnun.is/static/files/Skyrslur/Atvinnutekjur/atvinnutekjur-2008-2018.pdf

fiskvinnslu er að standa undir 21% af tekjum úr hvorri atvinnugrein fyrir sig. Sú tala er nærri vægi loðnu í rekstri uppsjávarfyrirtækjanna í Eyjum (22%)

## 13.2 Uppsjávarfyrirtækin

Uppsjávarfyrirtækin í Eyjum eru máttarstólpar atvinnulífsins í Eyjum. Í Vestmannaeyjum eru 15 fyrirtæki sem stunda útgerð og vinnslu á sjávarfangi. Auk þeirra eru 18 smábátaútgerðir og skoðast þær sem ein eining í þessari umræðu, þá sem einn aðili. Sjávarútvegurinn í heild sinni, ef litið er fram hjá veltu fisksölufyrirtækjanna þriggja sem starfa í Eyjum, var að velta 37,1 ma.kr. á árinu 2018. Uppsjávarfyrirtækin eru í þremur efstu sætunum þegar litið er til tekna á árinu 2018. Velta þeirra er tæplega 73% af heildartekjum þessara 16 aðila . Samanlagðar tekjur uppsjávarfyrirtækjanna þriggja á árinu 2018 voru 27 ma.kr. Ef fyrirtækin sem eru að meirihluta að eigu í eigu þessara þriggja aðila er bætt við þá er hlutfallið yfir 75%. Það er því augljóst að fjárhagsleg afkoma þessara fyrirtækja hefur gríðarleg áhrif út í samfélagið.

Af öllum þeim haghöfum sem tilgreindir eru í þessari skýrslu þá eru fjárhagsleg áhrif mest á uppsjávarfyrirtækin sjálf og fyrirtæki þeim tengdum. Að baki einni loðnuvertíð liggur að baki gríðarlegur undirbúningur sem staðið hefur yfir í marga mánuði. Því má segja að áður en til loðnuvertíðar kemur þá hafa fyrirtækin lagt út fyrir kostnaði við undirbúning vertíðar. Ef loðnubrestur verður þá koma engar tekjur inn á móti þessum undirbúningskostnaði. Þessi kostnaður getur falist í: launakostnaði, viðhaldi tækja, nýfjárfestingum og kostnaði við að eiga tæki s.s. afskriftir, fjármagnskostnaður, viðhald o.fl. Mikið af þessum búnaði er mjög sérhæfður s.s. búnaður til að framleiða loðnuhrogn, búnaður sem nýtist ekki til annarrar uppsjávarvinnslu. Ef engin vertíð er, þá standa þessar fjárfestingar ónýttar. Þær þurfa hins vegar ávallt að vera tilbúnar fyrir sérhverja loðnuvertíð.


Fyrirtækin hafa ekki tekjur af loðnu í loðnubresti, nema af sölu birgða. Loðnuveiðar- og vinnsla eru gríðarlega hagkvæmar í rekstrarlegu tilliti og hafa skapað fyrirtækjunum dýrmæta framlegð af veiðum og vinnslu. Stærsti hluti loðnuveiða fer fram með nótaveiðum sem eru mjög hagkvæmar. Þar er lítil olíueyðsla og hægt að taka mikið magn á skömmum tíma og gæði hráefnisins eins og best verður á kosið. Framleiðslan er einnig mjög hagkvæm. Fiskimjölsverksmiðjurnar afkasta mjög miklu magni og frystihúsin eru

orðin mjög tæknileg. Afköst pr. mann hafa aukist mjög mikið á síðustu árum bæði við veiðar og í vinnslu. Nýting innviða og þeirra fjárfestinga sem lagt hefur verið í er mjög góð. Hlutfall loðnu af heildartekjum fyrirtækjanna er mjög hátt, en þar sem framlegðin er oft hærri í loðnu umfram veiðar á öðrum fiskistofnum þá hefur framlegðin bein áhrif á hagnað fyrirtækjanna.

Ef við skoðum einstaka rekstrarhluta og byrjum á skipunum þá eru engin verkefni sem koma í staðin fyrir loðnuveiðar. Skipin geta mögulega farið á kolmunnaveiðar, en eina sem gerist við það, er að kvóti sem annars hefði verið tekin eftir loðnuvertíð er tekinn meðan á loðnuvertíð stendur, þ.e. hliðrast til innan ársins. Skipin eru sérhæfð til uppsjávarveiða og stunda því ekki aðrar veiðar s.s. á bolfiski. Áður fyrr, sérstaklega í kringum síðustu aldamót, meðan skipin voru mun minni en þau eru í dag, gátu uppsjávarskip stundað bolfiskveiðar eða rækjuveiðar. Sumt af þessu var ekki sérlega hagkvæmt fyrir útgerðina en þetta skapaði störf fyrir sjómenn og eitthvað kom upp í fastan kostnað. Veiðarnar sköpuðu því stöðugleika í starfsmannamálum og við rekstur skipana. Skipin eru nú orðin svo sérhæfð og stór að þau henta ekki til annarra veiða en uppsjávarveiða.

Fátítt er að skip á íslenskri skipaskrá séu flutt á milli landa til að veiða , það sem kallað er „að flagga“ skipum milli landa. Slíkur kostur gæti verið álitlegur þegar veiðigeta minnkar á Íslandi og þörf gæti verið á henni í öðru landi. Ýmsar ástæður geta legið þar að baki en sjálfsagt vegur kostnaður við þau viðskipti hvað mestu s.s. stimpilgjöld o.fl. Ein afleiðing loðnubrests á árinu 2019 var sú að fækkað var um eitt skip í uppsjávarflota Eyjamanna þegar Álsey VE var seld til Rússlands.

Í fiskimjölsverksmiðjunum hefur lítið komið í staðinn fyrir loðnu. Á loðnuvertíðinni 2018 var landað 44.200 tonnum í Vestmannaeyjum. Hluti þess fór í vinnslu í fiskimjölsverksmiðjunum. Breytingin milli ára er því 100%. Verksmiðjurnar hafa tækifæri á að kaupa hráefni af erlendum skipum til að vega upp loðnubrestinn. Meðan á loðnuvertíð stendur getur afli komið af íslenskum og erlendum kolmunnaskipum eða skipum sem veiða loðnu í Barentshafi, þegar þær veiðar eru heimilar. Á fyrstu 8 mánuðum ársins 2019 var landað 26.500 tonnum af kolmunna í Vestmannaeyjum á móti 35.200 á árinu 2018. Það barst því 25% minni kolmunnaafli á land. Það varð því rúmlega helmingsminnkun á öllum uppsjávarafla á þessu tímabili í Vestmannaeyjum.




**Mynd. Heimild: Fiskistofa**

Þrátt fyrir að uppsjávarfyrirtækin séu mjög lík á margan hátt þá er uppbygging og rekstur þeirra mjög ólíkur. Vinnslustöðin hefur landað öllum sínum uppsjávarafla í Vestmannaeyjum. Öll fyrirtækin hafa landað meginþorra loðnuaflans í Eyjum. Huginn landar meirihluta annars afla en loðnu utan Vestmannaeyja. Ísfélagið landar meirihluta síldar og makríls á Þórshöfn en kolmunnanum er landað að mestu í Eyjum. Huginn getur fryst afla úti á sjó sem hin fyrirtækin geta það ekki. Ísfélagið er tengt rekstri grænlenskra uppsjávarskipa sem landað hafa afla til Ísfélagsins og hefur það oft á tíðum reynst góð viðbót við hráefni eigin skipa. Augljóst er að hefðu Ísfélagið og Huginn stýrt stærri hluta uppsjávarafla síns til Vestmannaeyja hefði það skapað jákvæðari áhrif fyrir starfsfólk í fiskvinnslu og þjónustuaðila. Einnig hefðu aukin kaup á afla erlendra skipa haft jákvæð áhrif s.s. á kolmunna. Ísfélagið er með öfluga starfsemi á Þórshöfn og er sannkallar burðarstólpi atvinnulífs þar. Samfélagsleg ábyrgð þess er ekki síst minni þar en í Eyjum, því er að mörgu að hyggja hvað ráðstöfun afla varðar.

Sem mótvægisaðgerð þá geta fyrirtækin að mismiklu leyti notað bolfisk til að vega upp minni vinnu starfsfólks. Vinnslustöðin hefur mestar veiðiheimildir fyrirtækjanna þriggja í bolfiski og þar á eftir Ísfélagið. Vinnslustöðin hefur tæplega tvöfalt meiri veiðiheimildir í bolfiski en Ísfélagið, í þorskígildum talið. Huginn stundar ekki veiðar og vinnslu á bolfiski og á fyrirtækið engar bolfiskveiðiheimildir. Fyrirtækin eru að mestu með starfsfólkið fastráðið og bera því mikinn fastan kostnað af því þó svo að afli skili sér ekki á land.

Í þessari skýrslu hefur verið rýnt vel í síðustu 2 loðnuvertíðir, þ.e. vertíðirnar 2017 og 2018. Á margan hátt eru þær áþekkar, en á margan hátt eru þær ólíkar. Í raun eru engar 2 vertíðir eins og eru spádómar um framtíðina háðir mikilli óvissu. Aflamagn og afurðaverð hefur sveiflast mikið. Einnig verður að hafa í huga aflamagn og afurðaverð annarra fiskistofna. Vægi loðnunnar í rekstri fyrirtækjanna er því mjög mismunandi milli ára. Út frá gögnum fyrirtækjanna þriggja í Eyjum má gera ráð fyrir að loðna hafi vegið rúmlega 22% af heildartekjum fyrirtækjanna á árinu 2018. Loðnubrestur árið 2019 hefur haft mjög mikil áhrif. Útlitið varðandi loðnuveiðar fyrir árið 2020 eru ekki bjartar. Ljóst er að áhrif loðnuleysis hefur áhrif á alla getu til fjárfestinga og framkvæmda. Auk þess getur loðnubrestur haft neikvæð áhrif á starfsfólk sem og samfélagið allt og markað spor til framtíðar.

Áhrif loðnubrestsins koma misjafnlega við fyrirtækin, enda er vægi loðnu misjafnt milli fyrirtækjanna. Fyrirtækin hafa með misjöfnum hætti getað brugðist við. Eitt eiga þau sammerkt, þ.e. að ekki hefur verið gripið til uppsagna nema að óverulegu litlu leyti. Fyrirtækin hafa því borið mikinn kostnað til að mæta loðnubresti.

Uppsjávarfyrirtækin þrjú eiga hlutafé í ýmsum öðrum félögum sem reiða sig mjög á tekjur af veiðum og vinnslu á loðnu. Þetta eru m.a. framleiðslufyrirtæki, þjónustufyrirtæki, sölufyrirtæki og útgerðir. Dæmi um slík fyrirtæki eru : sölufyrirtæki Vinnslustöðvarinnar: VSV Seafood Iceland, Hafnareyri, Marhólmar, Eskja og Iceland Pelagic, Royal Greenland Pelagic svo eitthvað sé nefnt. Síðla árs 2017 varð VSV meðeigandi í Okada Suisan í Japan, rótgrónu fjölskyldufyrirtæki sem hefur nær 50% markaðshlutdeild loðnuafurða þar í landi. Erfitt er að meta áhrif þessara fyrirtækja á rekstur uppsjávarfyrirtækjanna þriggja en að einhverju leyti eru áhrifin metin þar sem fyrirtækin eru hluti þeirra rúmlega þrjátíu fyrirtækja sem leitað var upplýsinga hjá við gerð þessarar greiningar.

Loðnubresturinn 2019 hefur haft mikil áhrif. Áhrifin eru ekki öll komin fram þar sem endanleg uppgjör uppsjávarfyrirtækjanna vegna ársins 2019 liggja ekki fyrir. Ýmis undirbúningsvinna hefur farið fram sem ekki þarf að framkvæma á nýjan leik á næstu vertíð.

Sjávarútvegurinn er sem betur fer sterk og stöndug atvinnugrein. Afkoman hefur verið góð á s.l. árum og framlegð há. Mikil hagræðing hefur átt sér stað og tæknistig hefur

aukist mjög mikið. Störfin verða léttari og afköstin meiri. Aukin framleiðni hefur aukið framlegðina. EBITDA framlegð í sjávarútvegi var 22%[52] á árinu 2018. Blönduð uppsjávar- og botnfiskfélög eru með 24% framlegð. Meginþorri sjávarútvegsins í Eyjum fer í þann flokk. EBITDA framlegð loðnuveiða er mjög há. Mikið magn er veitt á stuttum tíma og með hagkvæmum hætti. Eins og í svo mörgu þá fylgir aukin áhætta auknum ávinningi. Það hefur verið löngu ljóst að loðnuveiðar eru efnahagslega áhættusamar. Stórir skellir hafa komið, en einnig mjög góð ár og tímabil. Þegar algjör loðnubrestur verður er líklegt að stór hluti hagnaðarins þurrkist út, enda stór hluti af framlegð og hagnaði fyrirtækjanna kominn frá loðnu. Margt hefur vegið upp á móti loðnubresti. Verð sjávarafurða í erlendri mynt hefur hækkað nokkuð[53] og gengi helstu viðskipamynta hefur verið sjávarútvegi hliðholt. Uppsjávarfyrirtækin þrjú í Eyjum gera upp í erlendri mynt. Vinnslustöðin í evrum og Ísfélagið og Huginn í bandarískum dollurum. Stórir kvótar í uppsjávartegundum eins og makríl og norsk-íslenskri síld höfðu sitt að segja til að bæta hag uppsjávarfyrirtækjanna. Hins vegar var miklu magni veiðiheimilda fyrirtækja frá Vestmannaeyjum úr þessum tveimur stofnum landað utan Vestmannaeyja á árinu 2019. Tekjur sjómanna skiluðu sér til Eyja, en minni vinna var í landi. Hrun í humarstofninum hafði einnig mikil áhrif, þá aðallega á Vinnslustöðina og starfsmenn hennar.

**Áætlað er að uppsjávarfyrirtækin þrjú hafi orðið af rúmlega 7,6 ma.kr. tekjuskerðingu vegna loðnubrests árið 2019. Þá er einungis horft til veiða- og vinnslu móðurfélags.**

**4.300 manns bjuggu í Vestmannaeyjum í upphafi árs 2019. Á sama tíma bjuggu í Reykjavík 128.800 manns eða rétt tæplega 30 sinnum fleiri íbúar en í Vestmannaeyjum. Ef loðnubresturinn yrði heimfærður á efnahag fyrirtækja í Reykjavík út frá íbúafjölda, þá hefðu fyrirtæki í Reykjavík orðið af tæplega 228 ma.kr. tekjum.**

[52]https://www2.deloitte.com/content/dam/Deloitte/is/Documents/fishing-industry/sjavarutvegsdagurinn/Gl%C3%A6rur_J%C3%B3nas%20Gestur.pdf

[53]https://www2.deloitte.com/content/dam/Deloitte/is/Documents/fishing-industry/sjavarutvegsdagurinn/%C3%81sgeir%20J%C3%B3nsson_Sj%C3%A1var%C3%BAtvegsdagurinn_2019_final.pdf

## 13.3 Vestmannaeyjabær & Vestmannaeyjahöfn


Strax í kjölfar þess að loðnubrestur var ljós veturinn 2019 lét Vestmannaeyjabær meta möguleg áhrif á rekstur bæjarins, þ.e. útsvar til Vestmannaeyjabæjar og hins vegar Hafnarsjóð þ.e. Vestmannaeyjahöfn, sem er B hluta fyrirtæki Vestmannaeyjabæjar, þ.e. rekstur Vestmannaeyjahafnar hefur áhrif á rekstur Vestmannaeyjabæjar.

**Áætlað er að Vestmannaeyjabær og Vestmannaeyjahöfn hafi samanlagt orðið af 161 mkr. tekjuskerðingu vegna loðnubrests árið 2019. 4.300 manns bjuggu í Vestmannaeyjum í upphafi árs 2019. Á sama tíma bjuggu í Reykjavík 128.800 manns eða nærri 30 sinnum fleiri íbúar. Ef loðnubresturinn yrði heimfærður á Reykjavík myndi þetta þýða 4.821 mkr. tekjutap fyrir Reykjavíkurborg.**

### 13.3.1 Vestmannaeyjabær

Í mati Vestmannaeyjabæjar um væntar útsvarstekjur vegna loðnuvertíðar árið 2019 var stuðst við þær forsendur að launatekjur hefðu orðið 620 – 625 mkr. í Vestmannaeyjum. Eru þær launatekjur byggðar á að vertíðin 2019 hefði gefið af sér álíka og vertíðin 2018. Lætur það að vera nærri 150 þús. kr. tekjuskerðing á hvern íbúa, en íbúar Vestmannaeyja eru rétt rúmlega 4300. Vestmannaeyjabær mat útsvarstekjur af þessum launum upp á 100 mkr.


Á bæjarráðsfundi sem haldin var þann 2. júlí 2019 var rætt um fjögurra mánaða uppgjör Vestmannaeyjabæjar. Þar kom fram að þrátt fyrir loðnubrest þá hefðu tekjur á árinu 2019 verið hærri en á árinu 2018 og skatttekjur væru í samræmi við áætlun. Þar var gert ráð fyrir að útsvarstekjur ársins 2019 yrðu 4% - 5% hærri en áætlun gerði ráð fyrir. Heildartekjur samstæðu Vestmannaeyjabæjar árið 2018 voru 5.014 mkr. Útsvarstekjur til sveitarfélagsins voru tæplega helmingur tekna Vestmannaeyjabæjar á árinu 2018. Ef miðað er við 100 mkr. beint útsvarstap vegna launa fiskvinnslufólks og sjómanna þá eru 100 mkr. rúmlega 4% alls útsvars á árinu 2018.




**Mynd. Heimild: Ársreikningur Vestmannaeyjabæjar 2018**

Útsvarið er veigamesti tekjustofn sveitarfélaga. Það er dregið af launum launþega ásamt tekjuskatti ríkisins í formi staðgreiðslu skatta og er innheimt af Ríkisskattstjóra (RSK). Útsvarsprósentan getur verið mismunandi frá einu sveitarfélagi til annars. Samkvæmt tekjustofnalögum getur útsvarsprósentan hæst verið 14,52% en lægst 12,44%. Útsvarsprósenta í Eyjum hefur verið 14,46% á árunum 2017 – 2019. Útsvarstekjur í Vestmannaeyjum eru nokkuð stöðugar á milli ára. Hins vegar eru nokkrar sveiflur innan ársins og þá á milli mánaða. Loðnuveiðar og -vinnsla fer að mestu fram í febrúar og mars ár hvert. Útsvarshluti launa, eiga undir eðlilegum kringumstæðum (í flestum tilvikum) að koma til sveitarfélaga tæpum mánuðinn eftir að til þeirra var unnið.

Þegar horft er á myndina hér á eftir um þróun á útsvari á milli mánaða sést að veruleg lækkun er jafnan í apríl. Sú staðreynd er nokkuð sérstök þar sem loðnuvertíð stendur sem hæst í febrúar og mars. Tekjur af launum í mars ætti því undir eðlilegum kringumstæðum að koma fram í apríl, en gerir það ekki. Miklar tekjur koma fram í maí en ekki í apríl.




**Mynd. Heimild: Vestmannaeyjabær**

Óskað var eftir skýringum hjá Vestmannaeyjabæ á þessu svo hægt væri að draga ályktanir af loðnubresti árið 2019. Í svari Vestmannaeyjabæjar kom fram að greiðslur eru ekki reglulegar og því getur skeikað einhverju á milli tímabila. Tölur er færðar inn á greiðslugrunni, þ.e. skráðar þegar greiðslur berast. Sveitarfélög eru ekki að fá nákvæmlega þær útsvarstekjur í staðgreiðslu sem launatekjur í sveitarfélaginu segja til um í hverjum mánuði. Fyrir því eru ýmsar ástæður s.s. svokallað skiptihlutfall, fyrirtæki skila ekki inn skilagreinum á réttum tíma, vanskil launagreiðenda, launagreiðandi skilar inn skilagrein en ekki innheimtu o.fl.


Það er því nokkuð erfitt að sjá nákvæma breytingu sem átti sér stað í kringum loðnubrestinn. Mismunandi er milli ára hvenær stórar greiðslur berast og því geta þær færst á milli mánaða á milli ára, að öllu öðru jöfnu.

Til að fá skýrari mynd á útsvarið var leitað eftir upplýsingum frá Lífeyrissjóði Vestmannaeyja (LV). Í sjóðinn greiða nærri 2.700 manns á ári og þar af eru um 1.700 sem eru virkir greiðendur, þ.e. þeir sem greiða allt árið. Í febrúar 2017 vann höfundur þessarar skýrslu aðra skýrslu fyrir Vestmannaeyjabæ þar sem m.a. var kannaður fjöldi stöðugilda (ekki starfsmanna) í Vestmannaeyjum. Niðurstaðan var að í Vestmannaeyjum væru 2015

stöðugildi. Það er því hægt að draga þá ályktun að greiðendur í LV séu mjög hátt hlutfall allra greiðanda í Vestmannaeyjum og gögnin því nokkuð lýsandi fyrir stöðuna.


Í áætlun LV, sem unnin var í upphafi árs 2019, var áætlað að í febrúar og mars, sem jafnan hafa verið mjög stórir mánuðir, yrðu inngreiddar tekjur 250 mkr. eða sama upphæð og árið áður. Niðurstaðan var hins vegar 160 mkr. Mismunurinn er 90 mkr. eða 36% lækkun. Að sögn framkvæmdastjóra Lífeyrissjóðs Vestmannaeyja eru yfirgnæfandi hluti sjómanna í Eyjum og launafólks sem vinnur í landvinnslu í Vestmannaeyjum sem greiðir í Lífeyrissjóð Vestmannaeyja. Ekki er hægt að nýta tölurnar til að sjá áhrif á einstaka hópa þar sem mótframlag atvinnurekenda til sjómanna er 8% en ekki 11,5% eins og almennt þekkist á vinnumarkaðinum.

Mikilvægt er að horfa til launavísitölu þegar verið er að horfa til raun aukningar í launum. Mánaðarleg launavísitala Hagstofunnar (myndin hér að neðan) mælir 12 mánaða breytingu á reglulegum launum á íslenskum vinnumarkaði og sýnir almenna launaþróun. Hækkunin er því umtalsverð á milli ára.





**Mynd. Heimild: Hagstofa Íslands**

Tímabilshækkun útsvars í Vestmannaeyjum hefur verið stöðug á milli ára. Á fyrstu 9 mánuðum ársins 2019 voru útsvarstekjur Vestmannaeyjabæjar 1.831 mkr.





**Mynd. Heimild: Vestmannaeyjabær**

Til að jafna út sveiflur af einstökum mánuðum þá er hægt að skipta árinu niður í tímabil. Á myndinni hér að neðan sjást miklar sveiflur í árunum 2017 og 2018. Á árinu 2019 var stígandi hækkun tekna á milli tímabila. Það virðist því sem launatekjur hafi tekið við sér þegar fór að líða á árið 2019.




**Mynd. Heimild: Vestmannaeyjabær**

Þegar horft er á landið allt sést að stígandinn í launatekjum í Eyjum á árinu 2019 hefur nálgast hækkun launa sem varð á landinu öllu.




**Mynd. Heimild: Vestmannaeyjabær**

Útsvarstekjur í Vestmannaeyjum hafa vissulega hækkað að nafninu til. En þegar leiðrétt hefur verið fyrir breytingu á launavísitölu er vart hægt að tala um raunhækkun þar sem aukning útsvarstekna Vestmannaeyjabæjar er lægri en hækkun launavísitölunnar. Útsvarshækkunin er einnig lægri en á landinu öllu, þrátt fyrir hagfelld skilyrði sökum hærra fiskverðs í erlendri mynt og veiking krónunnar gagnvart helstu viðskiptamyntum sjávarafurða sem seldar eru frá Vestmannaeyjum.

Loðnubresturinn virðist ekki hafa haft áhrif á íbúafjölda í Vestmannaeyjabæ. Þann 1. október 2019 voru 4.330 einstaklingar skráðir með lögheimili í Vestmannaeyjum. Í upphafi árs, þann 1. janúar 2019 voru 4.301 einstaklingar skráðir með lögheimili í Vestmannaeyjum. Íbúum hafði því fjölgað um 29 eftir fyrstu 9 mánuði ársins eða um tæp 0,7%. Sú hækkun er mjög áhugaverð í ljósi þess að gríðarlega hátt hlutfall atvinnutekna er að koma frá sjávarútvegi og það varð loðnubrestur á tímabilinu.

Áhugavert er að velta fyrir sér þessum stíganda í launum á sama tíma og tæknivæðing og hagræðing í sjávarútvegi hefur orðið mjög mikil. Skipum fækkar og aukið tæknistig og vélvæðing hefur valdið því að færri hendur þarf til veiða og vinna sama magn og áður. Tæknivæðing hefur orðið gríðarlega hröð og mikil sjálfvirknivæðing hefur átt sér stað.

Samfara hefur í mörgum tilvikum orðið mikil verðmætaaukning pr. kg. við bætta meðhöndlun afurða og þróaðri vinnslu.


Uppsjávarfrystihúsin í Eyjum hafa bæði endurnýjað búnað sinn mjög mikið, sem aftur hefur sparað gríðarlegan mannafla pr. unnið afurða kg. Ef jafn mikið magn er unnið og aukin sjálfvirkni á sér stað þá þýðir það að öllu öðru jöfnu að tekjur fólks og um leið sveitarfélagsins í gegnum útsvarstekjur minnka. Þegar árin 2017 og 2018 eru skoðuð sést að laun hækka nokkuð þrátt fyrir hagræðingu og aukið tæknistig í sjávarútvegi. Breyting á gengi gjaldmiðla, fiskverð í erlendri mynt, aflamagn auk ýmissa fleiri þátta hafa einnig umtalsverð áhrif.

Í þessu samhengi er rétt að geta þess að laun landverkafólks eru háð vinnuframlagi pr. vinnustund og eru því ótengd verðmætum. Laun sjómanna eru beintengd verðmætum og því eru laun sjómanna gríðarlega mikilvæg fyrir Vestmannaeyjabæ. Eins og fyrr er getið þá eru nær allir sjómenn á uppsjávarskipum skráðum í Eyjum með lögheimili í Vestmannaeyjum. Neikvæð áhrif hjá sjómönnum koma því mjög harkalega fram þar, mun harkalegar en t.d. á Þórshöfn sem byggir allan sinn uppsjávarlaunatekjustofn af launum landverkafólks af afleiðum sjávarútvegsins. Heildarlaunatekjur sjómanna á uppsjávarskipum á loðnuveiðum hafa verið margfaldar á við heildarlaunatekjur landverkafólks.

Í þessu samhengi er vert að benda á áhrif sjófrystingar á uppsjávarfiski. Árið 2017 var öll loðna, bæði heil loðna og loðnuhrogn, unnin um borð í Huginn. Árið 2018 voru einungis fryst heil loðna. Almennt hafa sjómenn á uppsjávarfrystiskipum skilað gríðarlegum tekjum til samfélagsins í formi útsvars á undangengnum árum. Launahlutfall í sjóvinnslu er mun hærra en launahlutfall fiskvinnslu í landi. Árið 2019 var sjófrysting á uppsjávarafurðum nánast horfin úr íslenskum sjávarútvegi. Eitt skip á Íslandi stundaði frystingu á sjó í lok árs 2019. Sjófrysting á uppsjávarafurðum útheimtir marga starfsmenn og hefur í mörg ár gefið mjög góð laun og um leið mikið útsvar. Með þessari skiptingu úr sjófrystingu í landfrystingu hafa fiskvinnslutæki í landi verið betur nýtt og að öllu öðru jöfnu hefur þessi þróun bætt hag fyrirtækjanna en rýrt væntar launatekjur sjómanna og um leið útsvarstekjur.

Í samfélagi eins og í Vestmannaeyjum sem byggir afkomu sína að jafn miklu leyti á tekjum úr sjávarútvegi ætti þessi þróun, þ.e. hagræðing og aukið tæknistig að vera nokkuð

umhugsanaefni fyrir sveitarfélagið, áhrif þess á útsvar og íbúa þess, á sama tíma og fjölmargir jákvæðir þættir fylgja þessari þróun s.s. störfin verði léttari, framleiðni aukin og ábatinn meiri. Störfum í fiskvinnslu á Íslandi hefur fjölgað á þessu rúmlega 11 ára tímabili á myndinni hér fyrir neðan en störfum í fiskveiðum hefur fækkað umtalsvert. Samanlagt hefur störfum fækkað eilítið á þessu tímabili. Ef hagnaður fyrirtækja eykst á kostnað launa, þá rennur ábatinn að stórum hluta til ríkisins í formi tekjuskatts fyrirtækja sem og í formi fjármagnstekjuskatts af arði. Sveitarfélögin fá ekki hlutdeild í þessum skattstofnum.





**Mynd. Heimild: Hagstofa Íslands**

**Áætlað er að Vestmannaeyjabær hafi orðið af rúmlega 123 mkr. tekjuskerðingu á árinu 2019. Þá er einungis horft til veiða- og vinnslu móðurfélags. 87 mkr. koma frá sjómönnum (70%) og 36 mkr. frá landverkafólki (30%) .** Lækkun LV sem fyrr er nefnd stendur á bak við 2/3 af lífeyrisgreiðslum af væntri loðnuvertíð (90 mkr. / 134 mkr.)

### 13.3.2 Vestmannaeyjahöfn - Hafnarsjóður

Vestmannaeyjabær studdist við sömu forsendur við útreikninga fyrir Vestmannaeyjahöfn og það notaði fyrir Vestmannaeyjabæ (kaflinn hér á undan). Töpuð aflagjöld voru metin á 20,1 mkr. og töpuð vörugjöld af útfluttum afla voru metin á 10,8 mkr. Auk þess voru önnur afleidd gjöld hafnarinnar metin á 2 mkr. Vestmannaeyjabær mat væntar tekjur Vestmannaeyjahafnar vegna loðnuvertíðarinnar 2018 samtals 33 mkr.

Þegar árin 2017 og 2018 eru skoðuð sést að heildartekjur hafnarinnar aukast lítillega en rekstarafkoman eykst um nærri helming á milli ára.





**Mynd. Heimild: Vestmannaeyjabær / Vestmannaeyjahöfn**

Áhrif loðnubrestsins eru mjög víðtæk á Vestmannaeyjahöfn. Í fyrsta lagi berst loðnuafli ekki á land sem hefur bein áhrif á aflagjald. Aflagjald af lönduðum afla er 1,38% af heildar aflaverðmæti skipa. Aflagjald af frystum afla er 0,7% af aflaverðmæti. Til viðbótar við aflagjöld koma ýmis þjónustugjöld og vörugjöld. Vörugjöld koma t.d. af vörum sem eru fluttar út s.s. frosnar afurðir auk fiskimjöls og lýsis. Á innflutningshliðinni eru ýmis aðföng s.s. olía, umbúðir, bretti o.fl.

Ef fyrstu 4 mánuðir áranna 2018 og 2019 eru skoðaðir saman á myndinni á næstu blaðsíðu sést að tekjur hafnarinnar hafa hækkað um 5,8% eða um ríflega 8 milljónir. Seld þjónusta lækkar um 2,6 mkr. en aðrir tekjustofnar hækka. Afurðaverð hækkaði mikið á milli áranna sem hefur haft mikil áhrif. Aflagjöld vega mjög þungt í afkomu hafnarinnar. Aflagjöldin eru beintengd við fiskverð í gegnum aflaverðmætið. Í mati á loðnunni hefur verið reiknað með 26% hækkun aflaverðmætis. Erfitt er að segja til um hækkun allra fisktegunda og því um væntar tekjur. Tekjur hafnarinnar hafa hækkað um 5,8% á milli ára. Öruggt er að þegar leiðrétt hefur verið fyrir hækkun á fiskverði í erlendri mynt og


styrkingu erlendra gjaldmiðla gagnvart íslensku krónunni, þá hefur ekki verið raunhækkun á milli ára.

Þrátt fyrir að tekjur hafi hækkað á tímabilinu þá er ekki hægt að líta framhjá því að tekjur af loðnu vantar inn í tekjur Vestmannaeyjahafnar. Ef álíka afli hefði komið á land eins og kom árið 2018 þá hefðu tekjur Vestmannaeyjahafnar aukist mjög mikið.





**Mynd. Heimild: Vestmannaeyjabær / Vestmannaeyjahöfn**

Þegar fyrstu 4 mánuðir ársins 2018 og 2019 eru bornir saman kemur fram að aflagjöld á fyrstu mánuðum ársins 2018 & 2019 hafa aukist um 13%, eða um 5,7 mkr.





**Mynd. Heimild: Vestmannaeyjabær / Vestmannaeyjahöfn**

Mest hlutfallsleg breyting hefur orðið í skipakomum: frysti-, mjöl- og lýsisskipa. Það má álykta það að þar hafi loðnuvertíð spilað mikið inn í. Gámaskip eru að mestu í áætlanasiglingum og því er breyting þar lítil. Mikið af frosnum afurðum eru flutt út í frystiskipum sem flytja vörur i lausu, stundum nefnd bulk skip. Hafa verður í huga að skipakomur eru ekki í línulegu sambandi við landaðan afla þar sem afhending vara á sér stað eftir framleiðslu. Frystigeymslur fyrirtækjanna geyma óseldar birgðir og seldar vörur til viðskiptavina.





**Mynd. Heimild: Vestmannaeyjabær / Vestmannaeyjahöfn**

Skipakomur annarra skipa en gámaskipa eru tiltölulega fáar, því geta tiltölulega fáar breytingar valdið hlutfallslega mikilli breytingu




**Mynd. Heimild: Vestmannaeyjabær / Vestmannaeyjahöfn**

Óverulegar breytingar eiga sér stað í inn- og útflutningi. Sú staðreynd er áhugaverð í ljósi loðnubrests. Erfitt er þó að gera sér nákvæma grein fyrir hvað veldur, en mögulega spila birgðir þar inn í. Eins og fyrr hefur verið farið yfir þá var gríðarlegur aflasamdráttur í Vestmannaeyjum milli áranna 2018 og 2019 þegar horft er til fyrstu 8 mánaða ársins.




**Mynd. Heimild: Vestmannaeyjabær / Vestmannaeyjahöfn**

**Áætlað er að Vestmannaeyjahöfn hefði orðið af rúmlega 38 mkr. vegna loðnubrests árið 2019. Hækkun tekna Vestmannaeyjahafnar á árinu 2019 skýrist fyrst og fremst af hærra fiskverði og væntanlega vísitölubreytingum í þjónustugjöldum. Rauntekjur hafnarinnar lækka þegar leiðrétt hefur verið fyrir hækkun á fiskverði. Loðnuveiðar og -vinnsla skiptir Vestmannaeyjahöfn miklu máli enda komu 7% tekna hafnarinnar af loðnu á árinu 2018.**

## 13.4 Iðnfyrirtæki: málmsmíði og vélsmiðjur

Loðnubresturinn hafði gríðarlega mikil áhrif á iðnfyrirtækin í Eyjum. 6 fyrirtæki í Eyjum lentu í flokknum iðnfyrirtæki og eru eftirfarandi umfjöllun byggt á svörum stjórnenda þeirra við fyrrgreindri spurningakönnun.

Fyrirtækin hafa unnið mikið fyrir sjávarútvegsfyrirtækin: við undirbúning loðnuvertíðar, meðan á loðnuvertíð stendur og eftir loðnuvertíð. Meðan á loðnuvertíð stendur hafa iðnfyrirtækin útvegað starfsmenn sem vinna á vöktum í fiskvinnslunni til að

sinna ýmsu viðhaldi og keyrslu á ýmsum búnaði sem er hluti af því gangverki sem fiskvinnslan er. Fyrirtækin hafa einnig verið með á sínum snærum starfsmenn sem sinna ýmsum verkamannastörfum, þ.e. störf sem uppsjávarfyrirtækin hafa úthýst. Vaktavinna er einkennandi fyrir loðnuvertíð, enda mikið til samfelld vinna sem myndar heila vertíð. Álagið er sérstaklega mikið meðan á frystingu stendur og við hrognatöku. Vaktavinnunni fylgir mikil vinna, mikið álag, það eru uppgrip og tekjur allra sem að henni koma eru mjög miklar. Fiskvinnslan er oftast gangandi allan sólarhringinn á þessu tímabili.

Uppsjávarfyrirtækin hafa keypt mikið af þjónustu meðan á loðnuvertíð stendur og einnig hafa þau keypt mikið af vörum frá fyrirtækjunum. Einn aðili talaði um að sjávarútvegurinn væri að kaupa mikið af dýrum vörum, mun dýrari en aðrir notendur. Það hefði komið skýrt fram eftir loðnubrestinn. Annar aðili talaði um hann fyndi mjög mikið fyrir minni vöru- og þjónustusölu til starfsmanna sjávarútvegsfyrirtækjanna, kaupgetan væri greinilega minni meðal þess hóps. Stjórnendur meirihluta fyrirtækjanna sögðu að fyrirtækin hefðu tapað viðskiptum í framhaldi af loðnubrestinum. Sjávarútvegsfyrirtækin hefðu í kjölfar loðnubrests einungis keypt og látið gera rétt það nauðsynlegasta.

Þegar rætt var um hvort önnur verkefni eða tekjur hefðu komið í staðin taldi meirihlutinn að önnur verkefni hefðu ekki komið í staðin. Viðskiptin hefðu ekki stoppað en minnkað stórkostlega. Loðnubresturinn hafði keðjuverkandi áhrif. Nýframkvæmdir, viðhald og fjárfestingar minnkuðu í samfélaginu. Verkefni voru almennt ekki slegin af, heldur var þeim frestað, sett á ís, en mikil óvissa er um hvort þau munu koma til framkvæmda – framtíðin mun leiða það í ljós. Stjórnendur töluðu um að staðan gæti breyst mjög fljótt. Mikil óvissa er í kringum sjávarútveginn og staðan hefur oft breyst á skömmum tíma.

Miklar framkvæmdir hafa verið hjá sjávarútvegsfyrirtækjunum s.l. áratug og hefur það mótað mikið þá þjónustu sem iðnfyrirtækin hafa verið að veita. Við loðnubrestinn ætluðu einhver fyrirtækjanna að breyta áherslum í þjónustuframboðinu. Slaki myndaðist í kerfinu eftir loðnubrestinn, enda höfðu fyrirtækin gert ráð fyrir loðnuvertíð í áætlunum sínum. Margir einstaklingar og minni fyrirtæki nýttu sér slakan og höfðu betra aðgengi að iðnaðarmönnum og iðnfyrirtækjunum. Einn nefndi að meira hefði verið að gera í nýbyggingum fyrir einstaklinga í íbúðarhúsnæði. Mikil óvissa ríkti strax eftir ákvörðun um loðnuveiðibann. Fyrirhugaðar voru nýbyggingar á nokkrum einbýlishúsum. Fyrst um

sinn voru þær fyrirætlanir slegnar af, en þegar líða fór á árið 2019 var hafist handa við fyrri plön. Stjórnandi eins fyrirtækisins nefndi að einstaklingsmarkaðurinn væri mjög frábrugðin fyrirtækjamarkaðinum. Minna væri um beina verktöku og stærri verkefni, þ.e. mörg lítil verkefni sem oft útheimta annarskonar starfsþjálfun eða verkkunnáttu.

Þegar rætt var um breytingar á þjónustuframboði kom í umræðunni fram hversu lítill hluti vöru- og þjónustusölu iðnfyrirtækjanna væri utan Vestmannaeyja, bæði á fastalandið og til útlanda. Einn nefndi að meðan samgöngur milli lands og Eyja eru jafn ótryggar og þær eru, þá er samkeppnishæfni fyrirtækja minna. Sökum þess er erfiðara að leita verkefna á fastalandinu þ.e. við að senda fólk í vinnu. Einnig kemur til mikill flutningskostnaður þegar verið er að framleiða vörur. Annar aðili nefndi að verkefni á fastalandinu væru nánast ómöguleg, sérstaklega yfir vetrarmánuðina meðan veður væru verri og samgöngur mjög ótryggar. Nefndi hann sértaklega starfsmannakostnað þar sem flytja þyrfti mannskap milli staða. Það væri þó möguleiki að framleiða í Vestmannaeyjum en láta síðan aðra um að setja upp og ganga frá.

Stjórnendur iðnfyrirtækjanna lýstu áhrifum loðnubrestsins á starfsmannamál með ólíkum hætti. Fyrirtækin þurftu flest að aðlaga starfsmannamálin að afleyðingum loðnubrestsins. Nokkrar uppsagnir urðu í kjölfar loðnubrestsins. Um var að ræða uppsagnir sem beint verða raktar til loðnubrestsins og einnig uppsagnir þar sem loðnubresturinn gerði útslagið, uppsagnir sem legið höfðu í loftinu. Stjórnendur töluðu um að almennt hefði yfirvinna minnkað og ekki hefði verið ráðið í störf sem hefðu losnað. Lausráðið fólk sem hefur fengið vinnu í kringum loðnuvertíð var ekki ráðið. Eitt fyrirtæki hefur þurft að bæta við sig starfsfólki vegna aukinna verkefna.

Hjá fyrirtækjunum starfa í kringum 40 – 50 manns beint við loðnuveiðar og -vinnslu meðan á loðnuvertíð stendur, í fiskvinnsluhúsunum og þjónusta við skipin. Tímabil þessara fyrirtækja er mjög ólíkt allt frá 4 – 10 vikur. Ef miðað er við 223 virka vinnudaga á ári (utan orlofs) og tímalegnd loðnuvertíðar 6 vikur á sólarhringsvöktum (42 vinnudagar) þá má gera ráð fyrir að loðnuvertíð skapi 19% af ársverki (42 vinnudagar / 223 virkum vinnudögum). Iðnfyrirtækin hafa því orðið af 8,5 ársverkum meðan á loðnuvertíð stendur.

Þessu til viðbótar hverfur mikil vinna fyrir og eftir loðnuvertíð. Erfitt er að meta umfang þess. Fjárfestingar, nýframkvæmdir og viðhald er mjög misjafnt milli ára. Þó er alveg víst

að áhrif loðnubrestsins eru ekki komin fyllilega fram. Á næstu loðnuvertíð þarf minni undirbúning en ella þar sem fyrirtækin voru undirbúin vertíð 2019.

Þegar stjórnendur voru spurðir um möguleg viðbrögð ef loðnubrestur kæmi upp að nýju á árinu 2020 og hvað þeir myndu gera öðruvísi, þá voru flestir sammála um að þeir myndu bregðast við með sambærilegum hætti og árið 2019. Flestir voru sammála um að mikil óvissa væri í kringum loðnuna. Það væri erfitt að stóla á eitthvað fast í þessum efnum. Ef til loðnubrests kemur á árinu 2020, þ.e. loðnubrestur tvö samfelld ár þá var nefnt að fara þyrfti í varanlegar breytingar í starfsmannamálum og almennar breytingar á rekstrinum. Einn fullyrti að ekkert þjónustufyrirtæki tengt sjávarútvegi í Eyjum kæmist í gegnum tvo samfellda loðnubresti án þess að endurskipuleggja starfsemina upp á nýtt og það varanlega. Enginn talaði um beinar uppsagnir en þær væru þó ekki óhugsandi. Mikil óvissa liggur í loftinu vegna loðnuveiða á árinu 2020 og mögulegar afleiðingar hennar. Einn aðilinn ræddi um mikil „domino“ áhrif sem loðnubrestur gæti valdið – þetta væri mikið samhangandi keðja, þar sem einn er háður öðrum o.s.frv. Návígið er mikið í litlu samfélagi. Margir þættir spila inn í starfsmannafjölda fyrirtækjanna og því ekki gott að spá fyrir um árið 2020.

Flestallir sögðu að loðnubresturinn 2019 hefði ekki haft varanleg áhrif á fyrirtækin en áhrifin væru veruleg, sértaklega hvað tekjur fyrirtækjanna varðar. Nánast öll fyrirtækin héldu áfram óbreyttum framtíðaráformum og fjárfestingum. Líkt og uppsjávarfyrirtækin þá voru verkefni sett á bið eða hægt á þeim til að mæta breytingunum. Stjórnendur helmings fyrirtækjanna taldi að áhrif loðnubrestsins hefðu komið strax fram, hinn helmingurinn taldi að áhrifin ættu eftir að koma síðar fram s.s. vegna framkvæmda, undirbúnings o.fl.

**Iðnfyrirtækin í Eyjum töldu sig hafa orðið af 250 – 300 mkr. tekjum vegna loðnuvertíðarinnar 2019. Loðnubresturinn hafði áhrif á 40 – 50 starfsmenn. 8,5 ársverk tapaðist. Það fyrirtæki sem byggði afkomu sína hvað mest á loðnuveiðum hafði tæplega 20% tekna sinna af loðnuveiðum og -vinnslu.**

## 13.5 Þjónustufyrirtæki tengd sjávarútvegi

9 fyrirtæki voru sett í flokkinn þjónustufyrirtæki tengd sjávarútvegi. Sammerkt eiga þessi fyrirtæki að vera flest lykilaðilar á loðnuvertíð og veita uppsjávarfyrirtækjunum mikilvæga þjónustu tengda loðnuveiðum og -vinnslu. Meðal þessara fyrirtækja eru

veiðarfæragerðir, flutningafyrirtækin, kranabílar, orkufyrirtæki, vélaverkstæði, löndun, efnamælingar o.fl. Mörg af þessum fyrirtækjum veita mjög sérhæfða þjónustu við uppsjávarfyrirtækin, eiga sérhæfðan búnað og starfsfólkið er sérhæft í vinnu tengda uppsjávariðnaði. Sammerkt var meðal allra fyrirtækjanna að tekjur minnkuðu. Engar uppsagnir voru á meðal þessara fyrirtækja sem beint má rekja til loðnubrestsins. Hins vegar hefur margt starfsfólk verið lausráðið og tímabundnir starfsmenn verið ráðnir til lengri og skemmri tíma. Þetta fólk missti stóran hluta af sínum tekjum við loðnubrestinn. Margt af þessu fólki vann við undirbúning loðnuvertíðar í langan tíma s.s. við veiðarfæragerð. Veiðarfæravinna þarf ekki að fara fram fyrir næstu vertíð.

Áhrifin á þessi fyrirtæki voru mjög ólík. Óveruleg sumstaðar en annarsstaðar hafði loðnubresturinn gríðarleg áhrif. Það fyrirtæki sem byggði afkomu sína hvað mest á loðnu hafði um 70% af tekjum sínum af loðnu, nokkur fyrirtæki höfðu yfir 30% af sinni veltu af loðnu. Það verður að teljast ansi þungt högg þegar aðrar tekjur koma ekki í staðinn.

Þessir aðilar töluðu um almenna minni fjárfestingu, bæði meðal fyrirtækja og meðal einstaklinga. Minni umsvif voru í samfélaginu. Áhrifin komu fram í nýfjárfestingum og viðhaldi þar sem aðilar héldu að sér höndum. Nefnt var að útgerðir hefðu haldið að sér höndum varðandi kaup á nýjum veiðarfærum og veiðarfærabúnaði.

Í Vestmannaeyjum er mikil og löng saga þjónustu við loðnuveiðar og -vinnslu. Fyrirtækin í Eyjum hafa ekki einungis tekjur af fyrirtækjum í Vestmannaeyjum heldur hafa þau verið að þjónusta fyrirtæki víða um land, sem og erlendis. Loðnubrestur á Íslandi getur því grafið undan þessari starfsemi. Það er sérhæft starfsfólk og þekking í þessum iðnaði og því hætta á að þekking og viðskipti tapist ef ástand loðnustofnsins verður lengra en eitt ár. Mikil sérhæfing og þekking hefur byggst upp í Eyjum kringum loðnu. Fyrirtæki hafa sérhæft sig í þjónustu henni tengdri. Áhrifin á þau eru því mikil.

Helmingur fyrirtækjanna taldi sig hafa misst einhver viðskipti í framhaldinu af loðnubrestinum. Fyrirtækin nefndu að þau hefðu orðið fyrir keðjuverkandi áhrifum af öðrum fyrirtækjum. Ekki var um uppsagnir á viðskiptasamningum að ræða heldur hefði þurft að aðlaga samninga að breyttum aðstæðum. Viðskiptin fóru ekki annað – það urðu einfaldlega engin viðskipti. Menn töluðu um að atvinnulífið í Eyjum væri svo beintengt sjávarútveginum að áhrifanna hefði gætt mjög víða í atvinnulífinu.

Hjá helmingi fyrirtækjanna komu einhver önnur verkefni í staðin, þó svo þau hafi ekki vegið upp væntar tekjur vegna loðnu. Einhver tilfærsla virðist hafa orðið á milli viðskiptaaðila, þ.e. aðilar hafi fært sig á milli þjónustuaðila innan Vestmannaeyja. Sjálfsagt spilar þar inn í að fyrirtækin hafa sótt stífar í viðskipti í þeirri von að vega upp tapaðar væntar tekjur. Einungis eitt af þessum fyrirtækum taldi sig hafa notið góðs af aukinni þjónustu við einstaklinga og smærri fyrirtæki. Annar aðili nefndi að hann hefði viljað huga að vöruþróun og breytingu á þjónustuframboði. Flestir voru sammála um að menn þyrftu einfaldlega að bíta í það súra epli að tekjurnar kæmu ekki, skellurinn kæmi fram í ársuppgjörunum og að aðlaga þyrfti reksturinn að stöðunni.

Stjórnendur voru spurðir um verulegar eða varanlegar breytingar. Nánast allir svöruðu því til að loðnubresturinn hefði haft áhrif til framtíðar. Einn aðili nefndi að eignir, tæki og tól væru mjög sérhæfð og því lítið svigrúm til að selja eignir til að mæta áfallinu. Annar aðili var búinn að setja hluta eigna á sölu. Loðnubresturinn virtist þó hafa þau áhrif að hann opnaði augu manna fyrir alvarlegum áföllum, huga þyrfti að fleiri verkefnum og þjónustuþáttum. Fjölga þyrfti eggjunum í körfunni eins og hægt er til að minnka áhættu.

Meirihluti stjórnenda taldi að ekki þyrfti að hætta við fjárfestingar eða breyta framtíðaráformum. Hins vegar voru einstök fyrirtæki komin með til framkvæmda fjárfestingar sem hlaupa á tugum milljóna. Hætt hefur verið við þær framkvæmdir meðan óvissa ríkir með loðnuveiðar. Erfitt er að henda reiður á nákvæma upphæð í væntri fjárfestingu, en sú talar slagar hátt í 100 mkr. þegar allt er tekið saman.

Rétt er að taka fram að mörg af þessum fyrirtækjum byggja afkomu sína að stórum hluta af loðnu. Loðnan er fyrst og fremst veidd í nót og til þess þarf mjög sérhæfð veiðarfæri sem einungis eru notuð til loðnuveiða. Til þess að þjónusta veiðarfærin þarf sérhæft húsnæði, búnað og starfsfólk. Það er verið að veiða mjög mikið magn, vanalegast langt umfram aðra uppsjávarfiskistofna. Því hefur þessi sérhæfing og mikla magn mikil áhrif.

Helmingur stjórnenda fyrirtækjanna taldi að áhrif loðnubrestsins væru ekki komin fram að fullu. Viðtöl við þessa aðila voru tekin haustið 2019 og öll áhrifin ekki enn komin fram. Áhrifin munu koma skýrt fram í ársreikningum þeirra sem verst verða úti.

Meirihluti stjórnendanna hefði ekki brugðist öðruvísi við loðnubrestinum. Einn aðilinn nefndi að ef hann hefði séð þetta fyrir þá hefði hann reynt að leita nýrra verkefna eða gera breytingar á starfsmannahaldi.

Gríðarleg orkunotkun á sér stað meðan á loðnuvertíð stendur. Það reynir mikið á orkuinnviði í Eyjum sem eru mjög takmarkaðir. Meðan á vertíð stendur, sértaklega meðan að hrognavinnsla á sér stað þá eru rafmagns- og vatnsinnviðir fullnýttir. Áhættan í orkunni er þó tvennskonar. Takmörkun er á flutningsgetu til Vestmannaeyja í gegnum neðansjávar rafstrengi og vatnslagnir til Eyja, þ.e. orkan er af skornum skammti. Leiðslurnar sem liggja í sjónum hafa farið í sundur og bilað. Sem betur fer hefur það ekki gerst á versta tíma. Orkuinnviðir á fastalandinu spila einnig stóran þátt s.s. í afhendingu orkunnar, þar eru veikir hlekkir þar sem margir innviðir eru ofanjarðar, en orkuinnviðir í Eyjum eru allir neðanjarðar. Slæm veður hafa haft áhrif á orkuinnviði á fastalandinu. Áhættan snýr bæði að fyrirtækjunum þ.e. fiskvinnslunum sem og íbúum sem þurfa á orku að halda, bæði rafmagni og vatni. Frystihúsin í uppsjávarvinnslunni nýta tvöfalda orku úr bænum rétt á meðan loðnuvertíð stendur. Fiskimjölverksmiðjurnar geta keyrt á raforku en hafa ekki getað fengið afhenda alla þá raforku sem þær þurfa. Þegar raforka er ekki í boði þá er keyrt á olíu, með tilheyrandi sótspori. Fyrsti kostur er að keyra á umhverfisvænum orkugjafa eins og raforka er. Mismikið er milli fyrirtækjanna hversu hátt hlutfall er keyrt á raforku. Rafvæðing Herjólfs mun ekki hafa jákvæð áhrif fyrir fiskimjölsverksmiðjurnar meðan þær þurfa að vera í gangi hvað framboð á raforku snertir, þar sem raforka til Eyja er takmörkuð.

Vatnsbirgðir í Vestmannaeyjum eru takmarkaðar og meðan á vertíð stendur, sértaklega í hrognavinnslu þá er gengið mjög nærri vatnsbirgðunum. Ekkert má því út af bregða í orkumálum. Loðnutímabilið er stutt og miklir fjármunir í húfi. Það er því mikilvægt að fyrirtæki og samfélagið í Eyjum búi við trausta og örugga orkuinnviði til að lágmarka orkuáhættuna og minnka sótspor.

Fyrirtæki í sjávarútvegi hafa komið sér upp stórum frystigeymslum til að taka á móti miklu magni sjávarafurða á skömmum tíma. Í Vestmannaeyjum er geymslurými fyrir um 20 þús. tonn af frosnum afurðum auk frystigáma sem hægt er að nýta ef þörf krefur. Frystigeymslurnar eru mjög háðar raforku. Fyrirtækin hafa mikið breytt afhendingu og birgðahaldi þannig að vörur eru geymdar í Vestmannaeyjum í frystigeymslum og afhendar

þaðan beint til viðskiptavina. Sökum þess fer fram afhending á vörum allan ársins hring. Áhrifin á frystigeymslurnar eru því ekki að fullu komin fram enda hafa fyrirtækin verið að geyma vörur í 1 – 2 ár, með tilheyrandi tekjum fyrir frystigeymslurnar. Frystigeymslurnar þjónusta bæði fyrirtæki í Vestmannaeyjum, á fastalandinu og erlendis. Ýmis meðhöndlun frystra afurða fylgir rekstrinum s.s. útskipun o.fl.

**Loðnubresturinn snerti störf 40 starfsmanna þessara fyrirtækja. Margir af þessum starfsmönnum eru að vinna við undirbúning vertíðar og meðan á vertíð stendur svo mánuðum skiptir, yfir hálft árið í einhverjum tilvikum. Stjórnendur þessara þjónustufyrirtækja áætluðu að 12 ársverk hefðu tapast við loðnubrestinn. Þjónustufyrirtækin töldu sig hafa orðið fyrir 450 mkr. tekjutapi vegna loðnuvertíðarinnar 2019.**

Rétt er að taka fram að sjávarútvegsfyrirtækin þurfa að kaupa mikið magn aðfanga til að halda starfsemi gangandi og við framleiðslu á vörum. Fjölmargir aðilar hafa hag af loðnuveiðum og -vinnslu. Það þarf umbúðir, bretti, þjónustuaðilar frá meginlandinu koma til lengri og skemmri tíma. Skipin þurfa mikið magn olíu sem og bræðslurnar. Hér er einungis tæpt á nokkrum atriðum sem hlaupa á hundruðum milljóna. Fjölmargir aðilar í Eyjum hafa tekjur af þessari vöru og þjónustu með ýmiskonar umsýslu.

## 13.6 Almenn verslun og þjónusta

11 fyrirtæki voru sett í flokkinn almenn verslun og þjónusta. Í þessum flokki voru: veitingastaðir, gististaðir, olíufélög, gjafavöruverslun, fataverslun, byggingarverktaki og þjónustuaðilar í byggingariðnaði.

Eins og í fyrri flokkum þá töldu stjórnendur þessara fyrirtækja að fyrirtæki þeirra hefðu orðið fyrir tekjulækkun vegna loðnubrestsins. Ferðaþjónustuaðilar þ.e. gisti- og veitingastaðir fundu nokkuð fyrir loðnubrestinum, þar sem fjöldi aðila af fastalandinu og frá útlöndum hefur nýtt þjónustu þeirra. Mikið af þeirra viðskiptavinum eru iðnaðarmenn, þjónustuaðilar og kaupendur sjávarafurða – fyrst og fremst frá japönskum kaupendum. Fyrir aðila í ferðaþjónustu í Eyjum hefur þessi viðskiptamannahópur verið ferðaþjónustunni gríðarlega mikilvægur. Ferðaþjónusta utan sumars hefur verið mjög lítil. Flestir þessir aðilar koma í byrjun febrúar og eru í Eyjum alveg fram í lok mars. Því hafa tekjur frá þessum aðilum komið á tíma þegar lítið kemur í kassann.

Veitingafyrirtækin hafa einnig haft umtalsverðar tekjur af sölu á veitingum til fyrirtækja. Veitingamenn hafa fundið fyrir samdrætti frá þessum viðskiptamannahópi, skorið hefur verið niður í flestu nema því nauðsynlega. Meðan á vöktum stendur kaupir starfsfólk fiskvinnslufyrirtækjanna mikið af tilbúnum mat af veitingastöðunum þar sem það gefur sér ekki tíma til matseldar. Einnig var merkjanleg breyting á einstaklingsmarkaði, til lækkunar, sérstaklega var nefnt kaup á veitingum til: ferminga, afmæla, samkvæma o.þ.h.

Viðmælendur voru almennt sammála um að fólk og fyrirtæki hefðu minna á milli handanna, keyptu minna af vörum og þjónustu. Einnig var bent á að kaupendur væru oft á tíðum að velja ódýrari vörur. Í verslunum sem eiga sér langa viðskiptasögu kom þetta greinilega fram, enda hafa þau séð tímana tvenna í verslun. Einnig kom fram að fólk héldi aftur af sér í kaupum á dýrum hlutum. Einn kaupmaður nefndi að hann hefði á tilfinningunni að meira væri keypt af vörum af fastalandinu þar sem samgöngur hefðu batnað að einhverju leiti og að fólk færi meira á milli lands og Eyja. Netverslun hefði einnig áhrif. Eitt fyrirtæki hafði aukið tekjur sínar á milli ára. Er það eina fyrirtækið af þeim 31 sem svaraði könnuninni. Ekki var um stórar upphæðir að ræða, en þó óvænt ljóstýra í myrkrinu.

Tveir aðilar töldu sig hafa misst viðskipti í kjölfar loðnubrestsins. Einhverjum verkefnum var slegið á frest. Óvíst er hvort þau komi til framkvæmda. Einn aðili taldi að önnur verkefni hefðu komið í stað þeirra sem töpuðust. Hjá einu fyrirtæki var gripið til uppsagna til að aðlaga starfsmannaþörfina að minni viðskiptum. Nefnt var að ekki yrði ráðið í störf sem losna. Fyrirtækin höfðu gert ráðstafanir varðandi mönnun á fólki. Þær fyrirætlanir voru ekki dregnar til baka, þrátt fyrir loðnubrestinn.

Þegar þessi hópur var spurður hvort hann myndi bregðast öðruvísi við ef annað áfall kæmi upp í uppsjávarveiðum s.s. loðnubrestur árið 2020. Fyrst og fremst sneri umræðan að starfsmannamálum og mögulegum samdrætti þar. Einnig var rætt um annarskonar innkaup. Enginn taldi að varanlegar eða verulegar breytingar hefðu orðið á rekstrinum sökum loðnubrestsins. Nánast allir töldu að áhrif loðnubrestsins hefðu komið strax fram.

**Loðnubresturinn hafði áhrif á 15 starfsmenn þessara fyrirtækja. Stjórnendur þessara fyrirtækja áætluðu að 3 ársverk hefðu tapast við loðnubrestinn og að þau hefðu orðið fyrir 15 - 20 mkr. tekjutapi vegna loðnuvertíðarinnar 2019. Eitt fyrirtæki hafði tapað**

**75% af sínum tekjum meðan á loðnuvertíð stóð. Sú velta stóð undir 20% af heildarveltu fyrirtækisins á ári. Afleiðing þess mun koma skýrt fram í ársreikningi félagsins.**

Veltutölur olíufélaganna eru ekki inni í töpuðum rekstrartekjum hér að ofan, þær skipta þó nokkur hundruð milljónum króna vegna olíusölu til: fiskiskipa, fiskimjölsverksmiðja, flutningstækja, búnaðar o.fl. Einnig er umtalsverð sala á ýmsum olíuvörum, hreinsiefnum o.fl. Verðmæti þeirra vara hleypur á tugum milljóna.

## 13.7 Kaupendur og söluaðilar sjávarafurða

Loðnubrestur hefur gríðarleg áhrif á kaupendur loðnuafurða. Til útskýringar þá væri hægt að skipta kaupendum loðnuafurða gróflega í 4 flokka: 1) söluaðilar sem kaupa til endursölu 2) framleiðendur sem vinna loðnuafurðir í áframvinnslu, 3) smásalar sem selja til neytenda og 4) neytendur. Skortur í aðfangakeðjunni hefur keðjuverkandi áhrif. Ferlið er mjög vel skipulagt og á sér langan aðdraganda. Sem dæmi um það þá senda japanskir kaupendur fjölda starfsmanna til Eyja til að fylgjast með framleiðslu á loðnu og loðnuhrognum á hverri vertíð. Hafa þessir starfsmenn dvalið í Vestmannaeyjum í um 2 mánuði á hverri loðnuvertíð að jafnaði, koma í byrjun febrúar og fara í lok mars. Hafa þessir aðilar keypt mikið af þjónustu í Eyjum, s.s. gistingu og verið góðir viðskiptavinir. Sömu aðilar og einstaklingar koma ár eftir ár og jafnvel í áratugi.

Japansmarkaður hefur verið framleiðendum í Vestmannaeyjum gríðarlega mikilvægur. Markaðurinn hefur keypt mikið magn af dýrum loðnuafurðum um áratuga skeið. Japanir sækjast í loðnuhrognin ein og sér, sem og þegar hún er meðfylgjandi inni í loðnunni. Japanir eru sérstaklega hrifnir af loðnunni þegar hún er sem hrognafyllst þ.e. rétt áður en hún fer í hrygningu. Fyrirtæki í Eyjum hafa haft mikla viðskiptavild meðal japanskra kaupenda. Mjög löng hefð er fyrir framleiðslu loðnuhrogna í Vestmannaeyjum, framleiðendur í Eyjum hafa lagt á sig mikla vinnu við að búa til gæðavöru sem kaupendur þekkja og eru tilbúnir að greiða hátt verð fyrir. Fyrirtæki í Eyjum hafa verið miklir frumkvöðlar í vinnslu á loðnuhrognum og stundað nýsköpun henni tengdri.


Svo stór eru Vestmannaeysk fyrirtæki á loðnuhrognamarkaðinum að þau hafa verið að framleiða upp í 50% af loðnuhrognum sem framleidd eru í heiminum. Það eitt og sér er mögnuð staðreynd, þ.e. að 3 fyrirtæki á eyju úti í ballarhafi stýri framleiðslu á helmingi heimsframleiðslu vöru sem neytt er um allan heim.

Uppsjávarfyrirtækin hafa lagt mikla áherslu á loðnuhrognastarfsemi enda hefur loðnan jafnan verið nærri Eyjum þegar hún hefur hentað japönskum kaupendum. Stutt er á miðin og gæðin í hámarki. Þar sem hrognavinnsla hefur að jafnaði gefið hæst afurðaverð pr. kg. af veiddri loðnu þá er líklegt að meðalverð í Eyjum sé eitt það hæsta á landinu miðað við hversu mikið fyrirtæki í Eyjum framleiða. Framleiðsluhlutfall hrogna hefur oft verið hærra en hlutdeild fyrirtækja í Eyjum í loðnukvótanum segir til um. Heimsmarkaður á loðnu hefur að jafnaði verið um 12 – 15 þús. tonn[54]. Hrognaloðna er fyrst og fremst seld til Asíu, aðallega Japans. Unnin voru loðnuhrogn á 7 stöðum á landinu árið 2018.


Rússlandsmarkaður hefur verið uppsjávarfyrirtækjum gríðarlega mikilvægur um áratugaskeið, ekki síst í loðnu. Árið 2014 voru komnir alvarlegir efnahagserfiðleikar í Rússlandi. Í ágúst 2014[55] setti Rússland innflutningsbann á matvæli frá fjölmörgum vesturlöndum en Íslandi var undanskilið. Ári síðar, í ágúst 2015, var Íslandi bætt á listann ásamt 6 öðrum þjóðum yfir lönd sem óheimilt var að flytja inn matvæli til Rússlands. Ástæðan innflutningsbannsins var stuðningur Íslands við viðskiptaþvinganir gagnvart Rússlandi vegna stríðsátaka í Úkraínu og innlimunar Krímskaga í Rússland. Eins og sést á myndunum á næstu blaðsíðu þá var búinn að byggjast upp mjög stór markaður í Rússlandi sem tók á móti mjög miklu magni afurða. Árið 2014 var síðasta heila árið sem leyft var að flytja matvæli til Rússlands. Þá voru flutt til landsins tæpur þriðjungur afurða að verðmæti rúmlega fjórðungs verðmæta. Íslendingar höfðu eytt miklum fjármunum og vinnu í að byggja upp markað í Rússlandi. Líklegt er að stór hluti þeirrar vinnu sé tapaður. Íslenskar sjávarafurðir leituð inn á aðra markaði með tilheyrandi markaðskostnaði. Ef það kemur til loðnubrests á árinu 2020 á Íslandi þá er líklegt að áhrif þess muni hafa afdrifaríkar afleiðingar, sérstaklega með frosnar afurðir. Loðnuveiðar í Barentshafi eru bannaðar á árinu 2020 því er ekki stuðningur við markaðinn þaðan.

[54] https://www.ruv.is/frett/stutt-og-oflug-lodnuvertid-senn-a-enda


[55] https://www.althingi.is/altext/149/s/0709.html




**Mynd. Heimild: Hagstofa Íslands**





**Mynd. Heimild: Hagstofa Íslands**





**Mynd. Heimild: Hagstofa Íslands**


Mikilvægt er að átta sig á hvert afurðirnar eru að fara og hverjir kaupendurnir eru. Til að setja hlutina í samhengi þá er fróðlegt að skoða útflutningstölur á loðnu frá árinu 2018. Birgðir milli ára hafa áhrif og því er ekki bein fylgni milli veiði og vinnslu og síðan aftur útflutnings. Tölurnar ættu þó að gefa nokkuð skýra mynd. Innflutningsland vara sem fluttar eru út frá Íslandi, segir ekki endilega til um það hver sé kaupandinn eða hvar varan endar. Sem dæmi er Kína stór innflytjandi af matvælahráefni sem síðan er unnið þar og áframsent til annarra landa. Sem dæmi þá kaupa japanskir framleiðendur mikið magn af loðnu, flytja hana til Kína og koma svo vörunum inn á japanskan markað eftir vinnslu í Kína.





**Mynd. Heimild: Hagstofa Íslands**




**Mynd. Heimild: Hagstofa Íslands**




**Mynd. Heimild: Hagstofa Íslands**




**Mynd. Heimild: Hagstofa Íslands**

Framleiðendur afurða og söluaðilar eru mjög uggandi yfir stöðu og horfum á loðnumörkuðum. Þeir tala um að litlar sem engar birgðir séu til af loðnuafurðum í heiminum. Kaupendur á loðnuhrognum áttu margir tveggja ára birgðir af loðnuhrognum eftir síðustu loðnuvertíð, til að mæta áföllum og dreifa áhættu. Tveggja ára birgðir eru mjög algengar hjá kaupendum í lok vertíðar. Líftími loðnuhrogna er mjög langur og hafa framleiðendur sumir ábyrgst fjögurra ára líftíma, án þess að einhver sérstakur líftími sé skráður á umbúðir (skv. leyfi). Hrognamarkaðir hafa verið fyrirtækjum í Eyjum mjög

mikilvægir enda fer mjög hátt hlutfall framleiðslunnar í hrogn. Mjög mikið magn var framleitt á Íslandi árið 2017, enda verðið hátt. Framleiðslan minnkaði svo á árinu 2018, undir ársneyslu og því líklegt að markaðurinn hafi náð ákveðnu jafnvægi á árinu 2019.

Framleiðendur ábyrgjast tveggja ára líftíma á frosinni loðnu. Áhugi hefur oft minnkað hjá kaupendum á frosinni loðnu ári eftir framleiðsludag, þó svo það sé ekki algilt. Kaupendur eiga því erfiðara með að verja sig áföllum og sveiflum í framboði í heilli frosinni loðnu en með loðnuhrognum, þar sem líftími er styttri í heilli loðnu. Mikilvægt er að hafa í huga að það kemur engin önnur vara í stað frosinnar loðnu.

Áhrif alvarlegs vöruskorts á markaði getur haft miklar, alvarlegar og varanlegar afleiðingar. Mikil eftirspurn getur og hefur þrýst upp verðinu á loðnuafurðum í hæstu hæðir. Kaupvilji kaupenda er hins vegar takmörkunum háð. Langvarandi skortur á mörkuðum getur leitt til þess að framleiðendur skipta yfir í aðrar vörur þar sem framboð er betra og stöðugra. Framleiðendur hafa nefnt mögulegar staðgengilsvörur í stað loðnuhrogna, þegar litið er til verðs og eiginleika s.s. flugfiskahrogn og síldarhrogn. Ef kaupendur eða neytendur fá ekki þær vörur sem þeir eru vanir að kaupa getur kauphegðun þeirra breyst. Breytingin getur verið varanleg og oftast krefst það þess að eyða þarf miklum fjármunum og tíma í að vinna tapaða markaði. Öruggt er að framleiðendur staðkvæmdarvara munu nýta tækifærið, ef það gefst, til að koma vörum sínum á markað ef loðna verður ekki í boði.

Ef loðnubrestur verður árið 2020 þá er ljóst að afleidd áhrif þess munu koma fram í Vestmannaeyjum hjá framleiðanda eins og Marhólmum sem er að meirihluta í eigu Vinnslustöðvarinnar. Marhólmar hafa á s.l. árum byggt upp öfluga vinnslu á hágæða lituðum loðnuhrognum, oft nefnt Masago, sem mikið eru notuð í Sushi. Fyrirtækið hefur byggt upp sterka stöðu á alþjóðamarkaði fyrir Masago og er nú orðinn einn stærsti framleiðandi heimsins á þessum vörum. Loðnubrestur mun hafa slæmar afleiðingar fyrir framleiðslu Marhólma, enda hefur fyrirtækið byggt stóran hluta af sínum rekstri á framleiðslu loðnuhrogna. Loðnuskortur mun því alltaf hafa keðjuverkandi áhrif, innan og utan Vestmannaeyja. Að sögn innlendra framleiðenda þá eru erlendir framleiðendur sem áframvinna loðnuafurðir mjög áhyggjufullir yfir óvissu með loðnuveiðar.

Framkvæmdastjóri Vinnslustöðvarinnar sagði í viðtali[56] að markaðir með loðnuafurðir væru tómir og ef framleiðendur fá ekki loðnu þá fara þeir mjög margir á hausinn.

**Fyrirtækin í Eyjum eiga sölufyrirtæki sem verða af miklum fjármunum vegna tapaðra sölutekna. Söluþóknanir eru mjög misjafnar eftir afurðum og söluaðilum. Eftir samtöl við framleiðendur og söluaðila þá er tapaðar söluþóknanir fyrirtækjanna metnar á 145 mkr. Einhver ótiltekin fjöldi fólks vinnur við sölu sjávarafurða hjá fyrirtækjunum beint eða fyrirtækum þeim tengdum. Loðnuafurðir eru að skapa 22% af tekjum fyrirtækjanna. Því er öruggt að loðnubresturinn hefur haft áhrif á störf þessa fólks. Erfitt er að meta markaðskostnað vegna mögulegra áhrifa af vöruskorti og töpuðum mörkuðum, en um gríðarlegar fjárhæðir getur verið um að ræða ef illa fer.**

## 13.8 Íslenska ríkið

Íslenska ríkið er stærsti hagsmunaðili loðnunnar. Ríkið tekur stærstan hluta þeirra verðmæta sem skapast af loðnuvertíð og á því mest undir að vel takist til við veiðar og vinnslu á loðnu. Í vasa ríkisins rennur stærsti hluti þess fjármagns sem verður til við loðnuveiðar og -vinnslu. Tekjur ríkisins koma úr mörgum áttum: virðisaukaskattur (VSK), tekjuskattur fyrirtækja (ef það er hagnaður), fjármagnstekjuskattur (arður og vextir), tekjuskattur einstaklinga (hlutur ríkisins af staðgreiðslu skatta), veiðigjöld, kolefnisgjöld, auk ýmissa opinberra gjalda, svo fátt eitt sé nefnt. Það er einnig rétt í þessu samhengi að minnast á möguleg neikvæð áhrif á ríkið ef loðnubrestur verður. Neikvæð áhrif geta falist í atvinnuleysi og þá greiðslu atvinnuleysisbóta, ýmis neikvæð áhrif vegna brottfalls af vinnumarkaði og félagsleg vandamál því tengdu. Minni kaupgeta einstaklinga skilar sér í minni getu til að kaupa vörur og þjónustu og í versta falli getur kaupgeta einnig haft neikvæð áhrif á húsnæðismarkað, sem svo aftur getur bitnað á sveitarfélögum í formi fasteignatekna. Þriðjungur loðnukvótans er veiddur og unnin af fyrirtækjum skráðum í Vestmannaeyjum og því valda þau nærri þriðjungi skattasporsins. Nánar verður fjallað um skattaspor af loðnuveiðum og -vinnslu hér í kafla 13.12.

Hafrannsóknarstofnun stýrir vísindalegu starfi á sjávarauðlindinni fyrir ríkið. Á herðum Hafrannsóknarstofnunar er að meta stærð fiskistofna og stunda m.a. grunnrannsóknir á

[56] https://www.fiskifrettir.is/frettir/ordspor-islenskrar-sildar-i-rust/157778/

sjávarvistkerfinu í kringum Íslandi og veita stjórnvöldum ráðgjöf varðandi veiðiheimildir. Það hvílir því mikil ábyrgð á ríkinu að standa vel að rannsóknum á loðnustofninum og að það tryggi góða umgjörð í kringum starfsemi Hafrannsóknarstofnunnar þannig að hámarksafrakstur náist úr loðnustofninum. Starfsmenn Hafrannsóknarstofnunnar hafa bent á stórkostlegar gloppur í nauðsynlegri þekkingu tengda loðnunni. Vísindamenn hafa bent á að aukin óvissa hefur þýtt aukna varfærni í ráðgjöf. Það er einnig mikilvægt horfa til þess að ríkið á mikilla hagsmuna að gæta þegar litið er til annarra mikilvægra fiskistofna við Ísland eins og fyrr hefur verið fjallað um í þessari skýrslu. Íslenska ríkið og þ.a.l. stjórnvöld eiga því hagsmuna að gæta á mjög víðu sviði, efnahagslega, vísindalega og samfélaglega. Margoft hefur verið bent á, af fjölmörgum haghöfum s.s. útgerð og vísindamönnum, að öflugar grunnrannsóknir á loðnustofninum eru gríðarlega mikilvægar og að fjármunum til öflunar góðrar þekkingar er vel varið í efnahagslegu tilliti.

## 13.9 Stéttarfélög og lífeyrissjóðir

Undir flokknum stéttarfélög og tengdir aðilar eru fjölmargir aðilar í Vestmannaeyjum sem hafa mikla hagsmuni af loðnuveiðum og -vinnslu. Ekki var leitað eftir upplýsingum frá þessum aðilum utan Lífeyrissjóðs Vestmannaeyja eins og fyrr hefur verið getið. Helstu haghafar þessa flokks eru:

1. Drífandi stéttarfélag. Nánast allt fiskvinnslufólk í Vestmannaeyjum greiðir til Drífanda.
2. Sjómannafélagið Jötunn. Undirmenn á fiskiskipum eru flestir í Jötni.
3. Skipstjóra- og stýrimannafélagið Verðandi. Innan raða félagsins eru flestir skipstjórnarmenn þ.e. skipstjórar og stýrimenn í Eyjum.
4. VM - Félag vélstjóra og málmtæknimanna. Vélstjórar á sjó eru flestir í VM. Einnig er nokkur fjöldi fólks starfandi í land sem greiðir til VM. Þetta eru vélstjórar, iðnaðarmenn o.fl.
5. Verkstjórafélag Vestmannaeyja. Fjölmargir verkstjórar eru starfandi innan félagsins.
6. Önnur stéttarfélög. Einhver óþekktur fjöldi fólks starfar utan þeirra fimm félaga sem sérstaklega eru tilgreind hér að ofan. Þetta getur t.d. verið fólk í yfirstjórn og annað starfsfólk í fagfélögum.

**Áætlað er að lífeyrissjóðir hafi orðið af 135 mkr. tekjum og stéttarfélög hafi orðið af rúmlega 22 mkr. tekjum.**

## 13.10 Samfélagið í Vestmannaeyjum

Samfélagið allt í Eyjum á mikið undir loðnunni. Stór hluti tekna sjávarútvegsfyrirtækjanna kemur af loðnunni. Starfsmenn fyrirtækjanna hafa einnig mjög hátt hlutfall tekna sinna meðan á veiðum og vinnslu stendur. Margfeldisáhrif launanna eru mikil. Það eru miklir fjármunir í húfi og samfélagið spilar með. Áhrifin koma fram í kaupum á vörum og þjónustu. Velflestir, ef ekki allir Eyjamenn þekkja einhverja sem fundu fyrir loðnubrestinum. Á lítilli eyju þar sem samkenndin er sterk eru áföll eins og loðnubrestur fljótt að hafa áhrif og kvíslast um flesta kima samfélagsins.

**Óhætt er að fullyrða að það vanti a.m.k. 1 milljarð inn í hagkerfi Vestmannaeyja í formi launa. Laun starfsmanna uppsjávarfyrirtækjanna eru þar af 900 mkr. Launatekjurnar kvíslast um allt hagkerfið og veltur þar áfram með tilheyrandi margfeldisáhrifum innan Vestmannaeyja**

### 13.10.1 Þórshöfn

Ísfélag Vestmannaeyja er með öfluga uppsjávarvinnslu á Þórshöfn, bæði frystihús og fiskimjölsverksmiðju. Hagsmunir á Þórshöfn tengjast því Vestmannaeyjum sterkum böndum. Samfélögin á Þórshöfn og Vestmannaeyjum hanga því á sömu spýtunni og eiga sameiginlegra hagsmuna að gæta. Áhrifin eru fyrst og fremst stærðarlegs eðlis en einnig vegna þess að skip Ísfélagsins eru fyrst og fremst mönnuð sjómönnum frá Vestmannaeyjum. Vægi launatekna sjómanna er margfalt hærra en landverkafólks.

Á fundi[57] sveitarstjórnar Langanesbyggðar þann 7. mars 2019 kom fram að áætlað tekjutap starfsfólks Ísfélagsins yrði um 45 – 50 mkr. , ofan á það má bæta afleiddu tapi í samfélaginu vegna minni umsvifa. Áætlað tap sveitarfélags og hafnarinnar var þá metið um 25 mkr. 1. janúar 2019 voru skráðir 504 íbúar í Langanesbyggð. Tekjutap sveitarfélagsins er því tæplega 50 þús. kr. pr. íbúa.

[57] https://www.langanesbyggd.is/is/stjornsysla/fundargerdir-1/fundargerdir/sveitarstjorn/96-fundur-sveitarstjornar


Í júlí 2019 vann RR ráðgjöf minnisblað[58] fyrir Samtök sjávarútvegssveitarfélaga. Þar kemur fram að áætlað tekjutap sveitarfélagins sé 28,8 mkr. í heildina Þar af er 18,85 mkr. vegna tekjutaps hafnarsjóðs og 9,94 mkr. vegna tekjutaps sveitarsjóðs.

## 13.11 Atvinnumarkaður


Vinnumálastofnun birtir á heimasíðu sinni mikið af góðum gögnum um stöðu vinnumarkaðar s.s. atvinnuþátttöku, atvinnuleysi eftir mörgum víddum o.fl. Atvinnuleysi á árinu 2019 var að meðaltali 2,8%. fyrstu 8 mánuði ársins 2019. Atvinnuþátttaka hefur á sama tíma verið 84,4%. Íbúafjöldi á aldrinum 16 – 69 ára (vinnualdur skv. skilgreiningu Vinnumálastofnunar) er 2.868 og áætlað vinnuafl í Vestmannaeyjum því rétt rúmlega 2.400 manns. Í febrúar árið 2017 lét Vestmannaeyjabær gera könnun fyrir sig á fjölda stöðugilda í Vestmannaeyjum og voru þau þá talin vera samtals 2015.

Það er ekki sjáanlegt að loðnubrestur hafi haft áhrif á atvinnuleysi á hefðbundnu vertíðartímabili sem stendur yfir frá janúar til loka mars. Áhrif loðnuvertíðar getur teygt sig inn í apríl ár hvert. Eina sjáanlega breytingin verður yfir sumarmánuðina 2019 júní - ágúst þegar atvinnuleysi eykst nokkuð frá fyrri árum. Hlutfall fiskveiða og fiskvinnslu á þessu tímabili lækkaði á milli ára. Aðrar atvinnugreinar en sjávarútvegur hafa því haft meiri áhrif á hækkun atvinnuleysis en sjávarútvegs atvinnugreinar.


[58] http://sjavarutvegssveitarfelog.is/wp-content/uploads/2019/09/10.07.2019-Minnisbla%C3%B0-um-%C3%A1hrif-lo%C3%B0nubrests.pdf





**Mynd. Heimild: Vinnumálastofnun**





**Mynd. Heimild: Vinnumálastofnun**





**Mynd. Heimild: Vinnumálastofnun**




**Mynd. Heimild: Vinnumálastofnun**




**Mynd. Heimild: Vinnumálastofnun**




**Mynd. Heimild: Vinnumálastofnun**

## 13.12 Mat annarra aðila – skattaspor

Áhugavert er að skoða einnig mat annarra á stöðu mála. Fróðlegt er að skoða þær tölur í samanburði við niðurstöður þessarar skýrslu og það mat sem unnið var í Eyjum í mars 2019

### 13.12.1 Binni í Vinnslustöðinni. 2017 og 2019

Í lok febrúar 2017 skrifaði Sigurgeir Brynjar Kristgeirsson (Binni), framkvæmdastjóri Vinnslustöðvarinnar grein í Fréttablaðið[59]. Greinin ber heitið: ***Dæmisaga um vinning í loðnuhappadrætti***. Þar fjallar Binni m.a. um mikinn ávinning sem loðnuveiðar skapa og mikilvægi þátttöku ríkisins í rannsóknum. Binni greinir fjármuni niður á haghafa út frá 196 þús. tonna loðnuvertíð sem gæfi um 17 ma.kr. Í kjölfar loðnubrest árið 2019 áætlaði Binni að áhrifin yrðu áþekk og árið 2017[60]. Binni metur stöðuna eftirfarandi:

- Rekstrarkostnaður og þjónusta af ýmsu tagi: **7 ma.kr.** Verulegur hluti þeirra fjármuna rennur í ríkissjóð sem t.d. skattar á launagreiðslur þjónustufyrirtækjanna, hagnað þeirra og arðgreiðslur.
- Launatekjur launafólks: **3,3 ma.kr.**
- Greiðslur til lífeyrissjóða: **500 mkr.** (ríkið á þá eftir að fá sinn hlut af lífeyrisgreiðslunum!)
- Beinar tekjur ríkis og sveitarfélaga: **3,5 ma.kr.** í formi útsvars, tekjuskatts einstaklinga og fyrirtækja, veiðigjalda og fjármagnstekna, þar af er hlutur sveitarfélaga um **850 mkr.**
- Óbeinar tekjur hins opinbera: **3,5 ma.kr.** vegna kaupa fyrirtækja á þjónustu og aðföngum eins og olíu og veiðarfærum
- Skattar og gjöld af neyslu – til hækkunar á tekjum hins opinbera: ótiltekin upphæð.
- Í hlut fyrirtækjanna (rekstarafgangur) koma svo **1,7 ma.kr.** til að greiða af lánum, til fjárfestinga og arðgreiðslna.
- Hlutur fjármálastofnana í formi fjármagnskostnaðar er tæpur **1,0 ma.kr.**

[59] https://www.visir.is/g/2017170228909/daemisaga-um-vinning-i-lodnuhappdraetti

[60] https://www.mbl.is/greinasafn/grein/1715228/?t=637857823&_t=1573569512.19

### 13.12.2 Fjarðarbyggð 2019

Í byrjun mars 2019[61] lét Fjarðarbyggð vinna mat á áhrifum loðnubrests í sveitarfélaginu. 47% af loðnuaflanum á vertíðinni 2018 kom á land í Fjarðarbyggð skv. greiningunni. Eftirfarandi var meginniðurstaða Fjarðarbyggðar:

- Launatekjur munu lækka um 1,25 ma.kr.
- Inn í samfélagið mun vanta um 10 milljarða króna í útflutningstekjur.
- Laun starfsmanna í sjávarútvegi munu lækka um 13% frá fyrra ári miðað við lítt breytta loðnuvertíð á milli ára.
- Velta fyrirtækja sem eru beintengd þjónustu við sjávarútvegsfyrirtækin mun lækka um nálægt 600 mkr.

**Niðurstaða greiningar Fjarðarbyggðar er sú að tekjur sveitasjóðs og hafnarsjóðs munu lækka um 260 mkr. frá fjárhagsáætlun**


[61] https://www.fjardabyggd.is/vidburdir-frettir-og-tilkynningar/lesa-frettir-og-vidburdir/ahrif-lodnubrests

# 14 Vertíðin 2020

## 14.1 Ráðgjöf Hafrannsóknarstofnunar & horfur

Bergmálsmælingar á stærð loðnustofnsins fóru fram á rannsóknaskipinu Árna Friðrikssyni og norska uppsjávarskipinu Eros dagana 9. september – 21. október 2019. [62]


Rannsóknasvæðið náði frá landgrunninu við Austur Grænland frá um 75°00'N og suðvestur með landgrunnskanti Grænlands suður fyrir 64°N, en auk þess til Grænlandssunds, Íslandshafs, hafsvæðisins vestan Jan Mayen auk Norðurmiða. Myndin hér að neðan sýnir leiðangurslínur rannsóknarskipanna Bjarna Sæmundssonar, Árna Friðrikssonar og EROS í september 2019.




**Mynd. Heimild: Hafrannsóknarstofnun**

[62] https://www.hafogvatn.is/is/midlun/frettir-og-tilkynningar/nidurstodur-maelinga-a-staerd-lodnustofnsins-i-september-oktober-2019

Loðna fannst víða á rannsóknasvæðinu (myndin hér að neðan). Ungloðna, sem myndar hrygningar- og veiðistofninn á vertíðinni 2020/2021, var vestast og sunnan til á svæðinu en eldri loðna var mest áberandi norðar á landgrunni Grænlands, austan við Scoresbysund. Lítið fannst af fullorðinni loðnu innan íslenskrar lögsögu og var útbreiðsla loðnunnar vestlæg, líkt og verið hefur undanfarin ár. Þó var minna um loðnu norðanvert á rannsóknasvæðinu en verið hefur undanfarin ár og ekkert fannst norðan við 71°30. Myndin hér að neðan sýnir útbreiðsla loðnu í september - október 2019.




**Mynd. Heimild: Hafrannsóknarstofnun**

Heildarmagn loðnu mældist 795 þúsund tonn og þar af var metin stærð veiðistofns vertíðarinnar 2019/2020 einungis um 186 þúsund tonn. Töluvert var hinsvegar um ungloðnu og mældust tæplega 83 milljarðar eða 608 þúsund tonn af ókynþroska loðnu en samkvæmt aflareglu þarf yfir 50 milljarða til að mælt verði með upphafsaflamarki fiskveiðiársins 2020/2021. Gögn um niðurstöður ungloðnumælinganna verða lögð fyrir Alþjóðahafrannsóknaráðið (ICES) sem mun veita ráð um upphafsaflamark vertíðarinnar 2020/2021 þann 29. nóvember.

Gildandi aflaregla byggir á því að skilja eftir 150 þúsund tonn til hrygningar í mars 2020 með 95% líkum. Tekur aflareglan tillit til óvissumats útreikninganna, vaxtar og náttúrulegrar dánartölu loðnu, auk afráns þorsks, ýsu og ufsa á loðnu. Í samræmi við ofangreinda aflareglu ráðleggur[63] Hafrannsóknastofnun að ekki verði leyfðar loðnuveiðar á vertíðinni 2019/2020. Hafrannsóknastofnun mun að vanda mæla veiðistofn loðnu í janúar og febrúar 2020 og endurskoða ráðgjöfina í ljósi þeirra mælinga. Nánari upplýsingar varðandi málið, s.s. tækniskýrslu má lesa á heimasíðu Hafrannsóknarstofnunarinnar[64]

Þann 15. janúar 2020 hófu 5 skip leit og mælingar á loðnu. Þrjú skipanna, rannsóknarskipið Árni Friðriksson, Hákon EA og grænlenska skipið Polar Amaroq eiga að sjá um magnmælingar meðan að tvö skip, Bjarni Ólafsson AK og Ásgrímur Halldórsson SF, eru nokkurskonar undanfarar og er þeim ætlað að afmarka dreifingu loðnunnar á útjöðrunum svo hægt sé að ná mælingu á sem skemmstum tíma[65].

**Samandregið.** Þann 17. október 2018 birti Hafrannsóknarstofnun samskonar ráðgjöf á loðnustofninum[66]. Þá var hrygningarstofn loðnunnar metinn 238 þús. tonn. Nú er hann hins vegar metinn 186 þús. tonn. Þarna munar 52 þús. tonnum eða lækkun um tæp 22%. Útlitið er því dekkra fyrir árið 2020 en árið 2019, enda er niðurstaðan eftir haustmælinguna sú versta á stofninum síðan haustmælingar byrjuðu árið 2010. Niðurstöður leiðangursins byggja á umfangsmikilli yfirferð. Almennt fannst lítið af kynþroska loðnu á leitarsvæðinu og engin loðna fannst austanvert í Íslandshafi eða við Jan Mayen. Talið er að tekist hafi að dekka þekkt útbreiðslusvæði stofnsins.

Þorsteins Sigurðssonar hjá Hafró sagði[67] ljóst að framleiðslugeta loðnustofnsins hafi verið skert í nokkuð langan tíma. Það sjáist vel með því að bera saman veiðar á 20 ára tímabili fyrir aldamót þegar meðalafli var rúmlega 900 þúsund tonn á ári, en síðustu 15 ár hafi meðalaflinn verið rétt rúmlega 300 þúsund tonn.

[63] https://www.hafogvatn.is/static/extras/images/LodnaHaust20191167295.pdf

[64] https://www.hafogvatn.is/is/veidiradgjof/lodna

[65] https://www.hafogvatn.is/is/midlun/frettir-og-tilkynningar/lodnumaelingar-hafnar

[66] https://www.hafogvatn.is/static/extras/images/LodnaHaust20181100274.pdf


[67] https://www.mbl.is/mogginn/bladid/grein/1736819/?t=802726004&_t=1572805589.1

Ljósið í myrkrinu er að loðnustofninn hefur margoft komið mannfólkinu verulega á óvart. Það jákvæða úr haustmælingunni 2019 er að vísitala ungfisks er sú hæsta síðan árið 2010. Þorsteinn taldi það gefa góðar vonir um vertíð veturinn 2021. Hins vegar séu óvissuþættir varðandi afföll og það hvernig ungfiskurinn reiðir af. Gert

## 14.2 Horfur á mörkuðum. Heimsókn japanskra fiskkaupenda til Íslands

Miðvikudaginn 22. janúar 2020 var haldið mánaðarlegt sjávarútvegserindi í Þekkingarsetri Vestmannaeyja. Fulltrúar frá sjávarvarútvegsfyrirtækjunum Maruha Nichiro, Okada Suisan and Azuma foods fluttu erindi. Fimmtíu manns mættu til að hlýða á fulltrúa japönsku fyrirtækjanna. Þrír aðilar, einn frá hverju fyrirtæki, fluttu erindi og svöruðu spurningum gesta í lokin.

Þeir sem fluttu erindin voru: Yohei Kitayama frá VSV Japan (Vinnslustöðin), fyrir hönd, Okada Suisan, Tamura Takahiro frá Azuma Foods International og Hiroshi Yamazaki frá Maruha Nichiro



**Mynd: Fulltrúar japönsku fiskkaupenanna sem héldu erindi í Þekkingarsetrinu**

Umræðuefnin voru þrjú: 1) markaðir fyrir sjávarafurðir í Japan, 2) kaupendur sjávarafurða og 3) áhrif loðnubrests á japanska fiskframleiðendur.

Maruha Nichiro er stærsta sjávarútvegsfyrirtæki heims. Velta fyrirtækisins á árinu 2018 var 920 milljarðar japanskra yena (JPY) eða meira en billjón (1032 milljarðar)

íslenskar krónur (ISK). Tekjur félagsins voru því meira en fjórfaldar heildarútflutningstekjur íslensks sjávarútvegs á því ári. Út frá öðrum samanburði, þá voru heildartekjur Maruha 22% hærri en heildartekjur íslenska ríkisins árið 2018. Því má með sanni segja að um risafyrirtæki sé að ræða. Fyrirtækið stundar m.a. fiskveiðar og fiskeldi. Maruha stundar einnig aðra framleiðslu s.s. á margskonar kjöti og lyfjaiðnaði. Fyrirtækið vinnur matvæli á ýmsum framleiðslustigum allt frá frumframleiðslu til fullunninna vara fyrir neytendamarkað.

Azuma food er stærsti framleiðandi á loðnuhrognum í heiminum. Okada Suisan er stærsti framleiðandi á unnum loðnuafurðum í Japan og þá jafnframt í heiminum. 50% af tekjum fyrirtækisins koma frá loðnuafurðum.

Öll japönsku fyrirtækin eru með starfsemi í fleiri en einu landi. Þau nota mikið af sjávarafurðum frá Íslandi s.s. loðnu, loðnuhrogn, makríl, síld, karfa, grálúðu o.fl. í sölu sinni og framleiðslu. Fisktegundir með hátt fituhlutfall eru vinsælar í Japan.

Japönsku fyrirtækin þrjú eru stærstu kaupendur loðnuafurða í Japan. Ein meginástæðan fyrir komu Japanana til landsins var að kynna fyrir stjórnvöldum á Íslandi hver möguleg áhrif loðnubrest hefði á fyrirtæki og markaði í Asíu. Árið 2019 voru engar veiðar á loðnu heimilaðar við Íslandsstrendur og var þá talað um loðnubrest. Útlitið er ekki bjart varðandi loðnuvertíð árið 2020. Gríðarlegt áfall yrði þá á nýjan leik, eins og árið 2019, fyrir samfélög eins og t.d. Vestmannaeyjar, sem reiða sig mjög á loðnuveiðar og -vinnslu. Undir eðlilegum kringumstæðum ætti vetrarloðnuvertíð að vera hafin við Ísland. Loðnuvertíð ætti þá að standa yfir frá janúar – mars.

Árlega eru flutt út um 23 – 25 þús. tonn af loðnuafurðum til Japans frá Íslandi, Noregi og Kanada til samans. Þar af er útflutningur frá Íslandi um 11 – 15 þús. tonn. Árið 2019 voru flutt út tæp 6 þús. tonn frá Íslandi, þrátt fyrir loðnubrest það ár. Seldar afurðir árið 2019 komu frá framleiðslu síðustu ára. Engar birgðir af loðnu eru nú til staðar á Íslandi og loðnubirgðir í Japan duga fram í júní 2020, skv. upplýsingum kaupenda. Því skiptir gríðarlegu máli fyrir japönsku fyrirtækin að fá loðnu frá Íslandi á þessu ári til að viðhalda mörkuðum með loðnuafurðir. Ísland og Noregur hafa verið helstu framleiðslulönd loðnuafurða. Veiðar Norðmanna á loðnu úr Barentshafi voru bannaðar á árinu 2019 og engar veiðar verða heldur leyfðar þar á árinu 2020. Lítilsháttar magn af loðnu er veitt í Kanada.

Japönsku fyrirtækin þurfa a.m.k. 10 þús. tonn af loðnuafurðum á árinu 2020 til að viðhalda mörkuðum svo ekki komi til framleiðslustöðvunar. Ef til framleiðslustöðvunar kemur þá gera japönsku fyrirtækin ráð fyrir að það muni hafa áhrif á störf 3000 starfsmanna í 20 framleiðsluverksmiðjum á þeirra vegum. Í versta falli mun loðnubrestur leiða til mikilla uppsagna fyrir stafsfólkið.

Útflutt magn af loðnuhrognum frá Íslandi minnkaði mjög mikið á árinu 2019 þegar 6500 tonn voru flutt út. Meðalútflutningur á árabilinu 2015 – 2018 var 11.500 tonn. Hrognaútflutningurinn minnkaði því um tæpan helming frá meðaltali fyrri ára.

Japönsk matarhefð hefur á stuttum tíma vaxið mjög um víða veröld. Frá aldamótunum síðustu hefur heimsframboð af loðnuafurðum minnkað til muna. Á sama tímabili hefur orðið sprenging í fjölgun veitingastaða á heimsvísu sem bjóða upp á japanska matarhefð s.s. sushi. Um aldamótin voru um 30 þús. veitingastaðir í heiminum sem buðu upp á japanska matarhefð en árið 2020 eru veitingastaðirnir orðnir um 150 þús. eða nærri því fimmföldun á þessum 20 árum. Þar af eru um 100 þús. veitingastaðir staðsettir í Asíu, 30 þús. veitingastaðir í Bandaríkjunum og 20 þús. veitingastaðir í Evrópu og Afríku. Vinsældir japanskrar matarhefðar hafa einnig vaxið á neytendavörumarkaði. Japönsk matvæli eru vinsæl í matvöruverslunum víða um veröld.

Ef loðnuveiðar verða ekki heimilaðar árið 2020 þá þurfa japanskir kaupendur sem um áratugaskeið hafa keypt loðnuhrogn í framleiðslu sína að skipta yfir í síldarhrogn úr Norðursjó. Hrognin þaðan hafa þeir keypt frá Danmörku, Þýskalandi, Noregi, Hjaltlandseyjum (Shetland Islands) og Skotlandi. Í ágúst og september 2019 framleiddu þessar þjóðir 5000 tonn af síldarhrognum fyrir Japansmarkað. Framleiðsla þessara þjóða á síldarhrognum verður aukin ef það kemur til loðnubrests á árinu 2020 á Íslandi, þ.e. ef það verður hráefnisskortur á mörkuðum. Norskir framleiðendur stefna einnig á að framleiða síldarhrogn úr norsk-íslenskri síld í febrúar og mars 2020. Það magn kemur þá til viðbótar við framleitt magn úr Norðursjó.

Japanskir kaupendur vonast til þess að hægt verði að gefa út a.m.k. 100 þús. tonna loðnukvóta á Íslandi árið 2020. 50 þús. tonn þarf til að framleiða 10 þús. tonn af hrognafullri kvenloðnu og 50 þús. tonn þarf til að framleiða 5 þús. tonn af loðnuhrognum, sem er nægilegt magn til að viðhalda mörkuðum.

Umræða um loðnuhrogn var fyrirferðarmikil. Hiroshi Yamazaki fulltrúa Maruha var spurður um gæði loðnuhrogna. Að hans mati eru mestu gæðin í loðnuhrognum frá

Vestmannaeyjum. Ástæðuna taldi hann vera nálægð Vestmannaeyja við fiskimiðin þegar loðnan hentar best til hrognatöku. Nálgæðin skiptir miklu máli varðandi ferskleika. Einnig kom fram hjá honum að vinnsluaðferðir og búnaður væri betri í Vestmannaeyjum en annarsstaðar á landinu, sem skilaði sér í betri afurðum. Vörumerkjaímynd Vestmannaeyja í framleiðslu á loðnuhrognum eru sú sterkasta meðal japanskra kaupenda að hans mati.

Í máli Japanana kom fram að íslenska loðnan er að seljast á hærri verðum heldur en sú norska. Ein skýringin er sú að loðnan við Ísland er heldur stærri en sú norska. Loðna frá Kanada hefur svo verið ódýrust. Óstöðugleiki í framboði á loðnu frá Noregi hefur gert Norðmönnum erfitt fyrir að tryggja stöðu sína á markaði og endurnýja framleiðslutæki sín. Það hefur skilað sér í lægra verðum en íslenskir framleiðendur fá.

Japanarnir hafa einnig verið spurðir hvort að loðna frá Kanada geti komið í stað loðnu frá Íslandi. Í máli þeirra kom fram að loðna frá Íslandi er feitari en sú sem veiðist við Kanada. Japanir þekkja bragðið á loðnunni frá Íslandi og líkar það vel. Japanskir fiskframleiðendur eru hræddir við að taka magrari loðnu inn á Japansmarkað en þá íslensku. Magrari loðna getur valdið vonbrigðum meðal viðskiptavina með tilheyrandi neikvæðum áhrifum á framtíðarsölu loðnuafurða. Mögulega verður frekar farin sú leið að bjóða ekki upp á loðnu frekar en að taka loðnu frá Kanada.

Ef til vöruskorts kemur með loðnuafurðir þá getur það haft afdrifaríkar afleiðingar. Framboð á loðnuafurðum frá Íslandi hefur verið mjög stöðugt og afhendingaröryggið mikið. Það hefur skapað loðnuafurðum sterka stöðu á mörkuðum, skilað háu verði og miklum tekjum fyrir Ísland. Þrátt fyrir sveiflur í loðnuveiðum í gegnum tíðina þá hafa japanskir kaupendur aldrei áður staðið frammi fyrir jafn alvarlegum vöruskorti á loðnuafurðum, enda í fyrsta skipti sem loðnuveiðar eru ekki heimilaðar við Ísland tvö ár í röð. Loðnubrestur í Noregi á sama tíma hefur ekki bætt ástandið.

Í máli Japanana kom fram að það getur tekið langan tíma, eða um 6 – 12 mánuði að skipta út vörum sem aðilar á markaði hafa samþykkt og taka jafnframt inn nýjar afurðir til samþykktar, s.s. í matvöruverslunum. Kostnaður samfara því getur verið mikill og viðskiptavinir gætu mögulega hætt að kaupa vörur sem koma að nýju inn á markað eftir vöruskort. Staðan er því mjög viðkvæm.

# 15 Niðurstöður

Loðnubresturinn árið 2019 hafði gríðarlega mikil áhrif í Vestmannaeyjum, sem og á fleiri stöðum á Íslandi þar sem samfélög eiga mikilla hagsmuna að gæta af loðnuveiðum og -vinnslu. Höggið var þungt.

Í kjölfar loðnubrestsins varð samfélagið í Eyjum á margan hátt varnarlaust gagnvart neikvæðum áhrifum. Atvinnulífið er mjög einhæft, sjávarútvegurinn hefur verið allsráðandi frá upphafi byggðar í Eyjum. Allt atvinnulíf í Eyjum er gríðarlega háð góðum og öflugum samgönum á sjó og lofti. Það fylgja ýmsir annmarkar að vera staðsettur á Eyju. Samgöngur milli lands og Eyja hafa verið mjög gagnrýndar á síðustu árum. Atvinnulífið í Eyjum hefur á margan hátt verið bundið við starfsemi í Eyjum. Fyrirtæki hafa veigrað sér að leita verkefna á fastalandinu og starfsmenn sækja vart daglega vinnu í öðrum sveitarfélögum. Ferðaþjónustan hefur verið sterk innspýting fyrir mörg sveitarfélög og fyrirtæki á Íslandi, ekki síst þau sem liggja næst höfuðborgarsvæðinu og á Suðurlandi. Ferðaþjónusta í Eyjum hefur ekki notið ávinnings af þessum mikla ferðamannastraumi. Ferðaþjónusta og iðnaður í Eyjum hefur því ekki getað veitt það sterka vægi sem hún hefur veitt víða annarsstaðar. Ein af niðurstöðum þessar skýrslu er að það þarf sterka innviði s.s. í samgöngum til að fjölga ferðamönnum og efla ferðaþjónustu sem og til að auka flæði vinnuafls milli landshluta s.s. í iðnaði. Annað málefni þessu tengdu eru orkuinnviðir og orkuöryggi. Mikilvægt er að tryggt verði að öflugir innviðir láti hjól atvinnulífsins ganga, en verði ekki til þess að þeir stöðvist. Innviðir í mannauði eða umgjörð samfélagsins er ekki veiki hlekkurinn.

Utanaðkomandi áhrif hafa haft mjög mikil áhrif á loðnuveiðar og -vinnslu. Gengi helstu viðskiptamynta sjávarafurða hefur verið hagfellt á undanförnum misserum, fiskverð hefur hækkað í erlendri mynt. Makrílveiðar og veiðar á norsk-íslenskri síld gengu vel á árinu 2019. Það var gott mótvægi við loðnuna. Hins vegar er mikil óvissa með loðnuveiðar árið 2020 og er útlitið hreint ekki bjart. Horfur á mörkuðum eru mjög tvísýnar. Markaðir með loðnuafurðir eru tómir og áhrif þess geta verið mjög alvarleg ef allt fer á versta veg.

Fyrirtæki í Eyjum tóku á sig mikinn skell við loðnubrestinn. Það urðu ekki miklar uppsagnir og svo virðist sem að lítil breyting hafi orðið á atvinnuleysi. Fyrirtæki virðast hafa fundið starfsfólki sínu önnur verkefni. Vinnutíminn virðist hins vegar hafa minnkað.

Starfsfólk tók líka á sig skell. Á heildina litið virðast laun hafa minnkað nokkuð. Hagur launþega í Vestmannaeyjum umfram aðra launþega á landinu hefur verið minni ef litið er til fyrstu 9 mánaða ársins. Þetta staðfesta tölur um útsvar.

Atvinnulíf í Eyjum virðist hafa rétt nokkuð úr kútnum þegar leið á árið 2019, eftir áfallið í upphafi árs 2019 þegar litið er til útsvarsþróunar. Laun hækkuðu nokkuð og nálguðust landsmeðaltal. Ef hins vegar er litið á almennrar launahækkunar í landinu og leiðrétt fyrir þeim þá virðist sem að rauntekjur hafi lækkað. Í öllu falli þá verður ekki litið fram hjá því að loðnuvertíð 2019 hefði skapað miklar tekjur í Eyjum. Þær tekjur hefðu sannarlega haft jákvæð áhrif í Eyjum.

Varnarleikur fyrirtækja fólst ekki í uppsögnum og sölu eigna. Mögulega hefur samfélagleg ábyrgð haft eitthvað um það að segja. Það verður þó ekki hjá því litið að það fækkaði um eitt uppsjávarskip og með því töpuðust störf. Óverulegar eignir voru settar á sölu. Margir aðilar úr atvinnulífinu töluðu um að fyrirtækin hefðu tekið höggið á sig árið 2019 en ef annar brestur verður á árinu 2020 þá muni það hafa alvarlegri afleiðingar en árið 2019.

Íbúum í Vestmannaeyjum hefur fjölgað á árinu 2019 og eru það góð merki um styrkleika samfélagsins. Eyjamenn hafa löngum staðið saman þegar á móti blæs og tekið á áföllum í sameiningu. Á árinu 2019 birti Nordregio niðurstöður umfangsmikillar rannsóknar sinnar á seiglu meðal norræna sveitarfélaga. Þar kemur skýrt fram hversu mikil seigla og samheldni er í samfélaginu í Eyjum. Loðnubresturinn er ekki fyrsta áfallið sem dynur á samfélaginu í Eyjum og heldur ekki fyrsta loðnuleysið – það sést þegar sagan er skoðuð.

Sjávarútvegurinn í Eyjum velti 37 ma.kr. á árinu 2018. Þar af veltu uppsjávarfyrirtækin þrjú um 27 ma.kr. Vægi loðnu í veltu fyrirtækjanna þriggja var um 22% á árinu 2018. Nærri 250 manns koma að loðnuveiðum og vinnslu. Þar af um 230 hjá uppsjávarfyrirtækjunum. 30% starfsmanna þeirra eru sjómenn og 70% starfa í landvinnslunni. Hins vegar snýst þetta við hvað launin varðar. Sjómenn fá 70% launanna en landverkafólkið 30%. Þarna er ekki litið til vinnutíma eða vinnuframlags heldur fjölda starfsmanna. Áhrif á sjómenn á uppsjávarskipunum og þeirra sem vinna í fiskimjölsverksmiðjunum voru meiri heldur en þeirra sem unnu í landvinnslu.

Afurðaverð á loðnu rauk upp í hæstu hæðir á árinu 2019, langt umfram aðrar sjávarafurðir. Framleiðendur og kaupendur loðnuafurða eru mjög uggandi yfir stöðu og horfum með loðnuveiðar árið 2020. Ef markaðir með loðnuafurðir tæmast getur það haft gríðarlega alvarlegar afleiðingar í för með sér.

Uppsjávarútgerðirnar í Eyjum eiga ekki einungis hagsmuna gæta hvað snertir eigin rekstur. Fyrirtækin eiga hlut í fjölmörgum félögum bæði innanlands og í útlöndum sem byggja afkomu sína að stórum hluta á loðnu. Viðskiptasaga aðila í Eyjum með loðnuafurðir er orðin löng. Sterk viðskiptasambönd hafa myndast og þau eru verðmæt.

Ein af stóru niðurstöðunum er sú að mikið vantar upp á rannsóknir og þekking á loðnu - það er óumdeilt. Stjórnvöld eiga mestra hagsmuna að gæta, bæði efnahagslega og samfélagslega. Það er gríðarlega mikilvægt að fjármunum verði varið í rannsóknir tengdar loðnunni sem tryggja megi sem best afrakstur hennar. Hvort sem það er út frá veiðum og vinnslu á loðnu, öðrum mikilvægum fisktegundum, eða út frá hagsmunum sjávarvistkerfisins í kringum Ísland.

- Vænt laun starfsmanna uppsjávarfyrirtækjanna eru metin **905 mkr.** Hjá fyrirtækjunum starfa **230 starfsmenn** við veiðar og vinnslu á loðnu. Tímabilið reiknast sem rúm **35 ársverk.** Auk þeirra starfa 20 manns við störf sem hefur verið úthýst úr fiskvinnslunni og við stoðþjónustu. Samtals 250 starfsmenn

- Iðnfyrirtækin í Eyjum töldu sig hafa orðið af **250 – 300 mkr.** tekjum vegna loðnuvertíðarinnar 2019. Loðnubresturinn hafði áhrif á **40 – 50 starfsmenn**. **8,5 ársverk** töpuðust.

- Þjónustufyrirtækin töldu sig hafa orðið fyrir **450 mkr.** tekjutapi vegna loðnuvertíðarinnar 2019. **40 starfsmenn** þessara fyrirtækja koma að loðnuvertíð í **12 ársverkum**.

- Fyrirtæki í almennri verslun og þjónustu töldu sig hafa orðið fyrir **15 - 20 mkr.** tekjutapi vegna loðnuvertíðarinnar 2019. Áhrifin hefðu bitnað á **15 starfsmönnum** í **3 ársverkum**.

- Áætlað er að uppsjávarfyrirtækin þrjú hafi orðið af rúmlega **7,6 ma.kr.** tekjuskerðingu vegna loðnubrests árið 2019. Þá er einungis horft til veiða- og vinnslu móðurfélags.

- Áætlað er að Vestmannaeyjabær og Vestmannaeyjahöfn hafi samanlagt orðið af **161 mkr.** tekjuskerðingu vegna loðnubrests árið 2019.

- Áætlað er að lífeyrissjóðir hafi orðið af **135 mkr.** tekjum og stéttarfélög hafi orðið af rúmlega **22 mkr.** tekjum vegna loðnubrests árið 2019.

- Áætlað er að væntar söluþóknanir sölufyrirtækja í eigu fyrirtækja í Eyjum hefðu numið **145 mkr.** vegna loðnuvertíðar 2019.

## Samandregið – áhrif loðnubrests árið 2019

- **Loðnubresturinn hafði bein áhrif á samtals 350 starfsmenn í Vestmannaeyjum**
- **Loðnubresturinn er ígildi 60 ársverka í Vestmannaeyjum eða nærri 3% ársverka**
- **Tapaðar launatekjur í Vestmannaeyjum eru a.m.k. 1 milljarður**
- **Uppsjávarfyrirtækin urðu af 7,6 ma.kr. tekjum**
- **Önnur fyrirtæki í Eyjum urðu af rúmlega 900 mkr.**
- **Vestmannaeyjabær varð af rúmlega 160 mkr. í töpuðu útsvari**
- **Stéttarfélög og lífeyrissjóðir urðu af 160 mkr. inngreiðslum**

# 16 Lokaorð

Vinnan við þessa skýrslu hefur verið mun umfangsmeiri en áætluð var í upphafi. Ógerlegt var að meta áhrif loðnubrestsins með þeim hætti sem nú hefur verið gert fyrr en líða fór á árið 2019. Áhrifin voru einfaldlega ekki komin fram og fjölmargar forsendur lágu ekki fyrir. Enn er ýmislegt sem hefur ekki komið fram. Einhverstaðar verður að stöðva og meta áhrifin. Meginatriðin liggja fyrir.

Höfundur tók ákvörðun um að miðla eins miklu af því efni sem hann aflaði við gerð skýrslunnar til að auka hagnýtt gildi vinnunnar. Í skýrslunni eru á annað hundrað gröf til útskýringar og til að auka aflestur. Auk þess eru fjöldi mynda og korta til að styðja við efnið. Það fennir fljótt í sporin og því mikilvægt að halda vel utan um söguna og þau gögn sem safnast hafa. Gögnin eiga örugglega eftir að nýtast síðar meir þó hagnýtingin sjáist e.t.v. ekki strax. Fólk púslar mismunandi brotum upp í eigin mynd, góður efniviður og grunnur er í skýrslunni. Höfundur er sannfærður um að gögnin eigi eftir að nýtast á fjölbreyttum vettvangi ekki síst á meðal uppsjávarfyrirtækjanna sem og fyrir Vestmannaeyjabæ.

Haghafar loðnunnar sem rætt var við höfðu frá mjög miklu að segja. Greinilegt er að af loðnan skiptir samfélagið og atvinnulífið í Eyjum miklu máli. Þessu efni varð að koma til skila með góðum hætti. Sökum þess hefur á köflum verið farið aðeins út fyrir slóðann sem markaður var í upphafi. Allt hefur sinn tilgang.

Það er von höfundar að sem flestir hafi gagn af skýrslunni og að hún megi verða til upplýsandi umræðu um loðnu og að efni hennar nýtist til að efla samfélag og atvinnulíf í Eyjum, sem og í þeim samfélögum sem byggja afkomu sína á loðnunni.


Höfundur telur að þeim markmiðum og tilgangi sem stefnt var að í upphafi með gerð þessarar skýrslu og getið var um í upphafi hafi verið náð.

# 17 Viðaukar

Við vinnslu þessarar skýrslu hefur orðið til mjög mikið magn gagna. Mest af gögnunum rataði í meginefni skýrslunnar. Höfundi þótti viðeigandi að birta nánari ítargögn og sögulegar upplýsingar í viðauka. Fyrir áhugasama þá getur verið fróðlegt að skoða málefnin í sögulegu ljósi. Verðmæti eru ekki núvirt né staðvirt. Því er mikilvægt að horfa til þess þegar verðmæti eru sett í samhengi eða borin saman. Einnig er mikilvægt að horfa til samspil verðs og gengi gjaldmiðla.

## 17.1 Loðnuafli 1962 – 2016[68]og -verðmæti á mismunandi tímabilum


Aflaverðmæti er í íslenskum nýkrónum.





**Mynd. Heimild: Hagstofa Íslands**

68


http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Sogulegar/Sogulegar__sogul_sjavarutvegur/SOG16001.px/table/tableViewLayout1/?rxid=b90f5f09-301d-41e2-b44c-4933ecbae46d





**Mynd. Heimild: Hagstofa Íslands**





**Mynd. Heimild: Hagstofa Íslands**





**Mynd. Heimild: Hagstofa Íslands**





**Mynd. Heimild: Hagstofa Íslands**





**Mynd. Heimild: Hagstofa Íslands**




**Mynd. Heimild: Hagstofa Íslands**





**Mynd. Heimild: Hagstofa Íslands**





**Mynd. Heimild: Hagstofa Íslands**


## 17.2 Ráðstöfun loðnuafla íslenskra skipa 2011 - 2018




**Mynd. Heimild: Hagstofa Íslands**





**Mynd. Heimild: Hagstofa Íslands**





**Mynd. Heimild: Hagstofa Íslands**


## 17.3 Afli íslenskra fiskiskipa 1896 - 2016





**Mynd. Heimild: Hagstofa Íslands**





**Mynd. Heimild: Hagstofa Íslands**





**Mynd. Heimild: Hagstofa Íslands**





**Mynd. Heimild: Hagstofa Íslands**





**Mynd. Heimild: Hagstofa Íslands**




**Mynd. Heimild: Hagstofa Íslands**




**Mynd. Heimild: Hagstofa Íslands**




**Mynd. Heimild: Hagstofa Íslands**